ORRI PÉTURSSON

*Nýtir hvern sólskinsdag til að grilla*

matur helgin

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




ÓLI TYNES

*Veiðir antílópur og vörtusvín í Afríku*

Át hráa lifur og er innvígður í hóp veiðimanna.

FÓLK 50



OPNUNARHÁTÍÐ Í DAG
NÝR VERSLUNARKJARNI Í HJARTA GARÐABÆJAR
Sjá aukablað í Fréttablaðinu í dag

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. júní 2008 — 166. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

## FÖSTUDAGUR

### Trónir á toppnum



Guðfaðirinn er besta glæpamynd sögunnar samkvæmt Bandarísku kvikmyndastofnuninni.

FÓLK 42

### Hannes og háskólinn

Í framhaldi af grein um Hannesarmálið 1988 fjallar Svanur Kristjánsson um Hannesarmálið 2008 og áhrif þess á sjálfstæði Háskóla Íslands.

UMRÆÐAN 29

### Þjóðverjar í undanúrslit



Þýskaland var fyrsta liðið til að tryggja sig í undanúrslit á EM eftir sigur á Portúgal í mögnuðum leik.

ÍÞRÓTTIR 46

FÖSTUDAGUR

### Ragnhildur Ágústsdóttir

Opnar fyrstu myndlistarsýninguna á æskuslóðum í Stykkishólmi.




FÖSTUDAGUR FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

### VEÐRIÐ Í DAG




**VÍÐA BJART** Í dag verða 5-10 m/s austan til, annars hægari. Skýjað og lítilsháttar væta eystra, annars hálf- eða léttskýjað og sums staðar síðdegisskúrir. Bjartast vestast. Hiti 8-14 stig, svalast norðaustan til.

VEÐUR 4

# Íbúðalánasjóður er nú bjargvætturinn

**Ríkisstjórnin kynnti breytingar á Íbúðalánasjóði í gær. Breytingunum er almennt fagnað. Flokksformaður VG segir marga í stjórnarliðinu hafa viljað Íbúðalánasjóð feigan. Bankastjóri Landsbanka hefur efasemdir um aukin umsvif sjóðsins.**

**EFNAHAGSMÁL** Íbúðalánasjóður mun veita allt að áttatíu prósenta lán af kaupverði eigna og hækka hámarkslán úr átján milljónum í tuttugu, samkvæmt endurbótum á reglum sjóðsins sem ráðherrar ríkisstjórnarinnar kynntu á fundi með aðilum vinnumarkaðarins í gær.

Samkvæmt hugmyndunum verða tveir nýir lánaflokkar stofnaðir til að lána bönkum til endurfjármögnunar á íbúðalánum og fjármögnunar á nýjum íbúðalánum. Þá verður útgáfa stuttra ríkisbréfa aukin.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, fagnar aðgerðum ríkisstjórnarinnar en telur að þær hefðu mátt koma fyrr. „Það er ákaflega athyglisvert að bjargvætturinn núna verði Íbúðalánasjóður, sem bankarnir og margir í stjórnarliðinu hafa viljað feigan. Það verður gaman að vita hvort hann fær nú að vera í friði um sinn úr því að hann á að bjarga málum,“ segir hann.

Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans, fagnar því að gripið verði til aðgerða til að koma hreyfingu á skuldabréfa- og gjaldeyrismarkað. „Ég tel að hér sé um sértækar aðgerðir að ræða sem miðist við núverandi ástand. Þær eru til þess fallnar að bæta lausafjárstöðu og koma lífi í íbúðamarkaðinn líkt og seðlabankar og ríkisstjórnir hafa verið að gera að undanförnu á öðrum mörkuðum. Ég held að það sé af hinu góða. Hitt er að ég hef efasemdir um að auka umsvif Íbúðalánasjóðs og hækka lánsheimildir þar,“ segir hann.

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaforseti ASÍ, telur aðgerðirnar jákvæðar. „Ég er fegin að þetta er komið fram. Þessar aðgerðir voru orðnar tímabærar og ættu að geta liðkað fyrir og hjálpað fólki sem hefur lent í vandræðum með íbúðakaup.“

Hannesi G. Sigurðssyni, aðstoðarframkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins, líst vel á aðgerðirnar. Markmið þeirra sé hófstillt og raunhæft til að reyna að mýkja niðursveifluna og koma í veg fyrir að hún verði of brött niður. Hann telur að þær virki ekki hvetjandi á verðbólguna.

- ghs / sjá síðu 4



**TJALDAÐ Í ROKINU** Íslensk náttúra er ekkert lamb að leika sér við. Það fengu þessir þýsku ferðamenn að sannreyna þegar þeir voru að búa sér næturstað í Landmannalaugum í gær. En þó að fokið hafi í tjöldin þótti ferðamönnunum gaman að eiga við þessar aðstæður svo ekki fauk í neinn þrátt fyrir vandræðin. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Borgarstjóri vill endurvekja næturstrætó heim úr miðborginni:

# Borgin greiði fyrir næturstrætó

**SAMGÖNGUR** Borgarstjóri vill endurvekja næturstrætisvagna til að koma fólki heim úr miðborginni á helgarnóttum. Borgin myndi ein greiða kostnað við þessa viðbótarþjónustu.

Stefnt er að því að vagnar fari í úthverfi borgarinnar á klukkustundar fresti milli klukkan þrjú og fimm, segir Ólafur F. Magnússon borgarstjóri.

Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætó BS, segir hugmyndir borgarstjóra hafa verið ræddar á fundi í gær, en málið sé á byrjunarreit. Forsvarsmenn Strætó munu í framhaldinu kanna kostnað við næturvagnana, og kynna borgarstjóra niðurstöðuna í næstu viku.

Þá hefur borgin samið við Öryggismiðstöðina um gæslu í miðborginni á helgarnóttum, til reynslu í þrjár vikur. Miðborgarþjónar taka til starfa í fyrsta skipti í kvöld.

- bj / sjá síðu 6

Landsmót í vændum:

## Hilux fyrir heimsmet

**HESTAMANNAMÓT Falli heimsmet í 100 metra skeiði á komandi Landsmóti hestamanna hefur helsti styrktaraðilinn, Toyota, heitið því að gefa sigurvegaranum sérútbúinn Toyota Hilux Adventure-pallbíl. Um er að ræða bifreið að andvirði 4,3 milljónir. Sigurður Ævarsson er mótsstjóri og segir hann allt eins geta farið svo að heimsmetið falli. Núverandi heimsmethafi, Drífa, knapi Sigurður Sigurðsson, mun taka þátt í mótinu. Heimsmetið er 7,18 sekúndur og féll það í fyrra. Besti tími Drífu í ár er 7,36. „Þannig að ekki þarf annað en að smella fingrum og þá er það komið,“ segir Sigurður. Mótsstjórinn talar um lemjandi stemningu meðal hestamanna fyrir mótið.**

- jbg / sjá síðu 50

Ferðamenn á hálendinu:

## Sáu bjarnarspor á Hveravöllum

**NÁTTÚRA** Ferðamenn frá Póllandi sem voru að koma úr göngu nálægt Hveravöllum tilkynntu umsjónarmanni þar í gær að þeir hefðu séð spor eftir bjarndýr í moldarflagi skammt frá.

Sögðust þeir þekkja vel spor bjarndýra frá heimalandi sínu. Umsjónarmaður tilkynnti þetta til lögreglunar á Blönduósi. Landhelgisgæslan var við æfingar á svæðinu og hóf þegar leit en hvorki sást björn né ummerki um hann. Í tilkynningu frá lögreglunni segir að ferðamennirnir hafi virkað mjög trúverðugir. Helstu stofnunum og embættum sem málið varðar hefur verið tilkynnt um málið en ekki höfðu nein frekari áform verið ákveðin þegar Fréttablaðið fór í prentun.

„Maður tekur þetta nú ekkert of trúanlega til að byrja með en hvað veit maður, það hljómaði líka lygilegt þegar ég heyrði fyrst af ísbirni í Laxárdal í Skagafirði,“ segir Guðmundur Ögmundsson umsjónarmaður.

- jse









## SPURNING DAGSINS



*Geir Jón, er Jón búinn að kæra?*

„Svona misindisverk fara sem betur fer framhjá honum, hann er líka seinþreyttur til vandræða.“

Íslenska fánanum var stolið af leiði Jóns Sigurðssonar hinn 17. júní. Geir Jón Þórisson er yfirlögregluþjónn.

Fjölskylda íslensks sæfara sem saknað er bíður milli vonar og ótta eftir fréttum:

# Við höfum ekki frétt neitt nýtt

**LEIT** Bandaríska og kanadíska strandgæslan hafa undanfarna daga staðið fyrir umfangsmikilli leit að seglskútu Íslendings á svæðinu milli Nýfundnalands og Bermúda. Maðurinn, Jakob Fenger, er ófundinn en skipulagðri leit hefur verið hætt. Jakob, sem er 56 ára gamall, er einn um borð.

„Við höfum ekki frétt neitt nýtt,“ segir Gunnhildur Björg Emilsdóttir, kona Jakobs. Hún segir fjölskylduna bíða milli vonar og ótta eftir upplýsingum um afdrif Jakobs, en vill að öðru leyti ekki tjá sig um málið.

Jakob hugðist flytja skútuna Dystociu, sem er 35 feta, einmastra af Bavaria-gerð, til Íslands. Hann er mjög vanur siglingamaður samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Samkvæmt upplýsingum Landhelgisgæslunnar hugðist Jakob sigla 800 mílna leið frá Bermúda til St. Johns á Nýfundnalandi og þaðan til Íslands. Hann lagði af stað frá Bermúda 31. maí eða 1. júní og ekkert hefur heyrst frá honum síðan 3. júní.

Þegar skútan hafði ekki skilað sér til St. Johns 13. júní var óskað eftir því að formleg leit yrði hafin. Bandaríska og kanadíska strandgæslan leitaði á 635 þúsund ferkílómetra hafsvæði en hafa ekki fundið nein ummerki um skútuna. **- sh**



**SKÚTA** Ekkert hefur heyrst frá manninum síðan 3. júní. Myndin er úr safni.

Fangelsi fyrir líkamsárásir:

# Barði tvo menn með golfkylfu

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest átta mánaða fangelsisdóm, þar af sex á skilorði, yfir manni vegna líkamsárása. Manninum var gefið að sök að hafa kýlt mann sem sat í aftursæti bifreiðar í gegnum opna rúðu. Jafnframt að hafa, skömmu síðar, ráðist á annan mann með golfkylfu og slasað hann.

Loks var maðurinn ákærður fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás er hann réðst aftur á fyrrnefnda fórnarlambið og barði hann með golfkylfunni í höfuðið. Sá sem fyrir þessari árás varð fékk heilablæðingu, heilamar og gat á hljóðhimnu, auk fleiri áverka. **- jss**

# Málaliðar læra um mun á list og kroti

**Átta unglingar starfa við það í sumar að þrífa veggjakrot og læra um muninn á list og skemmdarverkum. Þeir urðu fyrir leiðri en lærdómsríkri reynslu í gær.**

**FÉLAGSMÁL** Málaliðar nefnist hópur átta unglinga, sem hafa af því starfa í sumar að þrífa veggjakrot, mála og fegra umhverfi sitt. Þess á milli fræðast þeir um kostnað yfirvalda við þrif á veggjakroti, viðurlög við skemmdarverkum, muninn á veggjakroti og veggjalist og hvernig má beina sköpunarkraftinum á löglegar brautir. Í hópnum eru sjö strákar og ein stelpa sem hafa sýnt áhættuhegðun með veggjakroti.

„Þetta er í rauninni forvarnarverkefni þar sem markmið sumarsins hjá okkur er að fá krakkana til að átta sig á hvað þetta getur verið fallegt og eins hvað þetta getur verið ljótt,“ segir Magnús Guðmundsson, annar hópstjóranna sem eiga hugmyndina að verkefninu.

Magnús segist hafa barist fyrir stofnun hópsins í nokkur ár. Hugmyndina fékk hann þegar hann starfaði með svokölluðum Léttliðum, vinnuskólahópi unglinga sem komist hafa í kast við lögin eða lent í annars konar vandræðum.

„Þá var ég með nokkra stráka sem höfðu verið að graffa,“ segir Magnús. „Þeir voru alveg agalega vonlitlir, fannst allt vera glatað og voru svolitlir „rebelar“; vildu skemma allt sem Reykjavíkurborg átti sökum þess að borgin var svo andstyggileg að leyfa þeim ekki að spreyja neins staðar löglega. Svo ég ákvað að athuga hvort það væri ekki hægt að snúa þessari skemmdarverkahugsun yfir í eitthvað listrænt.“

Úr varð tilraunaverkefni sem stendur í sumar. Hópurinn er einn af fjölmörgum svokölluðum skapandi hópum Vinnuskólans, sem eru starfræktir í samvinnu við ÍTR. Krökkunum verður svo frjálst að sinna þessu hugðarefni sínu áfram ásamt hópnum í vetur.

Hópurinn varð fyrir óskemmtilegri, en ekki síður lærdómsríkri, reynslu í gærmorgun. Krakkarnir höfðu unnið hörðum höndum að því að þrífa krot af hjólabrettasvæði við Félagsmiðstöðina Gufunesbæ í Grafarvogi, mála það og fegra. Þegar þeir mættu til vinnu í gær var það hins vegar allt útbíað í kroti á ný.

Magnús segir krökkunum ekki hafa verið skemmt. „Við tókum hressilegar umræður um þetta í kjölfarið og ég held að þetta hafi verið mikilvægt víti til varnaðar til að snúa þessum hugsunarhætti.“ Hann segist þegar farinn að sjá hugarfarsbreytingu hjá hópnum.

Hápunktur verkefnisins verður þegar listaverk hópsins verða sýnis á búkkum við göngustígana á Miklatúni í kringum Vinnuskóladaginn 10. júlí. **stigur@frettabladid.is**



**BRÚSARNIR MUNDAÐIR** Krakkarnir klæðast hlífðarbúnaði við vinnuna, enda hafa þeir lært að það er ekkert grín að þurfa að þrífa hana úr fötum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### FJÖLDI ÓLÍKRA HÓPA

Undir hatti skapandi sumarstarfa, samstarfsverkefnis Vinnuskólans og félagsmiðstöðva ÍTR, er starfrækt fjöldi vinnuhópa. Meðal þeirra eru:

- Fatahönnunarhópur
- Kvikmyndagerðarhópur
- Lifandi vegvísar, sem vísa ferðamönnum til vegar í miðborginni
- Götuleikhúshópur
- Umhverfishópar
- Málræktarhópar fyrir nýja Íslendinga



**VIÐURKENNING** Eigandi þessa húss fær viðurkenningarskjal, einn húseigenda við Laugaveg. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Framkvæmdir við Laugaveg:

# Aðeins ein viðurkenning veitt

**REYKJAVÍK Aðeins einn fær viðurkenningu fyrir að hafa lokið framkvæmdum á húseign sinni við Laugaveg fyrir 17. júní. Í bréfi sem húseigendur fengu sent var hvatt til aðgerða fyrir þjóðhátíðardag og viðurkenningarskjali lofað.**

**„Það er nú bara einn búinn að hafa samband og hann mun fá viðurkenningarskjal,“ segir Magnús Sædal byggingarfulltrúi. Hann segir verkefnið hafa gengið vel og vel hafi verið brugðist við erindinu. Sá sem fær viðurkenningarskjalið málaði og setti upp húsnúmer.**

**Lokafrestur til framkvæmda rennur út í byrjun ágúst. - kóp**

## GARÐABÆR

### Jóhann bæjarlistamaður

Jóhann Sigurðarson leikari hefur verið valinn bæjarlistamaður Garðabæjar. Hann starfaði fyrst hjá Leikfélagi Reykjavíkur. Hann færði sig yfir til Þjóðleikhússins árið 1986 og hefur leikið þar allar götur síðan.



**FRÚ VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR** Stofnfélagar sjóðsins geta verið þeir sem leggja fram 10.000 krónur eða meira. Verktakar og fyrirtæki geta dregið framlög frá skatti. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Náttúrusjóður stofnaður:

# Styrki auðlindir náttúrunnar

**UMHVERFISMÁL Auðlind-Náttúrusjóður heitir sjóður sem á að „styrkja endurheimt og viðhald náttúruauðlinda landsins“.**

**Að baki honum standa meðal annarra frú Vigdís Finnbogadóttir, Andri Snær Magnason og Þórólfur Árnason.**

**Sjóðurinn stefnir að því að verða leiðandi afl í náttúruvernd og er landsmönnum boðið að gerast stofnfélagar.**

**Meðal hugsanlegra verkefna er að kaupa landsvæði og selja aftur, með viðbættum verndarkvöðum.**

**Kynningarfundur er á Þjóðminjasafni í dag klukkan tvö. - kóp**

Fréttamenn hjá RÚV:

# Skoða stöðu sína alvarlega

**KJARAMÁL** Lítið hefur þokast í kjaraviðræðum Félags fréttamanna og samninganefndar ríkisins fyrir hönd RÚV ohf. hjá ríkissáttasemjara undanfarið en viðræðum var vísað þangað í vor.

Aðalbjörn Sigurðsson, formaður Félags fréttamanna, segir að menn séu búnir að kynna kröfur sínar og á mánudaginn verði formlegur sáttafundur. Ef samninganefnd ríkisins komi ekki með neitt útspil þar þá verði fréttamenn að skoða stöðu sína alvarlega. **- ghs**




Ísbreiður Norður-Íshafs gætu horfið yfir sumarið eftir áratug:

# Ísinn bráðnar enn hraðar

**NORÐURHEIMSKAUTIÐ** Ísbreiðan á Norður-Íshafi bráðnar jafnvel hraðar en á síðasta ári þrátt fyrir kaldan vetur.

Mælingar bandarísku snjó- og ísmælingastofnunarinnar sýna að í byrjun ársins þakti ísinn stærra svæði en í byrjun árs 2007. Nú hefur ísinn aftur á móti hörfað og er umfangið orðið sambærilegt við júní í fyrra, en það sumar var sett nýtt met í hafístapi.

Vísindamenn segja stóran hluta íssins svo þunnan að hann bráðni auðveldlega og spá því að norðurheimskautið geti orðið íslaust um sumartímann eftir einungis fimm til tíu ár.

Heimskautaísinn hefur aldrei mælst umfangsminni en síðastliðið sumar, þegar ísbreiðan þakti 4,2 milljónir ferkílómetra, samanborið við 7,8 milljónir árið 1980.

Löndin í kring eru þegar farin að íhuga möguleika sem bráðnun íssins gæti haft í för með sér. Kanadamenn, Danir/Grænlendingar og Rússar kanna rétt sinn til hafsbotnsins og George Bush Bandaríkjaforseti hefur hvatt til frekari olíuleitar í lögsögu Alaska.

Bráðnun hafíssins getur þó haft áhrif um heim allan með því að herða á hlýnun andrúmsloftsins og hækkun sjávarborðs. **- ht**

**ÍSLAUS HEIMSKAUTASUMUR**
Ísbreiður norðurheimskautsins hafa aldrei mælst umfangsminni en síðasta sumar; 4,2 ferkílómetrar samanborið við 7,8 milljónir árið 1980. Vísindamenn spá nú íslausum sumrum á norðurheimskautinu innan áratugar.

Miðgildi umfangsins *(1979-2000)*




| | | |
|---|---|---|
| 1980 | Umfang hafíss | 7,8 km² |
| 1990 | | 6,2 km² |
| 2000 | | 6,3 km² |
| 2007 | | 4,2 km² |

Upplýsingar frá NSIDC © GRAPHIC NEWS




B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is
Keflavík 421 4444 - Selfoss 575 1460 - Akranes 431 2622 - Akureyri 461 2533 - Egilsstaðir 471 2524

## GENGIÐ 19.06.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 81,93 | 82,33 |
| Sterlingspund | 161,31 | 162,09 |
| Evra | 126,89 | 127,59 |
| Dönsk króna | 17,009 | 17,109 |
| Norsk króna | 15,797 | 15,891 |
| Sænsk króna | 13,49 | 13,57 |
| Japanskt jen | 0,7583 | 0,7627 |
| SDR | 132,28 | 133,06 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

163,7717

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Félagsmálaráðherra breytir reglugerðum um íbúðalán strax í dag:

# Íbúðalán hækka í 20 milljónir

**EFNAHAGSMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra breytir í dag reglugerð þannig að hámarkslán Íbúðalánasjóðs hækki úr átján milljónum í tuttugu, og brunabótamatsviðmið íbúðalána falli niður. Framvegis geta lántakendur því fengið allt að áttatíu prósent af kaupverði íbúða að láni. Reglugerðarbreytingin gagnast lánsbeiðendum sem bíða svars frá Íbúðalánasjóði og einnig þeim sem eiga eftir að leggja inn beiðnir.

Jóhanna segir að gera þurfi reglugerðarbreytingar til að stofna tvo nýja lánaflokka hjá Íbúðalánasjóði vegna endurfjármögnunar og nýrra lána hjá bönkum og fjármálastofnunum en það taki nokkurn tíma og verði unnið í samstarfi við Íbúðalánasjóð, Fjármálaeftirlitið og Seðlabankann. Þá hafi offramboð verið á byggingamarkaði sem nemi minnst tvö þúsund íbúðum. Ríkisstjórnin ætli að gefa fólki möguleika á að breyta íbúðum sem ekki seljast í leiguíbúðir með sérstakri heimild að undangenginni könnun á þörfinni. „Ef þessi þörf er til staðar munum við afla heimilda til að fá viðbótarheimildir til að setja í þessi lán,“ segir hún.

Árni Mathiesen fjármálaráðherra segir að aðgerðirnar hafi þrenns konar áhrif, bæti stöðuna á fasteignamarkaði og hjá byggingariðnaði, bæti lausafjárstöðu bankanna og auki viðskipti með krónuna. Þannig batni gjaldeyrisstaða bankanna. - ghs



FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**ÖFLUM VIÐBÓTARHEIMILDA** „Ef þessi þörf er til staðar munum við afla heimilda til að fá viðbótarheimildir,“ segir Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra.

Þjóðskjalasafn Íslands:

# Manntölum komið á netið

**BYGGÐAMÁL Þjóðskalasafn Íslands hefur birt stafræna útgáfu manntalsins frá 1870 á netinu. Verkefnið var unnið í Vestmannaeyjum og er hluti af mótvægisaðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna samdráttar aflaheimilda á síðasta ári. Því er ætlað að koma tólf manntölum frá 1703-1920 á stafrænt form, en þegar hefur manntal frá 1703 og 1835 verið birt á netinu.**

**Áfram verður unnið að verkefninu í Vestmannaeyjum, á Egilsstöðum og Sauðárkróki. Stafrænar útgáfur manntalanna má finna á heimasíðu Þjóðskalasafns. - gh**

Félag fasteignasala:

# Vill hærra hámarkslán

**HÚSNÆÐISMÁL** „Ég er ánægð með að ríkisstjórnin hafi komið hreyfingu á málin,“ segir Ingibjörg Þórðardóttir, formaður Félags fasteignasala. „Mikilvægast var að afnema brunabótamatsviðmiðið sem var akkilesarhæll fyrir lántakendur.“



INGIBJÖRG ÞÓRÐARDÓTTIR

Ingibjörg telur jákvætt að hækka hámarkslán Íbúðalánasjóðs í 20 milljónir en segir að gott hefði verið að hækka það í minnst 23 milljónir. „Það hefði verið komið í þá upphæð ef það hefði fylgt verðþróun síðustu fjögur árin,“ segir hún.

Ingibjörg bendir á að það sé stór kostur fyrir fólk að kaupa fyrstu íbúð að fá 80 prósent af kaupverði að láni en hefði viljað sjá hlutfallið í 90 prósentum því að ekki sé auðvelt fyrir kaupendur að brúa það sem eftir sé af kaupverðinu. - ghs

## ÖRFRÉTT

### Meðaleinkunn vel yfir níu

Meðaleinkunn þeirra sem útskrifuðust með BS-gráðu í eðlisfræði frá Háskóla Íslands í síðustu viku var vel yfir níu að sögn Kristínar Ingólfsdóttur rektors. Nemendurnir voru sex talsins og segir rektor þetta glæsilegan árangur í mjög svo erfiðri grein.

## LEIÐRÉTTING

Árni Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður var rangnefndur í sérblaði um 100 ára afmæli Hafnarfjarðar, sem fylgdi Fréttablaðinu í gær.

Föðurnafn forstjóra N1 var rangt í Fréttablaðinu í gær. Hann heitir Hermann Guðmundsson.

# Íbúðalánasjóður sér bönkunum fyrir fé

**Ríkisstjórnin hefur stofnað tvo nýja lánaflokka hjá Íbúðalánasjóði til að endurfjármagna íbúðalán hjá bönkunum og fjármagna ný lán á þeirra vegum. Hámarkslán verður tuttugu milljónir. Hætt verður að miða við brunabótamat.**

**EFNAHAGSMÁL** Ríkisstjórnin hefur ákveðið að grípa til sérstakra aðgerða til að bregðast við kólnun á fasteignamarkaði og fyrirsjáanlegum erfiðleikum í efnahagslífi þjóðarinnar. Var það tilkynnt á fundi með fulltrúum atvinnulífsins í gær. Geir H. Haarde forsætisráðherra segir að aðgerðirnar muni ekki hleypa upp verðbólgunni.

Ákveðið hefur verið að stofna tvo nýja lánaflokka hjá Íbúðalánasjóði, ÍLS. Annar flokkurinn er til að endurfjármagna íbúðalán hjá bönkum og fjármálafyrirtækjum en hinn fjármagnar ný íbúðalán á vegum banka og lánastofnana. Bankarnir fá þá annað hvort lausafé eða íbúðabréf sem þeir geta nýtt sér til að fá lausafé hjá Seðlabankanum. Lánin verða veitt með gjaldi vegna ríkisábyrgðar og skilyrðum um hámarksveðhlutfall.

„Það mun rýmkast um lausafjárstöðu fjármálastofnana sem við væntum að leiði til þess að þær verði betur í stakk búnar til þess að sinna þörfum atvinnulífsins og almennings hvað varðar lánsfé,“ segir Geir.

Aðrar aðgerðir eru einnig fyrirhugaðar. Brunabótamatsviðmið lána hjá ÍLS verður afnumið og miðað í staðinn við allt að áttatíu prósent af kaupverði eigna. Hámarkslán sjóðsins verða hækkuð úr átján milljónum í tuttugu.

Aukið verður við útgáfu stuttra ríkisbréfa til að draga úr þrýstingi á skuldabréfa- og gjaldeyrismarkaði og verður heimildin sem Alþingi afgreiddi fyrir skömmu notuð til að gefa út ný bréf að fjárhæð allt að 75 milljónir króna.



**TIL AÐ EKKI FRJÓSI** Ríkisstjórnin kynnti aðgerðir sínar á fundi með fulltrúum atvinnulífsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Íbúðalánasjóður fær auknar heimildir til að breyta íbúðum sem ekki seljast í leiguhúsnæði á svæðum þar sem eftirspurn er mikil. Þá er áhersla á að lánastofnanir komi til móts við fólk í greiðsluerfiðleikum.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra segir að engin einföld lausn sé til. „Hér eru aðgerðir sem lúta að fasteigna- og fjármálamarkaðnum líka. Þannig erum við alltaf með annað augað á atvinnulífinu til að tryggja það að hjól atvinnulífsins geti gengið og hitt augað á kjörum almennings og að tryggja að þau skerðist ekki verulega. Þetta er mikilvægur þáttur í því að ekki frjósi, fólk geti skipt um húsnæði eins og eðlilegt er.“ ghs@frettabladid.is

### HVAÐ Á AÐ GERA?

- Stofna tvo nýja lánaflokka hjá Íbúðalánasjóði. Annar hjálpar bönkum að endurfjármagna íbúðalán og hinn er til að fjármagna ný íbúðalán hjá bönkunum.
- Útgáfa stuttra ríkisbréfa verður aukin.
- Brunabótamatsviðmið Íbúðalánasjóðs afnumið.
- Miðað verður við allt að áttatíu prósent af kaupverði eigna.
- Hámarkslán Íbúðalánasjóðs verður tuttugu milljónir í stað átján milljóna.
- Íbúðalánasjóður fær heimildir til að breyta þeim íbúðum sem ekki seljast í leiguhúsnæði.
- Áhersla á að lánastofnanir komi til móts við fólk í greiðsluerfiðleikum með frystingu lána, skuldbreytingu eða endurfjármögnun.

Samtök ferðaþjónustunnar:

# Vinnustöðvanir raska flugi

**FERÐAÞJÓNUSTA** Samtök ferðaþjónustunnar lýsa yfir miklum áhyggjum vegna fyrirhugaðra vinnustöðvana flugumferðarstjóra og telja að þær muni raska flugi umtalsvert, bæði innanlands sem utan.

Samtökin benda á að ferðaþjónustan sé mjög viðkvæm fyrir slíkum truflunum. Ferðamenn forðist almennt svæði þar sem verkföll og vinnustöðvanir séu fyrirhuguð.

„Þetta er alvarleg staða fyrir íslenska ferðaþjónustu á sama tíma og rekstrarumhverfi fyrirtækjanna hefur stórversnað vegna olíuverðshækkana og erfiðs efnahagsástands hérlendis sem erlendis,“ segja samtökin og hvetja samningsaðila til að gera sitt ítrasta til að ná samningum áður en í óefni er komið. - ghs

Hæstiréttur þyngdi dóm:

# Braut gegn nemanda sínum

**DÓMSMÁL Hæstiréttur þyngdi í gær dóm yfir karlmanni á fertugsaldri fyrir kynferðisbrot gegn stúlku sem var nemandi hans. Hann var dæmdur í fimmtán mánaða fangelsi. Héraðsdómur Norðurlands vestra hafði áður dæmt manninn til sömu refsingar en skilorðsbundið hana í tvö ár.**

**Stúlkan var fjórtán ára þegar maðurinn, sem bæði var kennari og íþróttaþjálfari hennar, átti mök við hana. Stóð sambandið yfir í þrjú ár. Hæstiréttur segir brot hans alvarleg, hann eigi sér engar málsbætur og ekki séu forsendur fyrir því að binda refsinguna skilorði.**

**Auk fangelsisdómsins var maðurinn dæmdur til að greiða stúlkunni 500 þúsund krónur í bætur. Jafnframt var honum gert að greiða allan málskostnað. - jss**


NÝ NORDSJÖ VERSLUN



Hugtök Maí 08

Nordsjö inni- og útimálningin þekur og endist betur.
Nordsjö gæðamálning sparar tíma og vinnu.

SérEfni
Nordsjö • International

Virka daga 08-18 , Laugardaga 10-14 • Lágmúli 7, bakhús • S: 517 0404


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**SÓL SÓL SKÍN Á MIG**

Í dag verður áfram bjart í veðri mjög víða. Sýnu bjartast verður vestan til í dag en einhver væta austan til og síðdegisskúrir á Suðurlandi. Á morgun verður bjart með köflum víða um land með síðdegisskúrum syðra. Á sunnudag er svo helst að sjá einhverja dropa við suðausturströndina.



Á MORGUN
Hæg norðlæg átt.

SUNNUDAGUR
Hæg norðlæg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Billund | 19° |
| Ósló | 17° |
| Stokkhólmur | 24° |
| Gautaborg | 20° |
| Helsinki | 19° |
| Eindhofen | 19° |
| Amsterdam | 18° |
| London | 17° |
| Berlín | 22° |
| Frankfurt | 23° |
| Friedrichshafen | 26° |
| París | 22° |
| Basel | 26° |
| Barcelona | 27° |
| Alicante | 29° |
| Algarve | 27° |
| Tenerife | 21° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

sonim

# VERÐUR ÞÚ STERKASTI ÁHORFANDINN

KRAFTAVÍKINGUR ÍSLANDS 2008





Aflraunakeppnin **Kraftavíkingur Íslands** verður haldin á víkingahátíðinni við Fjörukrána 21. og 22. júní, kl 14, 15.30 og 17 báða dagana.

Taktu þátt í **Sonim áhorfendaþrautinni á laugardaginn kl. 15.30** og þú getur unnið sterkasta síma í heimi í verðlaun, Sonim vinnusíma sem þolir allt.

Fjölmargir nýliðar munu reyna sig í fyrsta skipti í keppninni.

Keppt verður í Herkúlesarhaldi, Bóndagöngu, Réttstöðulyftu, Öxullyftu, Myllugöngu og Atlas steinatökum.

## STERKASTI SÍMI Í HEIMI



## *Sonim XP1*

*Vatnsvarinn*
*Höggvarinn*
*Þolir -20° frost*
*Þolir +60° hita*
*Verst mold og ryki*
*Sérstaklega styrkt takkaborð*
*Rispufrír skjár*
*USB hleðsla*
*Beltisklemma*
*Bluetooth*

Kraftavíkingur Íslands við Fjörukrána um helgina. Ókeypis aðgangur.

Hátækni

Söluaðilar um land allt

PIPAR • SÍA • 81059

## KJÖRKASSINN



*Telur þú að annar hvítabjörn komi til Íslands á þessu ári?*

| | |
|---|---|
| Já | 58,6% |
| Nei | 41,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Brugðust stjórnvöld rétt við komu ísbjarnarins sem skotinn var á Skaga 17. júní?*

Segðu skoðun þín á vísir.is

Birnan af Skaga hefur verið flegin og verður stoppuð upp líkt og fyrri björninn:

# Flugið kostaði 245 þúsund

**NÁTTÚRA** Leiguflug Þórunnar Sveinbjarnardóttur umhverfisráðherra og sex fylgdarmanna hennar á ísbjarnarslóðir á þriðjudag kostaði ráðuneytið 245 þúsund krónur, að því er fram kemur í tilkynningu frá ráðuneytinu.

Birnan sem felld var á þriðjudag í misheppnaðri björgunaraðgerð var flegin á miðvikudag. Hún verður stoppuð upp, líkt og bjarndýrið sem fellt var fyrr í mánuðinum. Ekki liggur fyrir hvað gert verður við uppstoppuðu dýrin.

Áformað er að koma upp búnaði hérlendis til að takast á við aðstæður sem þessar, þegar bjarndýr ganga á land.

Búrið sem danskir dýragarðsstarfsmenn komu með til landsins á þriðjudag verður geymt hér á landi áfram, en ekki er víst hvort falast verði eftir því að fá að kaupa það eða hvort nýtt verður smíðað. **- sh**



**BIRNAN** Hræið hefur verið flegið. Dýrið verður stoppað upp. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Minnihlutinn í Hafnarfirði:

## Telur leikskóla illa undirbúinn

**SVEITARSTJÓRNIR Fulltrúar í fræðsluráði Hafnarfjarðar deildu á síðasta fundi um aðdraganda stofnunar nýs svokallaðs móttöku-leikskóla. Formaður ráðsins, Ellý Erlingsdóttir, Samfylkingu, lagði til samninga við eigendur Álfaskeiðs 115 um kaup eða leigu á húsinu undir starfsemina. Fulltrúi minnihluta sjálfstæðismanna, Rósa Guðbjartsdóttir, sagði ekki liggja fyrir hvort raunveruleg þörf væri fyrir leikskólann og gagnrýndi tillögu um fasteignakaup áður en slík þjónusta hefði verið rædd í fræðsluráðinu. Meirhlutinn sagði um að ræða aukna þörf vegna barna yngri en átján mánaða. - gar**

Faraldur á Reyðarfirði:

## Engin skýring á kamfýlóbakter

**HEILBRIGÐISMÁL Af sautján manns sem vitað er til að hafi smitast að kamfýlóbakter á Íslandi fyrstu fimm mánuði ársins smituðust sex á Reyðarfirði í maí. Þetta kemur fram í Farsóttarfréttum sóttvarnalæknis.**

**„Sýkingarnar á Reyðarfirði voru ekki tengdar ferðalögum heldur smituðust einstaklingarnir á staðnum. Upptök smitsins eru ókunn þrátt fyrir ítarlega rannsókn," segir í Farsóttarfrétt-um þar sem fram kemur að faraldurinn á Reyðarfirði virðist vera genginn yfir. - gar**

Jörundur Guðmundsson:

## Tívolíið kemur aftur í sumar

**SKEMMTUN** „Við byrjum hinn 9. júlí á Völlunum við svæði Hauka og tökum þátt í hátíðarhöldum vegna hundrað ára afmælis Hafnarfjarðar," segir Jörundur Guðmundsson, sem um árabil hefur flutt inn breskt tívolí til að starfrækja sumarlangt á Íslandi.

Að loknum þremur vikum í Hafnarfirði verður tívolíið sett upp á Akureyri um verslunar-mannahelgina. Að því loknu berst leikurinn til Reykjavíkur og endað verður á Ljósanótt í Reykjanesbæ fyrstu helgina í september. **- gar**

# Borgin greiðir fyrir miðborgargæsluna

**Sex öryggisverðir munu sinna gæslu í miðborginni um helgar. Kostar Reykjavíkurborg 300 þúsund krónur fyrir hverja helgi. Aukin löggæsla myndi kosta ríkið um 500 þúsund fyrir hverja helgi. Borgarstjóri vildi frekar lögreglumenn.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Reykjavíkurborg hefur samið við Öryggismiðstöðina um að sinna gæslu í miðborginni á helgarnóttum, til reynslu í þrjár vikur. Miðborgarþjónar taka til starfa í fyrsta skipti í kvöld.

„Við höfum óskað eindregið eftir því við dómsmálaráðuneytið að lögreglumönnum verði fjölgað og þeir gerðir sýnilegri í miðborginni," segir Ólafur F. Magnússon borgarstjóri. Hann viðurkennir að hann hefði sjálfur frekar kosið að fá aukinn fjölda lögreglumanna til starfa á álagstímum um helgar.

„Ég geri mér fyllilega ljóst að þetta kemur ekki í staðinn fyrir löggæslu, en þetta hjálpar mikið til," segir Ólafur.

Kostnaður borgarinnar við að fá sex öryggisverði til starfa í sex klukkustundir hverja nótt, nemur um 300 þúsund krónum fyrir hverja helgi, segir Ólafur. Hann segir ávinninginn af því augljósan fyrir borgarana og borgina.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lagðist í sérstakt átak til að taka á brotum á lögreglusamþykktum í september á síðasta ári. Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn hefur staðfest að það myndi kosta lögreglu um eða yfir 250 þúsund krónur á dag að halda uppi slíku eftirliti af fullum krafti. Það samsvarar um 500 þúsund krónum á hverja helgi, eða um 200 þúsund krónum meira en borgin greiðir fyrir sex öryggisverði.

Hefði lögreglan ætlað að halda uppi slíku eftirliti allar helgar sumarsins hefði það kostað um 6,5 milljónir króna. Hefði borgin ráðið öryggisverði fyrir sama tíma hefði það kostað 3,9 milljónir.

Ólafur leggur áherslu á að miðborgarþjónarnir muni ekki ganga í störf lögreglumanna, og eigi ekki að standa í átökum. Þeir verði í beinu sambandi við lögreglu í gegnum talstöðvakerfi komi upp mál sem þeir megi ekki sinna.

Öryggisverðirnir munu ekki hafa heimildir til valdbeitingar og munu ekki bera handjárn, kylfur, piparúða eða önnur valdbeitingartæki lögreglu.

„Það er áhugavert að taka þátt í þessu, en við leggjum áherslu á að þetta verði mikið samvinnuverkefni Reykjavíkurborgar, lögreglu og veitingahúsa ásamt Öryggismiðstöðinni," segir Ragnar Þór Jónsson, framkvæmdastjóri Öryggismiðstöðvarinnar.

Spurður hvort hann óttist öryggi sinna starfsmanna í miðborginni segir Ragnar að öryggisverðirnir sem sinna muni þessu verkefni séu vel þjálfaðir og reyndir. Starf öryggisvarða sé þó í eðli sínu ekki hættulaust. **brjann@frettabladid.is**



**LÖGGÆSLA** Lögreglan fór í átaksverkefni í september í fyrra og tók hart á brotum gegn lögreglusamþykkt. Slíkt átak kostar lögreglu aukalega um hálfa milljón króna fyrir hverja helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

### SJÁ UM LEIGUBÍLA

- Sex öryggisverðir munu aðstoða gesti miðborgar milli klukkan tvö og átta að nóttu, aðfaranætur laugardags og sunnudags.
- Miðborgarþjónarnir munu hafa umsjón með leigubílaröð, aðstoða fólk sem þarf aðstoð vegna ölvunar, leitast við að draga úr hávaða og kalla til lögreglu og sjúkralið ef þarf.
- Verkefnið er tilraunaverkefni sem standa mun í þrjár vikur til reynslu.









Hvatningarverðlaunum Femínistafélags Íslands hafnað í fyrsta sinn:

# Hittum naglann á höfuðið

**VERÐLAUN** Forseti Hæstaréttar og formaður dómarafélagsins afþökkuðu viðtöku Bleiku steinanna, hvatningarverðlauna Femínistafélags Íslands, í gær. Uppgefin ástæða höfnunarinnar er sú að þessir aðilar vilji gæta fyllsta hlutleysis. Fulltrúar dómsmálaráðherra og yfirmanns kynferðisbrotadeildar ríkislögreglustjóra mættu hins vegar á blaðamannafund við leiði Jóns Sigurðssonar og veittu steinunum viðtöku.

Hvatningarverðlaunin voru afhent í fimmta sinn í gær, á kvenréttindadeginum. Þau eru veitt árlega til aðila sem teljast vera í lykilaðstöðu til að hafa áhrif í átt til jafnréttis. Með þeim vill félagið minna á mikilvægi þess að hafa jafnréttissjónarmið í huga við hvers kyns ákvarðanatöku.

Þetta er í fyrsta sinn sem útnefndir aðilar neita að veita steinunum viðtöku. Anna Bentína Hermanssen, ráðskona í Femínistafélaginu, segir skjóta skökku við að þessir aðilar neiti að taka á móti hvatningu til jafnréttis. „Þarna er greinilega verið að senda ákveðin skilaboð," segir Anna. Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi og ráðskona í félaginu, segir neitunina vera afstöðu út af fyrir sig. „Þetta sýnir að við höfum hitt naglann á höfuðið. Ef þeim finnst hlutleysi vera það að kynna sér ekki jafnréttismál, þá þurfa þeir einmitt á jafnréttisfræðslu að halda," segir Sóley. **- kg**



**AFHENDING** Anna Bentína Hermanssen, ráðskona í Femínistafélagi Íslands, afhenti verðlaunin í gær fyrir framan styttuna af Jóni Sigurðssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR




...Því að við Íslendingar viljum aðeins það besta!

móar

**VEISTU SVARIÐ?**



**1** *Hver fer fyrir starfshópi um breytt varnarsamstarf Norðurlandanna?*

**2** *Hverjir hafa boðað til tímabundinnar vinnustöðvunar alla morgna í júní og júlí?*

**3** *Hvaða verslun verður sú fyrsta á Íslandi til að selja Victoria's Secret nærföt?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 50

Evrópuþingið samþykkir umdeildar reglur um ólöglega innflytjendur:

# Innflytjendalög samræmd

**BRUSSEL, AP** Evrópuþingið hefur samþykkt nýjar samræmdar reglur um ólöglega innflytjendur í Evrópusambandinu. Samkvæmt reglunum má halda þeim í sérstökum búðum í allt að átján mánuði, en eftir það megi senda þá til síns heima.

Ólöglegum innflytjendum verður gefinn kostur á að yfirgefa landið af eigin vilja. Ef samvinna er engin eða óttast er að viðkomandi flýi, má halda honum í varðhaldi í allt að sex mánuði og framlengja það um tólf mánuði ef nauðsyn þykir. Heimilt er að setja fimm ára endurkomubann á fólk til allra ríkja Evrópusambandsins.

Þetta er í fyrsta sinn sem reglur um ólöglega innflytjendur eru samræmdar innan ESB, en talið er að þeir geti verið alls um átta milljónir í aðildarríkjunum 27.



**EKKI ALLIR SÁTTIR** Þessi Evrópuþingmaður lét afstöðu sína skýrt í ljós við atkvæðagreiðsluna á miðvikudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Reglurnar hafa sætt nokkurri gagnrýni, meðal annars frá Amnesty International. „Heimild um varðhald í allt að hálft annað ár og fimm ára endurkomubann getur hert reglur í sumum aðildarríkjum og gefur slæmt alþjóðlegt fordæmi," segir í tilkynningu samtakanna.

Ráðherra innflytjendamála í Frakklandi fullyrðir að heimild um varðhald verði ekki nýtt að fullu og hámark þar í landi verði enn 32 dagar. Þá hefur verið bent á að nýju reglurnar komi í veg fyrir að ólöglegum innflytjendum sé haldið í fangelsi með ótíndum glæpamönnum. **- kóp**

Karlmaður á þrítugsaldri:

## Með maríjúana í bílskottinu

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Norðurlands eystra hefur dæmt karlmann á þrítugsaldri í 85 þúsund króna sekt fyrir vörslur fíkniefna.

Maðurinn var ákærður fyrir að hafa geymt í tösku í skotti bíls síns 17,5 grömm af marijúana, þegar lögregla tók hann. Hann mætti hvorki fyrir dóm né boðaði forföll þegar hann var boðaður.

Hann hafði hlotið dóm fyrir ránstilraun 2004 og var þá dæmdur í skilorðsbundið fangelsi. Síðar hlaut hann dóma fyrir fjársvik og fíkniefnabrot auk fleiri brota. Með broti sínu nú rauf hann skilorð dóms frá 2005 upp á ellefu mánaða fangelsi. **- jss**








**SELFOSS** Tryggja verður að snyrtilegt sé á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði þó að framkvæmdir fari ekki í gang í sumar segir bæjarstjóri. MYND/SUNNLENSKA

# Uppbygging á Selfossi stopp vegna kreppu

**Framkvæmdir í miðbæ Selfoss verða stopp þar til hreyfing kemst á fasteignamarkaðinn á ný. Tvö hús hafa verið rifin. Lóðarhafar eiga eftir að ganga frá lóðum og gera snyrtilegt segir bæjarstjóri.**

**EFNAHAGSMÁL** „Auðvitað finnst okkur slæmt að uppbyggingin geti ekki hafist strax," segir Ragnheiður Hergeirsdóttir, bæjarstjóri Árborgar. Áform um uppbyggingu í miðbæ Selfoss eru stopp í bili vegna frosts á fasteignamarkaði.

Aðstæður til uppbyggingar hafa gjörbreyst á stuttum tíma, segir Franz Jezorski, einn eigenda Miðjunnar, sem áformar uppbygginguí miðbænum. Hann segir óráðlegt að fara af stað með svo stórt verkefni í núverandi efnahagsástandi.

„Við verðum að hafa kaupendur," segir Franz. Hann segir verkefninu frestað tímabundið, áformin séu enn jafn metnaðarfull og þau fari í gang um leið og næsta uppsveifla.

Franz segir að lagt hafi verið í töluverðan kostnað með kaupum á lóðum og húsum. Útgjöldin hafi þó að mestu verið fjármögnuð með eigin fé, og Miðjan því í stakk búin til að bíða niðursveifluna af sér.

Búið er að rífa tvö hús í miðbænum og flytja það þriðja á brott. Að auki stendur til að rífa hið svokallaða Pakkhús, sem hýsir Jarðskjálftamiðstöð Háskóla Íslands.

Franz tekur undir að óheppilegt sé að rífa hús og geta ekki byggt í beinu framhaldi. Það sé þó betra að rífa húsin en láta þau standa auð, öllum til ama. Allt hafi verið gert til að ganga eins vel frá og hægt hafi verið.

„Segja má að við höfum misst af lestinni," segir Franz. Skipulagsvinna og undirbúningur hafi dregist, upphaflega skipulagsvinnan átt að taka sex mánuði, en nú séu komin fjögur ár.

„Auðvitað kemur lestin aftur og þá er bara að vera tilbúinn að stökkva á hana," segir Franz.

Ragnheiður Hergeirsdóttir bæjarstjóri segir skipulagsvinnu taka sinn tíma þegar unnið sé í góðri sátt við umhverfið.

Ýmsir hafa orðið til þess að benda á rusl og slæman frágang á svæðinu. Ragnheiður segir það vissulega slæmt og lóðarhafar þurfi að ganga vel frá lóðunum.

„Auðvitað þarf að hafa þetta snyrtilegt fyrst ekki verður byrjað að byggja í sumar," segir hún.

**brjann@frettabladid.is**

### ÓVÍST HVENÆR PAKKHÚSIÐ VERÐUR RIFIÐ

Tillaga minnihluta Sjálfstæðisflokks um að fallið verði frá áformum um að rífa Pakkhúsið svokallaða var felld á bæjarstjórnarfundi nýverið.

Í greinargerð Sjálfstæðismanna segir að mikilvægt sé að eyða óvissu um framtíðarstaðsetningu Jarðskjálftamiðstöðvar Háskóla Íslands, sem staðsett er í húsinu. Best væri að starfsemin fengi að vera í húsinu áfram, enda sé þetta sögufræga hús sérhannað fyrir starfsemina.

Ragnheiður Hergeirsdóttir bæjarstjóri segir stöðu Pakkhússins óbreytta, áfram sé áformað að rífa húsið. Af niðurrifinu verði hins vegar ekki þar til ljóst verði hvenær framkvæmdir á svæðinu hefjist.

Ragnheiður segir enga óvissu um Jarðskjálftamiðstöðina. Bæjaryfirvöld séu þegar farin að litast um eftir heppilegu húsnæði og sú vinna fari í fullt þegar í ljós komi hvenær Pakkhúsið verði rifið.







**1.699** kr/kg. áður 3.090 kr/kg.
Goða grísalundir - ferskar




**259** kr/kg. 403 kr/kg.
Ísfugl Tex Mex kjúklingavængir




**1.852** kr/kg. 2.645 kr/kg.
Goða lambalærissneiðar




**1.999** kr/kg. áður 2.935 kr/kg.
Goða nautapiparsteik




**Sýrður rjómi
í allt sumar**




**419** kr/pk. áður 559 kr/pk.
Hatting speltbrauð - 7 stk.




**98** kr/pk. áður 195 kr/pk.
Nettó samlokubrauð



**250** kr/stk.
Vatnsboltar - 9 stk.



**199** kr/stk.
Vatnsbyssa



**125** kr/stk.
Disney sápukúlur - 60 ml.

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 19. júní til 22. júní eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

**nettó**

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn



**VIRÐIR EKKI STÖÐVUNARSKYLDU** Allt er á floti í borginni Oakville í Iowa-ríki í Bandaríkjunum frá því Mississippi-fljót flæddi yfir bakka sína. Flóðið virðir enga stöðvunarskyldu en æðir áfram til suðurs og ógnar nú einnig byggð í Illinois og Missouri. NORDICPHOTOS/AFP

Dómur um Jyllandsposten:

## Tilgangur ekki að hæðast að

**KAUPMANNAHÖFN, AP** Ósannað er að tilgangurinn með að prenta skopmyndirnar af Múhameð spámanni hafi verið að útmála múslima sem glæpamenn eða hryðjuverkamenn, að því er danskur dómstóll segir.

Dómstóllinn í Árósum hafnaði í gær máli gegn Jyllands-Posten, sem fyrst birti skopmyndirnar af Múhameð spámanni árið 2005.

Dómurinn tekur því undir fyrri niðurstöðu undirréttar. - ht

**SKIPULAGSMÁL**

### Efnistaka í Lambafelli

Skipulagsstofnun hefur auglýst eftir athugasemdum við frummatsskýrslu Árvéla vegna mats á umhverfisáhrifum efnistöku í landi Hjallatorfu í Lambafelli. Athugasemdir skulu berast skriflega til Skipulagsstofnunar fyrir 2. ágúst.

# ESA bindur hendur Samkeppniseftirlits

**Samkeppniseftirlitið getur ekki úrskurðað um meinta ólöglega ríkisaðstoð við Ríkisútvarpið en áréttar þá skoðun sína að lögin um RÚV raski samkeppni á fjölmiðlamarkaði. Forstjóri 365 hefur efasemdir um röksemdir eftirlitsins.**

**STJÓRNSÝSLA** Samkeppniseftirlitið getur ekki fjallað um kvörtun 365 hf., vegna meintrar ólöglegrar ríkisaðstoðar við Ríkisútvarpið, þar sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur til skoðunar hvort lagaumhverfi og starfsemi RÚV sé í samræmi við fyrirmæli í EES-samningnum. Málið hefur verið á borði ESA í fjögur ár.

Um leið fær Samkeppniseftirlitið „ekki betur séð“ en að þau efnisatriði sem 365 kvartar yfir séu í samræmi við lögin um RÚV ohf. Þau lög gangi framar samkeppnislögum.

Í júní á síðasta ári krafðist 365 rannsóknar og ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins um hvort fjármögnun ríkisins til RÚV bryti gegn EES-samningnum og hvort samkeppnisstöðu keppinauta RÚV væri raskað á þann hátt að gengi gegn samkeppnislögum.

Í svari sem 365 barst í vikunni er ofantalið rakið en að auki ítrekuð sú skoðun Samkeppniseftirlitsins að í lögunum um RÚV felist samkeppnisleg mismunun þar sem RÚV starfar á auglýsinga- og kostunarmarkaði í frjálsri samkeppni við aðra jafnframt því að hafa tekjur af skattfé. Er minnt á að við meðferð frumvarps til laga um RÚV ohf. hafi Samkeppniseftirlitið bent á leiðir til að koma í veg fyrir röskun á samkeppni.




**RÍKISÚTVARPIÐ Í EFSTALEITI** Samkeppniseftirlitið telur að í lögunum um RÚV felist samkeppnisleg mismunum en getur ekki aðhafst. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ari Edwald, forstjóri 365, segir það vonbrigði að Samkeppniseftirlitið telji sig ekki geta tekið á málinu að svo stöddu enda sýni svar stofnunarinnar að hún telji núverandi fyrirkomulag fela í sér markaðslega mismunun og vinna gegn ákvæðum samkeppnislaga.



**ARI EDWALD**

Um röksemdir Samkeppniseftirlitsins kveðst Ari hafa efasemdir. „Ég tel það vera mikil tíðindi ef stjórnmálamenn hafa talið að grundvallarreglur samkeppnislaga ættu ekki að eiga við um Ríkisútvarpið.“ Ari segir nauðsynlegt að lögin um RÚV verði skýrð og sé ætlunin að undanskilja RÚV samkeppnislögum þurfi að taka það sérstaklega fram. Slíkt sé til dæmis gert í búvörulögum.

Um þau rök að Samkeppniseftirlitið geti ekki fjallað um erindi 365 á meðan ESA hefur RÚV til skoðunar segist Ari fallast á að nokkuð skýrt sé kveðið á um það í samkeppnislögum. „Hins vegar tel ég að það þurfi að vera einhver mörk á hversu lengi er hægt að bíða, því í þessu tilviki er tíminn orðinn óhóflegur. ESA hefur væflast með málið í fjögur ár og það væri óskandi að þar á bæ kæmust menn að niðurstöðu á meðan einhver einkafyrirtæki eru enn eftir á þessum markaði.“

**bjorn@frettabladid.is**

Vörukarfa ASÍ í byrjun júní:

## Hækkun í Nóatúni og Kaskó

**NEYTENDUR** Vörukarfa ASÍ hækkaði mest í Kaskó á milli fyrstu og annarrar viku í júní. Hækkunin var 3,4 prósent.

Nóatún fylgir á hæla Kaskó en vörukarfan hækkaði þar um 1,5 prósent. Hækkunina má að mestu rekja til verðhækkana á kjötvöru, brauði og drykkjarvörum.

Hins vegar lækkaði verðið í lágvöruverslununum Bónus og Krónunni. Hjá hvorri um sig var lækkunin tvö prósent.

Lækkunina hjá þeim var að finna í kjötvöru og grænmeti en einnig lækka drykkjarvörur á milli vikna. - hþj

Seðlabanki Bandaríkjanna:

## Sex þúsund milljarða lán

**WASHINGTON, AP Seðlabanki Bandaríkjanna hefur ákveðið að veita fjármálastofnunum sjötíu og fimm milljarða dollara lán, jafnvirði um sex þúsund milljarða króna, til að mæta lánsfjárkreppu á fjármálamörkuðum.**

**Bankinn vonast til að þessar aðgerðir, ásamt stýrivaxtalækkunum og skattalækkunum, verði til þess að efnahagslífið í stærsta hagkerfi heims rétti úr kútnum á seinni helmingi þessa árs.** - gh

**AKUREYRI**

### Skrílslæti í bæjarráði

Það sem kallað er skrílslæti í miðbæ Akureyrar á Bíladögum um síðustu helgi var rætt í bæjarráði á fimmtudag að ósk Jóhannesar Gunnars Bjarnasonar bæjarfulltrúa.




200.000 kr. lækkun!
L200 INTENSE DCAB SJÁLFSK.
3.660.000 kr.
VERÐ ÁÐUR 3.860.000 KR.
AFBORGUN 41.300 KR. Á MÁN.*

360.000 kr. lækkun!
PAJERO 3.2 INVITE SJÁLFSK.
5.615.000 kr.
VERÐ ÁÐUR 5.970.000 KR.
AFBORGUN 63.900 KR. Á MÁN.*

50.000 kr. lækkun!
OUTLANDER INTENSE 5 MANNA SJÁLFSK.
4.290.000 kr.
VERÐ ÁÐUR 4.340.000 KR.
AFBORGUN 48.900 KR. Á MÁN.*

Finndu rétta kraftinn!
Jepparnir frá Mitsubishi hafa staðist erfiðasta prófið og sigrað í Dakar kappakstrinum ár eftir ár. Komdu og prófaðu þann sem hentar þér: örugga pallbílinn L200, skemmtilega sportjeppann Outlander eða konung jeppanna, Mitsubishi Pajero. Við bjóðum hagstæða fjármögnun í erlendri mynt og eigum bíla til afgreiðslu strax.

MITSUBISHI MOTORS

*Miðað við 30% útborgun og gengistryggðan bílasamning til 84 mánaða.
Árleg hlutfallstala kostnaðar er frá 11% til 12% miðað við hvaða gerð af bíl er valin.

Reynslan er góð!
Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt
HEKLA

# NÚ ÞURFA ALLIR AÐ LEGGJAST Á EITT!



## SÖFNUNAR- OG SKEMMTIÞÁTTUR

Í BEINNI ÚTSENDINGU
Í KVÖLD KL. 21.00
Á SKJÁ*EINUM*

SÖFNUNARNÚMERIN ERU OPIN

903 1000
903 3000
903 5000

á allra vörum

ICELANDAIR.IS

Á ALLRA VÖRUM







**LÓÐIN Á STURLUGÖTU** Tekist hefur verið á um sjö þúsund fermetra byggingarlóð við hlið byggingarinnar sem hýsir Íslenska erfðagreiningu í Vatnsmýri. Þar er nú hverfisbækistöð borgarinnar sem ætlað var að víkja. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Salan á Sturlugötu stöðvuð

**Meirihlutinn í borgarstjórn stöðvaði söluna á Sturlugötu 10 við hlið Íslenskrar erfðagreiningar. Ástæðan er skortur á framtíðarskipulagi Vatnsmýrarinnar.**

**REYKJAVÍKURBORG** Meirihlutinn í borgarráði ákvað í gær að ekkert yrði að sinni af áður ákveðinni sölu lóðar við hlið húss Íslenskrar erfðagreiningar í Vatnsmýri.

Framkvæmda- og eignaráð borgarinnar staðfesti fyrir nokkru sölu byggingarréttar á Sturlugötu 10 til eiganda húss Íslenskrar erfðagreiningar, S8 ehf., fyrir 260 milljónir króna. Töldu bæði borgaryfirvöld og forsvarsmenn S8 að félagið ætti rétt á lóðinni samkvæmt fyrirheiti sem gefið var þegar hús Íslenskrar erfðagreiningar (ÍE) var byggt um aldamótin. Þessu mótmælti Kári Stefánsson, forstjóri ÍE, hins vegar harðlega. Sagðist hann telja að lóðarrétturinn hefði ekki fylgt með í kaupunum þegar ÍE seldi núverandi byggingu á sínum tíma. Hótaði ÍE Reykjavíkurborg lögsókn ef af viðskiptunum yrði.

Sala byggingarréttar á lóðinni hefur nú um nokkurra vikna skeið verið óafgreidd í borgarstjórn og borgarráði. Í gær tók meirihlutinn loks af skarið:

„Í ljósi þess að framtíðarskipulag svæðisins liggur ekki fyrir, sem og þess að afar ólíkar skoðanir eru uppi um framtíðarnotkun þess og þeirrar 7000 fermetra lóðar í eigu Reykjavíkurborgar, sem hér um ræðir, verður að telja ótímabært að úthluta byggingarétti á lóðinni nú. Er því lagt til að borgarráð staðfesti ekki fyrirliggjandi samkomulag að svo komnu máli,“ segir í tillögu sem staðfest var með atkvæðum fulltrúa meirihlutans og Bjarkar Vilhelmsdóttur úr Samfylkingu.

Björk benti á að Samfylkingin hefði áður verið andvíg sölunni og kvaðst fagna því að meirihlutinn hefði snúið við blaðinu. Jafnframt stóð Björk að bókun með borgarráðsfulltrúum Vinstri grænna og Framsóknarflokks sem sátu hjá við afgreiðslu málsins. Segir þar að allt frá því að Framkvæmda- og eignaráð hafi samþykkt samninginn við S8 þann 17. mars síðastliðinn hafi verið að berast frá hagsmunaaðilum:

„Síðan þá hefur meirihlutinn ekki getað komist að niðurstöðu í málinu heldur farið í ótal hringi í hinum ýmsu nefndum og ráðum borgarinnar. Flaustursleg vinnubrögð af hálfu meirihlutans eru svo sem ekkert nýmæli, en óásættanleg engu að síður.“

gar@frettabladid.is








**Meindl Island Pro GTX**
„Einn sá allra besti“.
Heil tunga og vandaður frágangur.
Ótrúlega léttir! Þyngd: 830 g (stærð 42).
GTX vatnsvörn. MFS fóður lagar sig að fætinum.
Vibram veltisóli með fjöðrun.
Sérlega góður stuðningur við ökklann.
Einnig fáanlegir í dömustærðum, bláir.
**Tilboð 28.990 kr.**
**Verð áður 33.990 kr.**




**Meindl Borneo**
Nubuk leður.
Gore Tex vatnsvörn.
Multigriff sóli.
Þyngd: 750 g (stærð 42).
Einnig til í herraútfærslu.
**Tilboð 24.990 kr.**
**Verð áður 28.990 kr.**




**Meindl Colarado lady**
Nubuk leður.
Gore Tex vatnsvörn.
Multigriff sóli.
Þyngd: 750 g (stærð 42).
Einnig til í herraútfærslu.
**Tilboð 21.990 kr.**
**Verð áður 25.990 kr.**

HOLTAGÖRÐUM ○ GLÆSIBÆ ○ KRINGLUNNI ○ SMÁRALIND ○ SÍMI 545 1500

**ÚTILÍF**

ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 42813 06/08

Birgjar stærstu matvöruverslanakeðjanna telja litlar líkur á því að ríkisstyrktar strandsiglingar yrðu nýttar:

# Neytendur krefjast ferskra matvara

**SAMGÖNGUR** Breyttir tímar í verslunarháttum á landsbyggðinni gera það að verkum að forsvarsmenn birgja sem sjá stærstu matvöruverslununum á landinu fyrir vörum telja ólíklegt að þeirra fyrirtæki myndu nýta sér strandsiglingar, verði þær teknar upp að nýju.

Strandsiglingar lögðust af árið 2004 þar sem ekki var næg eftirspurn til þess að það borgaði sig að halda úti skipi í siglingum. Kristján L. Möller samgönguráðherra hefur ítrekað lýst því yfir að hann hafi áhuga á því að taka upp strandsiglingar á ný, þó að ríkið þyrfti að niðurgreiða þær.

„Kröfur neytenda eru ferskar vörur,“ segir Lárus Óskarsson, framkvæmdastjóri Aðfanga. Fyrirtækið sér verslunum Bónuss, Hagkaupa og 10-11 fyrir vörum.

Lárus segir ferskvörur um sextíu prósent af matvörum og þær verði ekki sendar með skipum nema rýra gæðin. Fólk á landsbyggðinni sætti sig ekki við minni gæði en íbúar á höfuðborgarsvæðinu.

Ættu Aðföng að dreifa þurrvörum með skipum þyrfti að setja upp fjögur vöruhús á landsbyggðinni og segir Lárus það allt of kostnaðarsamt.

Strandflutningar eru einfaldlega ekki nútímaleg leið til að flytja vörur, segir Eysteinn Helgason, framkvæmdastjóri Kaupáss, sem rekur verslanir Krónunnar, Nóatúns, 11-11 og Kjarvals, og vísar í sömu ástæður og Lárus. Hann bendir þó á að kostnaður við flutninga sé alltaf að aukast og enginn kostur verði sleginn út af borðinu að óskoðuðu máli.

„Ég sé ekki að strandsiglingar hefðu mikla þýðingu fyrir okkur,“ segir Steinþór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands. Hann segir að flytja þurfi mikið magn í einu til að strandsiglingar borgi sig. Þær séu í raun liðin tíð hjá fyrirtæki sem selji ferskvörur. - bj



**STRANDSIGLINGAR** Samgönguráðherra vill kanna leiðir til að taka upp strandsiglingar að nýju, mögulega með ríkisstyrkjum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

VIKA 20

## DAGBÓK NÝRRA ÍSLENDINGA

Charlotte Ólöf Jónsdóttir Ferrier:

### Ógleymanleg ferð til Líberíu



„Ég kom heim frá Líberíu á sunnudagsnóttina,“ segir Charlotte, sem var við hjálparstörf í Afríkuríkinu á vegum IceAid. Hún segir ferðalagið hafa tekið 37 klukkustundir og alls náð 14.056 kílómetrum, fimm flugvöllum og sjö flugvélamáltíðum. „Þetta var ógleymanleg ferð, aðallega þar sem ég hitti yndislegt fólk sem tók svo vel á móti mér. Þetta ferðalag mitt minnti mig á að hversu heppin við erum hér, sér í lagi hvað varðar ýmis grundvallarréttindi eins og heilsugæslu og menntun. Ég vonast þó til að komast innan skamms aftur til Líberíu.“

Filipe Figueredo:

### Portúgalarnir taka þetta



Það var ekki laust við að Filipe væri nokkuð spenntur þegar Fréttablaðið hafði samband við hann í gær. Ástæðan er þó augljós en aðeins voru nokkrar klukkustundir þangað til portúgalska landsliðið mætti því þýska í átta liða úrslitum í Evrópukeppninni.

„Sem betur fer fara margir snemma úr vinnu til að horfa á leikina svo að ég hef getað gert það sama og hef því ekki misst af leik,“ segir hann. „Ég er auðvitað vongóður fyrir hönd minna manna við vinnum þetta. Yfirmaður minn sem veðjaði á Svía í upphafi er nú orðinn sannfærður um að Portúgalar taki þetta.“

En þegar talið berst að öðru en fótbolta segir Filipe að heimþráin sé aðeins farin að segja til sín. „Ef það er ekki harður vetur né heldur almennilegt sumar þá leiðist mér svolítið svo ég bíð spenntur eftir því að komast heim í sólina.“

Rachid Benguella:

### Hélt upp á þjóðhátíðardaginn



„Þetta var yndislegur dagur,“ segir Rachid, sem gekk ásamt konu sinni um miðborg Reykjavíkur á þjóðhátíðardaginn, 17. júní. Hann segist halda upp á daginn eins og flestir aðrir Íslendingar. „Ég bý hér og þetta er minn dagur líka sem ég deili með Íslendingum. Ég skemmti mér og naut dagsins með konunni minni, vinum okkar og fjölskyldu. Við hlustuðum á nokkur tónlistaratriði sem voru ótrúlega fjölbreytt og skemmtileg. Það var mikið líf í bænum. Sautjándi júní er alltaf góður dagur, sérstaklega þegar það er jafn gott veður og var nú í ár.“




Viltu taka daginn snemma í sumar?

Erum að leita að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana.

Hafðu samband við dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að fylla út umsókn á www.posthusid.is

Pósthúsið







# OFURHELGI!



50% afsláttur við kassa

1.697 kr/kg
Merkt verð 3.395,-

## Andarbringur



40% afsláttur við kassa

1.655 kr/kg
Merkt verð 2.759,-

## Kjúklingalundir



36% afsláttur

199 kr
Verð áður 314,-

**Sól appelsínusafi**
– 1L




26% afsláttur

499 kr
Verð áður 682,-

**Cheerios**
– Twin Pack 992g




50% afsláttur við kassa

1.199 kr
Merkt verð 2.399,-

**Emmessís**
– Topp 5 + DVD





19.999 kr
Verð áður 29.999,-

**Prostyle 28" Gentleman**




3.999 kr
Verð áður 7.999,-

4.499 kr
Verð áður 8.999,-

**Rjómasprautur**
– 0,5l og 1l



40% afsláttur við kassa

**Gosh snyrtivörur**
– nú með afslætti




30% afsláttur við kassa

**30% afsláttur**
– af völdum titlum




699 kr
Verð áður 2.499,-

**Bolur**




1.999 kr
Verð áður 3.999,-

**Gallabuxur**
– herra

Gildir til 22. júní eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

# FRÁBÆR TILBOÐ
## á vinsælum vörum





60% afsláttur við kassa

**Svínalundir**

975 kr/kg
Merkt verð 2.438,-

**Latabæjarbúningur**
delux

2.599 kr
Verð áður 3.999,-

**Latabæjarbúningur**

1.299 kr
Verð áður 1.999,-



1.999 kr
Verð áður 3.999,-

**Náttsloppur**
– Íþróttaálfurinn, Solla stirða



999 kr
Verð áður 1.999,-

**Bolir**
– Íþróttaálfurinn, Solla stirða



599 kr
Verð áður 1.999,-

**Rúllukragapeysur**
– dömu



1.999 kr
Verð áður 3.499,-

**Sportskór**
– 2 tegundir

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## „ORÐRÉTT“

### Næringarfræði 101

**„Þegar bjarndýr er svona horað þá þýðir það að það hefur ekki étið í langan tíma.“**

ÞORSTEINN SÆMUNDSSON, FORSTÖÐUMAÐUR NÁTTÚRUSTOFU NORÐURLANDS VESTRA, SKILUR GANG LÍFSINS. **Fréttablaðið 19. júní**

### Þar er efinn

**„Það er ekki endilega rétt, en það gæti verið rétt.“**

SVEINN ÞORGRÍMSSON, FORMAÐUR ÚTHLUTUNARNEFNDAR LOSUNARHEIMILDA, ER EKKI ALVEG VISS HVORT BARA EITT ÁLVER RÚMIST INNAN LOSUNARHEIMILDA. **Fréttablaðið 19. júní**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** VALDIMAR ÖRN FLYGENRING LEIKARI

## *Leiðsögumaður málar fyrir sálina*

„Ég fór í jómfrúrferðina mína sem leiðsögumaður upp á Langjökul fyrir hálfum mánuði og líkaði vel,“ segir Valdimar sem er nýkominn með leiðsögumennskuna sem aukastarf en á sumrin er hann annars aðallega að mála. „Ég er bara að mála þessa dagana og bíða eftir nýju leikári í Borgarleikhúsinu. Það er voðalega gott fyrir sálina að mála hvítt. Það er hreinsandi.“

Valdimar lék á síðasta leikári meðal annars í leikritinu Fló á skinni sem fékk á dögunum áhorfendaverðlaunin á Grímunni. „Flóin verður sett aftur upp í haust og svo sé ég til hvað ég geri fleira. Það er alltaf nóg að gera.“

Valdimar er fjölhæfur og hefur meðfram leiklistinni og öðrum störfum gælt við tónlistina. Árið 1991 gaf Valdimar út plötuna Kettlingar ásamt hljómsveitinni Hendes verden. Nú er hann að vinna að öðru tónlistarverkefni. „Ég er mikið að spila á gítar þessa dagana. Ég er í hljómsveit með félögum mínum sem ber vinnuheitið Úlfur. Við erum að æfa frumsamið efni en höfum hingað til bara spilað fyrir sjálfa okkur,“ segir Valdimar en bætir við að markmiðið sé að koma fljótlega fram fyrir aðra. „Okkur finnst þetta passa svona undir stiga eða í bakgarði á menningarnótt. Þannig að ef það er einhver vert í bænum sem leggur fram góðan samning þá erum við tilbúnir til viðræðna,“ segir Valdimar og hlær.

„Svo er ég stundum að kyssa hana Siggu mína og þess á milli að reyna að vera ekki algjörlega óþolandi í augum unglinganna á heimilinu.“



## BRESKA ÞINGIÐ
### ÞRÍSKIPT ÞING



Breska þingið er löggjafi Bretlands og er þrískipt. Æðsta vald þingsins er neðri deildin. Í henni sitja 646 lýðræðislega kjörnir þingmenn. Lávarðadeildina skipa lávarðar og fulltrúar bresku biskupakirkjunnar. Vald hennar er nú takmarkað. Drottning Bretlands, Elísabet önnur, telst höfuð þingsins en vald hennar er að mestu formlegs eðlis. Ríkisstjórn Bretlands situr í umboði þingsins og þingið fer með fjárstjórnarvald: ákvarðar tekjur og útgjöld ríkisins.

## SJÓNARHÓLL
**TÓNLEIKAR BJARKAR OG SIGUR RÓSAR**

### *Nota frægðina á réttan hátt*



KATRÍN ATLADÓTTIR

„Mér finnst frábært að sjá vinsælar hljómsveitir nota frægð sína til einhvers sem skiptir máli,“ segir Katrín Atladóttir verkfræðingur. „Ég fór á tónleika með Radiohead í Mílanó um daginn. Þeir nota til dæmis orkusparandi ljósaperur auk þess að mælast til þess að fólk gangi eða hjóli á tónleikana.“ Katrín segir tónleika á borð við þessa auðveldlega geta vakið fólk til umhugsunar.

# Dreymir um Danmerkurreisu

**Rakel Árnadóttir er 28 ára Grafarvogsbúi sem er fötluð vegna heilalömunar (cerebral palsy). Hún er ákveðin í að láta fötlun sína ekki koma í veg fyrir að hún geti heimsótt eftirlætislandið sitt, Danmörku, í sumar. Slíkt ferðalag getur þó reynst afar kostnaðarsamt. Rakel hefur hafið fjársöfnun af þessu tilefni.**

„Ég er mikill aðdáandi Danmerkur og nánast alls sem danskt er,“ segir Rakel, og heimili hennar ber þessari aðdáun á fyrrum herraþjóð okkar glögglega vitni. Lítill danskur fáni blaktir við hún í glugganum og veggina þekja ljósmyndir af meðlimum dönsku konungsfjölskyldunnar. Spurð um ástæðuna fyrir þessum mikla áhuga á Danaveldi segir Rakel ýmsa þætti vera að verki. „Það er svo ótalmargt sem heillar við Danmörku. Ég hef mikinn áhuga á danskri tungu og er alltaf að verða sleipari í henni. Horfi til dæmis mikið á danska DVD-diska til að öðlast betri skilning. Svo er alltaf gaman að vera í Kaupmannahöfn. Sérstaklega á Strikinu, þar er uppáhaldsbúðin mín, Fona. Þar er flest til sem mig vantar. Ég hef líka áhuga á að kynna mér hvernig danska kerfið meðhöndlar öryrkja, en ég hef heyrt að aðstæður öryrkja séu að einhverju leyti betri þar en hér heima,“ segir Rakel, sem er greinilega farin að hlakka til ferðarinnar.

Rakel fékk heilahimnubólgu þegar hún var tíu daga gömul. Síðan þá hefur hún verið fötluð af heilalömun, sem lýsir sér þannig að ákveðnar stöðvar í heilanum virka ekki eins og þær eiga að gera. Rakel er því hreyfihömluð, bundin við hjólastól og þarfnast mikillar aðstoðar við sínar daglegu athafnir. Stutt ferð til Danmerkur getur því reynst mjög kostnaðarsöm, því auk þess að greiða allan ferðakostnað fyrir sjálfa sig þarf Rakel að standa straum af kostnaði fyrir aðstoðarmanneskju sem verður með í för.

Rakel hefur hafið söfnun sem miðar að því að minnka fjárhagsbyrðina sem hlýst af slíkri reisu. „Söfnunin gengur ágætlega og ég er mjög þakklát þeim sem hafa lagt mér lið. Enn vantar þó dálítið upp á að þetta gangi upp.“

Þeim sem vilja auðvelda Rakel að láta Danmerkurdraum sinn rætast er bent á reikningsnúmer hennar: 515-14-611114. Kennitala hennar er: 110680-5629.

**kjartan@frettabladid.is**



**DANNEBROG Á HANDLEGGNUM** Rakel lét húðflúra danska fánann og skjaldarmerki krónprinsins á handleggina á sér fyrir nokkrum árum. „Húðflúrarinn varð steinhissa og spurði hvers vegna ég fengi mér ekki íslenska fánann á hendina,“ segir hún.


# Næturferðir Herjólfs sumarið 2008



Sumarið 2008 verða sigldar næturferðir á völdum dagsetningum. Þá er siglt frá Vestmannaeyjum klukkan 23.00, og til baka frá Þorlákshöfn klukkan 2.00 um nóttina.

Um borð í Herjólfi eru þrír aðalsalir, matsalur, sjónvarpssalur og setustofa en auk þess fjöldi káetna. Einnig má nefna tvær barnastofur, aðra með leikföngum og hina með sjónvarpsefni.

Eftirtalda daga verða sigldar næturferðir og miðast við að brottför sé frá Vestmannaeyjum klukkan 23.00:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Föstudag | 20. júní | Fimmtudag | 3. júlí | Föstudag | 1. ágúst |
| Þriðjudag | 24. júní | Sunnudag | 6. júlí | Mánudag | 4. ágúst |
| Miðvikudag | 25. júní | Föstudag | 11. júlí | Þriðjudag | 5. ágúst |
| Föstudag | 27. júní | Föstudag | 18. júlí | Miðvikudag | 6. ágúst |
| Laugardag | 28. júní | Föstudag | 25. júlí | Föstudag | 8. ágúst |
| Sunnudag | 29. júní | Miðvikudag | 30. júlí | Föstudag | 15. ágúst |
| Miðvikudag | 2. júlí | Fimmtudag | 31. júlí | Föstudag | 22. ágúst |
| | | | | Föstudag | 29. ágúst |

Bókun og ítarlegri upplýsingar á www.herjolfur.is

Ath. að samkvæmt okkar upplýsingum eru rútuferðir ekki alltaf tengdar næturferðum.
Vinsamlegast leitið upplýsinga um rútuferðir hjá Þingvallaleið í síma 511 2600.

HERJÓLFUR – milli lands og eyja

EIMSKIP Básaskersbryggju 900 Vestmannaeyjar Sími 481 2800 Fax 481 2991 www.herjolfur.is

TBWA\REYKJAVÍK\SÍA \ 082684


Safna fyrir keppnisferð:

# Teflt í Heimakletti

Íslandsmeistararnir í barnaskólasveitinni í skák, fjórir strákar úr Grunnskóla Vestmannaeyja, tefldu við feður sína á toppi Heimakletts á þjóðhátíðardaginn, 17. júní síðastliðinn.

Svo fór að í sveitakeppni sigruðu strákarnir feður sína með tveimur og hálfum vinningi gegn einum og hálfum. Í kjölfarið vann Kristófer Gautason fyrsta Heimaklettsmótið í skák en keppt var með útsláttarfyrirkomulagi. Skákmótin mörkuðu upphaf söfnunar strákanna vegna ferðar þeirra á Norðurlandamót barnaskóla í skák sem fram fer á Álandseyjum 12. til 14. september. **- ovd**



**TEFLT Í GÓÐVIÐRINU** Ólafur Freyr Ólafsson og Karl Gauti Hjaltason, formaður Taflfélags Vestmannaeyja, voru meðal þeirra sem tefldu.

MYND/ÓSKAR P. GUÐJÓNSSON

NISSAN

VÉLHJÓLAVÆNIR

# ATVINNUBÍLAR

## STÆRÐIN SKIPTIR MÁLI

Við bjóðum nokkra nýja Nissan atvinnubíla á frábæru 24 mánaða rekstrarleigutilboði. Kynntu þér gæði og einstök kjör Nissan atvinnubíla, hringdu núna eða komdu og reynsluaktu hagstæðum vinnubíl frá Nissan.

„Þú finnur réttu stærðina fyrir þinn rekstur"

Sparibaukurinn

Rekstrarleiga í 24 mánuði
**41.500 kr.***
Án VSK

### Nissan Kubistar

Kubistar hentar einstaklega vel í minni verkefni sem krefjast ekki stórþutninga – eða einfaldlega í daglega verktakavinnu.



2.510.000 kr. m/vsk.

Sendibíllinn

Rekstrarleiga í 24 mánuði
**59.500 kr.***
Án VSK

### Nissan Primastar

Primastar er rennilegur sendibíll sem þýtur vörur á þægilegan hátt um þjóðvegi landsins. Primastar tekur á móti EURO brettum, beint í bílinn.



3.770.000 kr. m/vsk.

Stóri bíllinn

Rekstrarleiga í 24 mánuði
**71.500 kr.***
Án VSK

### Nissan Interstar

Interstar er stóri bróðirinn. Hægt er að velja um tvær mismunandi hæðir. Í báðum útfærslum er stórt rými fyrir vörur af þestum stærðum og gerðum sem gerir bílinn fjölnota.



4.610.000 kr. m/vsk.

* Miðað við rekstrar- / einkaleigusamning til 24 mánaða (erlend myntkarfa). Athugið að lágmarkstryggingargjald, sem greiða þarf í upphafi, er endurgreitt í lok samningstíma. Innifalin í mánaðargreiðslu er öll áskilin þjónusta samkvæmt þjónustubók.

# HJÓLAÐU Í DÖGGINNI



## NISSAN KYNNIR MIÐNÆTUR - ENDURO



Ingvar Helgason í samstarfi við Vélhjólaklúbbinn Vík kynna Miðnætur-Enduro sem haldið verður við litlu Kaffistofuna (Bolöldu) **á morgun laugardag milli kl. 18:00 og 24:00**.

Keppendur eru beðnir að koma með hjólin til skoðunnar hjá Ingvari Helgasyni milli klukkan 19-21 í kvöld föstudag.

VEITINGAR Í BOÐI OG HEITT Á KÖNNUNNI

IH
INGVAR HELGASON

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 - Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521

ENNEMM / SIA / NM34381

Umhverfisvottaðar vörur
- fyrir sumarbústaðinn, veiðihúsið og ...



ECOLAB Satiné Clean, gólfsápa
Brial Clean, alhliða hreinsiefni
Kristalin Clean, baðherbergishreinsir
Into WC Clean

Lotus eldhúsrúllur
Lotus Maraþon Plus
Lotur T-Þurrkur
Lotus V-Þurrkur
Lotus WC pappír
Lotus WC Júmbó

Nánari upplýsingar veita sölumenn og ráðgjafar RV

Servíettur NexxStyle 39x39cm 80stk, ýmsir litir

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

Stökktu til
Costa del Sol
26. júní – 10. júlí
frá kr. 39.990



2 vikur – Allra síðustu sætin!
Heimsferðir bjóða frábært tilboð til Costa del Sol í tveggja vikna ferð 26. júní. Njóttu lífsins á þessum vinsæla stað í sumar. Þú bókar og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Gríptu tækifærið og tryggðu þér sumarfrí á frábærum kjörum á vinsælasta sumarleyfisstað Íslendinga.

Verð kr. 39.990
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í 2 vikur.

Verð kr. 49.990
Netverð á mann, m.v. 2 saman í herbergi / stúdíó / íbúð í 2 vikur.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

**FRÉTTASKÝRING:** Félagslegt húsnæði

# Leigukostnaður hækkar hjá allt að 500 manns

**Um síðustu mánaðamót tók gildi nýtt stuðningskerfi fyrir íbúa Félagsbústaða í Reykjavík. Nú hefur niðurgreiðslu húsnæðis verið hætt og sértækar leigubætur teknar upp í staðinn. Breytingar á útgjöldum koma ekki að fullu í ljós fyrr en um næstu mánaðamót en hjá þó nokkrum fjölda hafa þau hækkað töluvert.**



**FÉLAGSBÚSTAÐIR** Umtalsverð hækkun varð á leigu eftir breytingar á stuðningskerfi. Stjórnin vill tíu prósenta hækkun leigu umfram verðlag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sigurður Kr. Friðriksson, framkvæmdastjóri Félagsbústaða, segir að breytingarnar á stuðningskerfinu eigi að nýtast þeim verst settu best. „Áður var kerfið þannig að niðurgreiðsla var bundin íbúð, óháð efnahag. Nú hefur raunkostnaðarleiga hækkað og stuðningur við þá sem verst eru settir hækkað á móti,“ segir Sigurður. Hann segist telja að hjá um 300 til 500 manns nemi hækkun útgjalda meira en 5.000 krónum.

**Tugprósenta hækkun**

Fréttablaðið hefur undir höndum greiðsluseðil eins leigjanda Félagsbústaða. Leiga viðkomandi var ríflega 32 þúsund krónur, en eftir breytingar er hún tæpar 55 þúsund krónur; hækkunin nemur rúmlega 70 prósentum.

Á móti þessu kemur umtalsverð hækkun á húsaleigubótum. Viðkomandi var með tæplega 10 þúsund krónur, en með sérstökum húsaleigubótum fékk hann um síðustu mánaðamót um 38 þúsund krónur. Útgjöld mannsins hækkuðu því úr ríflega 20 þúsund í ríflega 26 þúsund krónur, eða um um það bil 30 prósent.

Með þessu er þó ekki öll sagan sögð. Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra setti í apríl reglugerð um hækkun húsaleigubóta frá og með 1. apríl. Grunnbætur hækkuðu úr 8.000 í 13.500, eða um 69 prósent. Þá höfðu húsaleigubætur ekki hækkað síðan árið 2000.

Bæturnar eru greiddar eftir á og um síðustu mánaðarmót fengu leigjendur leiðréttingu á húsaleigubótum í apríl og maí og því er um tveggja mánaða sérstakar húsaleigubætur að ræða í þessu tilviki. Nokkuð sem ekki verður fyrir hendi um næstu mánaðamót.

Húsaleika hækkar ársfjórðungslega, en hún er bundin húsaleigulið í vísitölu. Í ár hefur leigan hækkað um 3,4 prósent og reikna má með töluverði hækkun um næstu mánaðarmót, nái spár um vísitölu eftir að ganga. Húsaleigubætur eru ekki bundnar vísitölu og því standa þær í stað þar til annað er ákveðið. Ákvörðun félagsmálaráðherra um hækkun þeirra stendur til tveggja ára og því ljós að bætur muni ekki hækka á þeim tíma.

**Deilt um aðgerðir**

Þorleifur Gunnlaugsson, fulltrúi Vinstri grænna í velferðarráði, vildi fresta breytingum á kerfinu



ÞORLEIFUR GUNNLAUGSSON



JÓRUNN FRÍMANNSDÓTTIR

þangað til bæturnar yrðu bundnar vísitölu. „Um næstu mánaðamót má reikna með að leigan hækki um 5 til 6 prósent, ef ekki meira. Bæturnar hækka ekki á móti og það er óeðlilegt,“ segir Þorleifur og bætir við að almennt hafi útgjöld fólks í félagslegu húsnæði aukist eftir breytinguna.

Þessu mótmælir Jórunn Frímannsdóttir, formaður velferðarráðs, og segir að þvert á móti hafi raunútgjöld meirihluta íbúa lækkað. „Heilt yfir kemur þetta meirihlutanum til góða og þetta er mun réttlátara kerfi,“ segir Jórunn.

Hún segir að hjá einhverjum hafi leigan hækkað meira en um 5.000 krónur og með þann hóp sé unnið sérstaklega. Sumir séu í of stóru húsnæði, aðrir hafi ekki sótt um húsaleigubætur og einhverjir séu hreinlega of tekjuháir miðað við viðmið Félagsbústaða. „Þetta kemur mun meiri hreyfingu á kerfið. Í þessu er hvati fyrir fólk að finna sér íbúð við hæfi og einnig til að komast út úr kerfinu. Í dag er kerfið allt of staðið.“

Jórunn segir að eðlilegt sé að húsaleigubætur séu vísitölutengdar. „Velferðarráð samþykkti samhljóða áskorun til ráðuneytisins þar um. Það er hins vegar ekki hægt að hengja breytingar hjá Reykjavíkurborg á mögulegar aðgerðir í ráðuneytinu í ófyrirséðri framtíð,“ segir Jórunn.

Hrannar B. Arnarsson, aðstoðarmaður félagsmálaráðherra, segir að á vegum ráðuneytisins sé í gangi vinna um endurskoðun á öllum stuðningsúrræðum varðandi húsnæði. „Við erum að skoða allt kerfið á vegum hins opinbera, hvort sem það eru húsaleigubætur, vaxtabætur eða niðurgreiðsla á félagslegum íbúðum. Vísitölutenging húsaleigubóta rúmast innan þeirrar vinnu og verður bara skoðað.“

Starfshópurinn á jafnframt að skoða verka- og kostnaðarskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að hann skili af sér eigi síðar en 1. desember 2008.

**Vilja meiri hækkun**

Fyrir mánuði síðan óskuðu Félagsbústaðir eftir tíu prósenta hækkun á húsaleigu umfram verðlagshækkanir.

Afgreiðslu velferðarráðs á tillögunni hefur verið frestað en reiknað er með að hún gangi í gegn á miðvikudaginn. Jórunn segir að verið sé að móta tillögu að svari innan velferðarsviðs en vísar að öðru leyti í fyrri ummæli sín. Þegar tillagan kom fram sagði hún að sér þætti ekki ólíklegt að beðið yrði með hækkun.

Óskin um hækkun leigu Félagsbústaða kemur vegna rekstrarstöðu fyrirtækisins. Menn eru sammála um að hún sé slæm og Jórunn segir beiðnina ekki óeðlilega í ljósi hennar.

Þorleifur segir málið einfalt; auka þurfi framlög borgarinnar til Félagsbústaða. „Við ættum frekar að setja peninga í félagsleg úrræði en að ausa fé í að setja Geirsgötu í stokk, svo dæmi sé tekið. Þegar illa árar þarf að huga að þeim verst settu,“ segir Þorleifur.

## LÍTIL HREYFING

Vegna aðstæðna á húsnæðismarkaði á höfuðborgarsvæðinu undanfarin ár hefur dregið úr gegnumstreymi leigjenda og þar með afköstum íbúðaeignar Félagsbústaða, sem sést best á því að úthlutuðum íbúðum fjölgaði einungis um fjórtán prósent á tímabilinu 1999-2007 á sama tíma og íbúðaeign Félagsbústaða nær tvöfaldaðist. Á tímabilinu fjölgaði umsækjendum á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði hjá Velferðarsviði borgarinnar hins vegar um 62 prósent.

*Úr skýslu stjórnar Félagsbústaða 2008.*

## HLUTAFÉLAG UM FÉLAGSLEG ÚRRÆÐI

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti í desember 1996 að stofna hlutafélag um eignarhald og rekstur félagslegs leiguhúsnæðis á vegum Reykjavíkurborgar. Megintilgangur með stofnun fyrirtækisins var að skilja rekstur félagslegra leiguíbúða Reykjavíkurborgar frá öðrum rekstri borgarinnar og bæta fjárhagsstöðu og faglega umsýslu rekstrarins.

Félagsbústaðir áttu 2063 íbúðir í árslok 2007, þar af voru 1767 leiguíbúðir og 296 þjónustuíbúðir fyrir aldraða ásamt tilheyrandi þjónusturýmum. Leiguíbúðum hefur fjölgað um 940 á tíu árum frá stofnun félagsins 1997 en þá nam fjöldi félagslegra leiguíbúða átta íbúðum á hverja 1.000 íbúa í borginni en var 15 íbúðir í árslok 2007 og áætlaður sautján íbúðir í árslok 2010.

## FJÖLGAR Á BIÐLISTA

| Ár | Fjöldi íbúða | Úthlutanir | % | Biðlisti |
|---|---|---|---|---|
| 1999 | 974 | 153 | 16 | 471 |
| 2007 | 1.747 | 175 | 10 | 761 |



FRÉTTASKÝRING
KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ
kolbeinn@frettabladid.is

# AFNEMUM VSK

## AF ÚTIVISTAR- OG STANGVEIÐIVÖRUM

## 20.-22. JÚNÍ

## Í INTERSPORT LINDUM










**INTERSPORT**®

Intersport Lindir SÍMI 585 7240 • OPIÐ mánudaga - föstudaga 11 - 19 • Laugardaga 11 - 18 • Sunnudaga 12 - 18

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# LAMBAKJÖT- KJÚKLINGUR- GRÍSAKJÖT



2498

KS ferskt lambafillet
**2498 kr./kg.**



1198

KS frosið lambalæri í sneiðum
**1198 kr./kg.**




30% AFSLÁTTUR

KF grill lambalærissneiðar
**1399 kr./kg.** MERKT VERÐ 1999 KR./KG.



40% AFSLÁTTUR

Bónus ferskkrydduð kjúklingalæri
**479 kr./kg.** MERKT VERÐ 799 KR./KG.




40% AFSLÁTTUR

KF lambakótilettur í raspi
**1199 kr./kg.** MERKT VERÐ 1999 KR./KG.




35% AFSLÁTTUR

SS grill koníakslegnar svínakótilettur
**1228 kr./kg.** MERKT VERÐ 1888 KR./KG.




698

Nautaveislu ferskt nautahakk
**698 kr./kg.**




498

Bónus ungnautahamborgarar
4 stk m/brauði **498 kr pakkinn.**



20% AFSLÁTTUR

Innfluttar svínalundir frosnar
**1278 kr./kg.** MERKT VERÐ 1598 KR./KG.

## BETRA VERÐ Á SVALANDI DRYKKJUM Í BÓNUS

**Pepsi** MAX dós- **Pepsi** Classic dós- **Egils appelsín** dós **500ml 59 kr.**
**Egils gull** 500ml dós **59 kr. Pepsi MAX 2 ltr. flaska 119 kr.**

**JuCee GeeBee** þykkni 3 ltr. Sólberja eða appelsínu **298 kr.**
ÞYKKNIÐ BLANDIST EINN Á MÓTI FJÓRUM EÐA EFTIR SMEKK.




119




59 59 59 59




NÝTT Í BÓNUS

298

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

# BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30


BÓNUS
BÓNUS
BÓNUS
ALLTAF NÝBAKAÐ Í BÓNUS
198
Bónus kleinuhringir
KARAMELLU EÐA SÚKKULAÐI 2 stk 198 kr.
139
Bónus snúður
SÚKKULAÐI EÐA KARAMELLU 139 kr.
1798
Bónus hangiálegg í sneiðum
1798 kr./kg.
198
Bónus fetaostur
250g 198 kr.
95
KF hrásalat
350g 95 kr.
NÝTT Í BÓNUS
159
Jakops Club Orange kex
8 STK 159 kr.
20% LÆGRA VERÐ
990
Samlokuostur í sneiðum
990 kr./kg. VERÐ ÁÐUR 1237 KR./KG.
259
Bónus kleinur 15 stk 259 kr.
INNAN VIÐ 1% HERT FITA
295
EmmEss toppar 4 stk.
HNETUR OG DAIM 295 kr.
198
Bónus frost-gleðipinnar
15 stk 198 kr.
98
Euroshopper brauð 2 pk
KRYDD OG HVÍTLAUKS 98 kr.
359
Bónus stórar eldhúsrúllur
XL 3 stk 359 kr.
MAXI OG JUNIOR
2298
Pampers bleiur megakassinn
2298 kr.
129
Koopman plast vínstaup
6 stk 129 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.513 **+0,09%**

**Fjöldi viðskipta:** 193
**Velta:** 1.186 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **FÆREYJABANKI** | +2,83% | **LANDSBANKINN** | -1,49% |
| **BAKKAVÖR** | +1,91% | **EIMSKIPAFÉLAGIÐ** | -1,05% |
| **365** | +1,74% | **ATLANTIC AIRWAYS** | -0,95% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 6,40 0,00% ... Bakkavör 32,05 +1,91% ... Eimskipafélagið 14,20 -1,05% ... Exista 8,68 +0,58% ... Glitnir 16,30 +0,31% ... Icelandair Group 14,73 +0,20% ... Kaupþing 780,00 +0,52% ... Landsbankinn 23,10 -1,49% ... Marel 91,10 +0,55% ... SPRON 3,75 0,00% ... Straumur-Burðarás 10,12 -0,30% ... Teymi 2,12 +0,95 ... Össur 93,30 +0,54%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Vogunarsjóðum kennt?

Geir H. Haarde forsætisráðherra verður í sviðsljósinu á alheimsráðstefnu Euromoney fyrir lánastofnanir og fjárfesta sem verður haldin í Lundúnum eftir helgi. Geir setur ráðstefnuna og ætlar að fræða aðra gesti um hvernig Íslendingar unnu sigur á skortsölunum sem ætluðu að græða á litlu opnu hagkerfi okkar í undirmálslánakrísunni. Fulltrúar nokkurra vogunarsjóða kynnu að verða í hópi áheyrenda og gætu hugsanlega lært eitthvað; hugsa sig vonandi tvisvar um áður en þeir leggja aftur til atlögu við afkomendur víkinga á eyjunni bláu. Krísunni vondu er annars ekki lokið og enn er ölduhæðin mikil í íslenskum efnahagssjó, svo vægt sé til orða tekið.



### Hannes, Jón og Pálmi

Óvíst er hvers vegna Hannes Smárason og Pálmi Haraldsson ganga úr stjórn FL Group. Hvorugur vill tjá sig um málið. Stjórnarmönnum var fækkað úr fimm í sjö, en á hluthafafundum er ekki annað að sjá en að bæði Hannes og Pálmi eigi kröfu til stjórnarsætis. Jón Ásgeir Jóhannesson víkur sem stjórnarformaður af kunnum ástæðum, en hann þarf að víkja úr öllum stjórnum vegna dóms.

## Brú II fjárfestir í breskri tækni

Fjárfestingarsjóðurinn Brú II Venture Capital, sem Straumur og íslenskir lífeyrissjóðir eiga hlut í, hefur keypt hlut í breska upplýsingatæknifyrirtækinu Commerce Group.

Brú II verður með kaupunum stærsti hluthafi félagsins og sest Gísli Hjálmtýsson, framkvæmdastjóri Thule Investments, sem sér um umsýslu sjóðanna Brúar og Brúar II, í stjórn þess.

Fyrirtækið, sem var stofnað fyrir þremur árum, sérhæfir sig í þróun lausna fyrir greiðslumiðlun á netinu og netviðskiptum með farsíma.

- jab

# Samdráttur í greiðslukortaveltu

Heildar greiðslukortavelta hefur dregist saman um 4,5 prósent á föstu verðlagi síðastliðna tólf mánuði. Vegna víðtækrar notkunar greiðslukorta hér á landi ætti greiðslukortavelta að gefa ágæta vísbendingu um þróun einkaneyslu segir í vegvísi greiningardeildar Landsbankans.

Greiðslukortavelta nam tæpum 60 milljörðum króna í maí, þar af var 26,2 milljarða króna velta í kreditkortum og 33,7 milljarða króna í debetkortum. Á föstu verðlagi var kreditkortavelta nánast óbreytt á milli ára en debetkortavelta hefur hins vegar dregist saman um 7,7 prósent.

- bþa




VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



vilborga@centrum.is

**Amerískir GE kæliskápar**

**GE kæliskáparnir eru öflugir, endingargóðir og glæsilega innréttaðir**

GCE21LGWFS – Stærð: h 176 x b 90,9 x d 60,7 sm – **Með ryðfríum stálhurðum**
381 ltr. kælir og 173 ltr. frystir – **Orkunotkun: A**

General Electric

**TILBOÐ kr.: 219.900***

*Tilboðið gildir meðan birgðir endast.

**EIRVÍK** *-hágæðaheimilistæki*

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík Sími 588 0200 | **www.eirvik.is**


# Ingibjörg stjórnarformaður FL Group

„Þetta er mikil ábyrgð sem ég tek alvarlega," segir Ingibjörg Pálmadóttir, nýr stjórnarformaður FL Group.

Ný stjórn FL Group var kjörin á hluthafafundi í gær. Þá var stjórninni breytt þannig að í henni sitja fimm í stað sjö áður. Jón Ásgeir Jóhannesson, Pálmi Haraldsson og Hannes Smárason ganga úr stjórn, en Ingibjörg kemur ný inn í stjórnina.

Ný stjórn skipti með sér verkum á sínum fyrsta fundi í gærmorgun og var Ingibjörg valin til forystu.

Hún segir spennandi verkefni fram undan. „FL Group hefur jú mætt mótbyr eins og allir vita en mikil vinna sem lögð hefur verið í endurskipulagningu félagsins síðasta hálfa árið er farin að skila árangri. Staða FL Group er sterk þrátt fyrir allt og framtíðin er björt."

- ikh



**FORMAÐURINN OG FORSTJÓRINN** Ingibjörg Pálmadóttir og Jón Sigurðsson. Ingibjörg segir framtíðina bjarta hjá FL Group. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Björgólfur Thor fær lán frá Kínverjum

Þróunarbanki Kína (CDP) hefur lánað pólska fjarskiptafyrirtækinu Play, sem Novator, félag Björgólfs Thors Björgólfssonar á 75% hlut í, um 80 milljarða íslenskra króna til að standa straum af frekari uppbyggingu fyrirtækisins í Póllandi.



**BJÖRGÓLFUR THOR**

Play var sett á laggirnar fyrir sextán mánuðum. Fyrirtækið hefur á þeim tíma nælt sér í 1,4 milljónir viðskiptavina og er fjórða stærsta fjarskiptafyrirtæki Póllands.

Björgólfur Thor segir í samtali við Financial Times að hann vonist eftir því að geta unnið með Kínverska þróunarbankanum að fleiri verkefnum á komandi misserum í Evrópu.

Play hefur auk þess gert samning við kínverska fyrirtækið Huawei um að framleiða fjarskiptabúnað fyrir þriðju kynslóðar farsíma.

Björgólfur Thor gerði fyrst samning við Huawei árið 2005 en þá var hann með í för Ólafs Ragnars Grímssonar forseta Íslands í opinberri heimsókn til Kína.

- as

# Fjármálafyrirtækin geri viðbragðsáætlun

Fjármálaeftirlitið ætlar framvegis að innheimta skýrslur um laust fé fjármálafyrirtækja. Seðlabankinn hefur fengið slíkar skýrslur um laust fé á samstæðugrunni félaga. Eftirlitið ætlar framvegis að samnýta skýrslurnar með bankanum.



**JÓNAS FR. JÓNSSON**

Eftirlitið gaf nýlega út leiðbeinandi tilmæli um bestu framkvæmd lausafjárstýringar. Þar kemur meðal annars fram að fyrirtækjunum beri að gera viðbragðsáætlun um lausafjárerfiðleika og mögulega lausafjárkreppu.

Í tilmælum eftirlitsins segir meðal annars að stjórn fyrirtækis eigi að samþykkja stefnu um daglega stjórnun lausafjár og hana eigi allir lykilstjórnendur að þekkja. Þá eigi stjórnendur þegar í stað að láta stjórnina vita ef lausafjárstaðan versnar verulega eða ef horfur eru á slíku.

Einnig eiga fyrirtækin að sjá til þess að opinberri upplýsingagjöf sé sinnt.

- ikh




# Sérfræðingar í útimálningu fyrir íslenskt veðurfar

*„Hjá Málningu hf. vita menn að það þarf rannsóknir, prófanir og þróunarvinnu til að framleiða bestu fáanlega útimálningu fyrir íslenskar aðstæður. Það er grunnurinn sem ég treysti á.“*

*Baldvin Már Frederiksen, málarameistari*




**Útsölustaðir Málningar: BYKO Kópavogi • BYKO Granda • Litaver Grensásvegi • BYKO Kauptún • BYKO Akranesi • Axel Þórarinsson, málarameistari, Borgarnesi • Verslunin Hamrar, Grundarfirði • Litabúðin Ólafsvík • Núpur, byggingavöruverslun Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson, málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • BYKO Reyðarfirði • Verslunin Vík, Neskaupstað • BYKO Selfossi • Miðstöðin, Vestmannaeyjum • BYKO Keflavík • Öxull, Grindavík • Fóðurblandan á Selfossi, Hvolsvelli og Egilsstöðum**

málning
-það segir sig sjálft-

ISLENSKA/SIA.IS/MAL 42783 06/08

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Misvísandi orkustefna er veikleikamerki.

## Tómarúm

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Án þeirra nýframkvæmda í orkuöflun og stóriðju sem átt hafa sér stað á liðnum árum hefði lánsfjárkreppan þegar orðið dýpri og áhrif hennar alvarlegri fyrir almenning en orðið er. Stórauknar útflutningstekjur frá orkufrekum iðnaði sýna að þar var hyggilega að málum staðið. Fátt er því mikilvægara en að sú framrás geti haldið óslitið áfram eins og aðilar vinnumarkaðarins hafa bent á.

Við lifum ekki á lánum einum saman. Þar af leiðir að aldrei hefur verið brýnna en nú að fá erlent fjárfestingarfjármagn inn í þjóðarbúskapinn. Meðan við búum við ósamkeppnishæfan gjaldmiðil er mikilvægt að greiða götu erlendrar fjárfestingar sem ekki á allt undir íslensku krónunni. Bestu tækifærin í þeim efnum felast í margvíslegum orkufrekum iðnaði.

Þetta var skýr stefna fyrri ríkisstjórnar. Núverandi stjórn hefur fylgt henni að mestu. Að vísu er það veikleikamerki að umhverfisráðherrann sýnist sigla eftir áttavita VG. Iðnaðarráðherra tókst á hinn bóginn í vor að ná breiðri samstöðu um breytingar á orkulöggjöfinni. Með aðgreiningu eignarhalds á auðlindum og orkuframleiðslu var opnað fyrir nýja möguleika á að fá einkafjármagn inn í orkuframleiðsluna án þess að það gefi tilefni til deilna um eignarhald á auðlindum.

Þetta er mikilvægt nýmæli. Það sætti að vonum andmælum forystumanna Vinstri græns. En tækifærið sem þessi sáttaleið stjórnarflokkanna opnar má ekki láta ónýtt. Þörfin á nýrri verðmætasköpun er meiri en svo. Framganga ríkisstjórnarinnar mætti vera ákveðnari á þessu sviði. En ekki er unnt að fullyrða að þar megi merkja alvarlegt hik.

Staðan er önnur að þessu leyti í borgarstjórn Reykjavíkur, sem ræður einu af þremur stærstu orkufyrirtækjum landsins. Ný forysta sjálfstæðismanna og forysta Samfylkingarinnar á þeim vettvangi hafa að því er best verður séð tekið pól í hæðina í orkunýtingarmálum sem er nær stefnu VG en ríkisstjórnarinnar. Fyrir vikið ræður hugmyndafræði VG í reynd málefnum eins öflugasta orkufyrirtækis landsins og ýmislegt bendir til að svo geti einnig orðið á næsta kjörtímabili. Þessi pólitíski veikleiki hefur neikvæð áhrif í ríkjandi efnahagsástandi og gæti í versta falli orðið skaðlegur.

Framsóknarflokkurinn hefur upp á síðkastið átt í verulegum vanda vegna reikandi stefnu að því er varðar ýmis grundvallarmál. Hvað sem því líður er hann þó eini orkunýtingarflokkurinn sem fylgir á því sviði sömu stefnu á Alþingi og í borgarstjórn og hefur þar af leiðandi sömu viðhorf varðandi hlutverk tveggja stærstu orkufyrirtækjanna sem bæði eru alfarið í opinberri eigu. Það opnar flokknum óneitanlega ýmis pólitísk sóknarfæri.

Fari svo sem horfir að Orkuveita Reykjavíkur verði ekki að marki þátttakandi í orkuframrás næstu ára myndast tómarúm á því sviði. Sú staða kallar á viðbrögð annarra, þar á meðal ríkisstjórnarinnar. Við ríkjandi aðstæður er með öllu óverjandi að nýta ekki þá möguleika sem kostur er á til raunverulegrar verðmætasköpunar. Allt annað er ávísun á viðvarandi fall í lífskjörum.

Eðlilegt er að Landsvirkjun í eigu ríkisins komi með einhverjum hætti inn í þetta tómarúm. Það gætu önnur framsæknari sveitarfélög en höfuðborgin einnig gert. Loks er unnt að nýta þann möguleika sem iðnaðarráðherra opnaði í vor fyrir einkafjármagn. Kjarni málsins er sá að framrásina má ekki stöðva.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Sparar löglega

Hvatningarorð Geirs H. Haarde um sparneytnari lífshætti og minni akstur hafa fengið góðan hljómgrunn. Egill Jóhannsson, forstjóri Brimborgar, upplýsir til dæmis í Fréttablaðinu í gær að hann hafi tekið upp nýja siði til að mæta hækkunum á eldsneytisverði: að aka löglega. „Það er hægt að minnka eyðsluna um sjö til tíu prósent með því einu að aka á löglegum hraða. Ég er farinn að gera það,“ segir Egill. Ekki er hægt að skilja forstjórann öðruvísi en að fram að þessu hafi hann ávallt ekið á ólöglegum hraða. Þetta er aðdáunarverð hreinskilni og verður vonandi metin honum til refsilækkunar.



### Vitlaust lag?

Í von um að stappa stálinu í hikandi bílakaupendur auglýsir P. Samúelsson nú Toyota-bíla með lagi Megasar og orðunum „Ef þú smælar framan í heiminn þá smælar heimurinn framan í þig“. Fyrir ári hefðu sjálfsagt margir getað tekið undir það og sungið með af hjartans lyst. En nú er komið annað hljóð í strokkinn og ætli upphafslínurnar úr „Gömlu gasstöðinni við Hlemm“ fangi ekki tíðarandann betur: „Ég skulda milljón í banka og ég bý inni í Vogum...“

### Borgarbrytar

Borgarráð samþykkti í gær að ráðast í tilraunaverkefni næstu þrjár helgar þar sem svokallaðir miðborgarþjónar verða við störf í miðborginni frá klukkan tvö á nóttunni til átta á morgnana. Í frétt frá borginni segir að þjónarnir eigi að „aðstoða fólk sem lendir í erfiðleikum, til dæmis vegna ölvunar og hafa eftirlit með og reyna að tempra hávaða“. Leitað hefur verið til öryggisgæslufyrirtækja um að manna verkefnið. „Þjónarnir“ verða útbúnir talstöðvum og verða í nánu samstarfi við lögreglu og sjúkraflutningamenn. Þetta hljómar alls ekki eins og þjónar; þeir ganga í kjólfötum, með slaufu og færa fólki matseðla. Borgarráð meinar líklega miðborgarverðir.



bergsteinn@frettabladid.is

## SPOTTIÐ




# Afnemum verðbólguskattinn

**UMRÆÐAN**

Guðmundur Hörður Guðmundsson skrifar um verðtryggingu



GUÐMUNDUR HÖRÐUR GUÐMUNDSSON

Verðbólga hefur farið vaxandi á Íslandi undanfarin fimm ár og á allra síðustu mánuðum hefur hún verið gríðarlega há, sú hæsta í 18 ár. Í þessu árferði sjá heimilin í landinu hvernig eftirstöðvar húsnæðislána hækka vegna áhrifa verðtryggingar. Fyrir þá sem ekki vita þá verndar verðtrygging lánveitanda fyrir verðbólgu með því að uppfæra höfuðstól lána í takt við mánaðarlega verðbólgu. Að mínu mati er þetta úrelt og óréttlátt kerfi sem byggist á því að tryggja hag bankanna á kostnað lántakenda.

Verðtryggðar skuldir heimilanna nema um 1.200 milljörðum króna. Alþýðusamband Íslands greindi nýlega frá því, að með aukinni verðbólgu síðustu mánaða, hafi 17 milljarðar króna bæst við höfuðstól þessara lána. Í hækkandi verðbólgu undanfarinna fimm ára hafa tugir milljarða bæst við höfuðstól lánanna. Mikil verðbólga undanfarin ár hefur þannig gengið á eignir fólks og skert kaupmátt, en fært bönkunum og öðrum lánveitendum miklar tekjur.

Fréttastofa Stöðvar 2 reiknaði nýlega út að vegna hárrar verðbólgu undanfarið og verðtryggingar þá hefðu eftirstöðvar 24 milljóna króna láns hækkað um rúmar 2,6 milljónir á einu ári þrátt fyrir 12 afborganir! Miðað var við að lánið væri til 40 ára og bæri 4,95% vexti. Við þessar aðstæður má líta á kaup á húsnæði sem áhættufjárfestingu. Kaupandinn getur ekki gert sér grein fyrir því hvað húsnæðið komi til með að kosta þegar upp er staðið, enda hefur lítið sem ekkert verið að marka verðbólguspár að undanförnu. Það er ekki ásættanlegt að þessi fjárfesting sem er sú stærsta í lífi flestra og sem skiptir sköpum fyrir efnahag fjölskyldna skuli vera slíkri áhættu háð.

Samanburður við önnur lönd er áhugaverður. Það er staðreynd að lántakendur borga margfalt meira af húsnæðislánum sínum hér, heldur en lántakendur í nágrannalöndunum. Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra hefur sagt frá því á heimasíðu sinni að Íslendingur borgi 74 milljónir króna af 15 milljóna króna láni til 40 ára hér á landi ef verðbólga er 3,5%. Af jafnháu láni á meginlandi Evrópu þurfi aðeins að greiða 24 milljónir króna að meðaltali. Þarna munar heilum 50 milljónum.

Íslendingar eiga ekki að þurfa að búa við miklu verri lánakjör en aðrar þjóðir. Ekki síst þegar fjármálakerfið hér á landi er orðið jafn alþjóðlegt og raun ber vitni. Stjórnvöld hafa búið bönkunum óeðlilega tryggt starfsumhverfi hér á landi á kostnað almennings. Það er stjórnvalda að bregðast við þeirri stöðu sem nú er uppi, þar sem kynslóð sem hefur nýlega komið sér þaki yfir höfuðið og er skuldsettari en nokkur önnur kynslóð í sögu þjóðarinnar, er um það bil að verða enn skuldsettari vegna hárrar verðbólgu og verðtryggingar. Hagsmunum þessarar kynslóðar verður best gætt með því að afnema þennan séríslenska verðbólguskatt sem verðtryggingin er.

*Höfundur er lántakandi.*

# OPNUNARHÁTÍÐ Í DAG

## NÝR VERSLUNARKJARNI Í HJARTA GARÐABÆJAR



**Í DAG FÖGUNUM VIÐ OPNUN EINS GLÆSILEGASTA VERSLUNARKJARNA LANDSINS Í LITLATÚNI, GARÐABÆ. Í TILEFNI DAGSINS VERÐUR BOÐIÐ TIL FJÖLSKYLDUHÁTÍÐAR MILLI KL. 14:30 OG 17:00.**

- ÁVARP BÆJARSTJÓRA OG FORMLEG OPNUN
- GRILL- OG ÍSVEISLA
- VÖRUKYNNINGAR OG TILBOÐ
- HOPPUKASTALI FYRIR BÖRNIN
- BREAK-DANSSÝNING
- PÁLL ÓSKAR



PÓSTURINN allur pakkinn

HAGKAUP Ein ferð betra verð

BYR SPARISJÓÐUR

ILSE JACOBSEN • Hornbæk

Ísbúðin Garðabæ
www.isbud.is

**KLASI ÓSKAR REKSTRARAÐILUM TIL HAMINGJU MEÐ ÁFANGANN.**

KLASI


Verið velkomin
í nýtt pósthús
í Litlatúni 3,
Garðabæ
PÓSTURINN
allur pakkinn


ILSE JACOBSEN • Hornbæk
Opnunartilboð í Litlatúni - 20% verðlækkun
á skóm, gúmmístígvélum og regnkápum
Við prufukeyrum nýja verslunarrýmið í Litlatúni í tilefni af opnunarhátíðinni
föstudag og laugardag
Verslunin flytur
í Litlatún í ágúst
Ath. aðeins opið í Litlatúni í þessa tvo daga í tilefni af opnunarhátíð - opið á Garðatorgi fram að flutningi í ágúst


Ísbúðin
Garðabæ
Ný ísbúð í
Garðabæ
Litlatúni 1-3
Kjörís
réttur fyrir þig

## SÚPA Á STRÖNDUM

Malarkaffi er nýopnað veitingahús á Drangsnesi á Ströndum þar sem hægt er að fá fisk í ýmsu formi. Fiski- og humarsúpan þykir sérlega góð.

MATUR 2



## VEISLA Í VIÐEY

Hin árlega Viðeyjarhátíð verður haldin á sunnudaginn næsta. Boðið verður upp á flugdrekagerð, strandveiði, gamaldags víðavangsleiki, lygasögugöngu og messu.

HELGIN 3








4ra rétta tilboð

og nýr A la Carte

· **Léttreiktur lax** með granateplum og wasabi sósu ·
· **Kókos- og engifersúpa** með grilluðum tígrisrækjum ·
· **Lambahryggur** með lambaskanka og rósmarínsósu ·
· **Banana- og súkkulaðifrauð** með vanillusósu ·

6.490 kr.

*Hægt er að panta 4ra rétta seðilinn með sérvöldu víni með hverjum rétti: 9.990 kr.*

NÝTT!

Glas af eðalvíni

**Côte Rôtie „La Mouline" 2003** | Rhône, Frakkland
**Opus One 1995** | Napa Valley, Bandaríkin

Nú hefur veitingahúsið Perlan bætt við möguleikanum að velja sér glas af **19 eðalvínum** með mat. Verð frá 890-8.900 kr.

*Sjá nánar á perlan.is.*

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot



Orri starfar sem einkaþjálfari hjá World Class Laugum og kann því að elda marga holla rétti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Grillið í stöðugri notkun

***Orri Pétursson einkaþjálfari í World Class Laugum er mikill kokkur og eldar oftar en ekki dýrindis máltíðir sem slá í gegn hjá öllum þeim sem snæða hjá honum. Orri hefur dregið fram grillið og nýtir hvern einasta sólskinsdag til þess að grilla eitthvað hollt og gott.***

Uppáhaldsrétturinn hans Orra um þessa mundir er grillaðar lambalundir með bökuðum og sætum kartöflum með hvítlauks-barbeque sósu. Lundunum hefur verið mjög vel tekið og allir eru vitlausir í þær.

„Ég grilla um tvisvar til þrisvar í viku núna enda veðrið svo gott að það er um að gera að nýta það. Lambalundirnir er gott að grilla, það er bæði mjög gott bragð af þeim og svo grillast þær bara svo vel. Ég hef verið að æfa mig að grilla síðustu sumur og er orðinn mjög fær, ég hef grillað allt sem hægt er að grilla," útskýrir Orri.

Það er ekki mikil kúnst að grilla lundir og Orri segist alltaf miða við 200 grömm á mann. „Ég er duglegur að passa að lundirnar brenni ekki og því er nauðsynlegt að standa yfir þeim og fylgjast vel með. Með lundunum hef ég bakaða kartöflu og maísstöngla og eins og allir vita þarf að henda þeim á grillið löngu áður en lundirnar fara á það. Svo set ég líka sætar kartöflur í eldfast mót með rauðlauk og smá olíu og inn í ofn á meðan ég grilla," lýsir Orri.

Sósan sem Orri hefur með lundunum er Hunt‘s barbeque-sósa sem hann setur á eftir á. En út í sósuna kremur hann þrjú hvítlauksrif. „Með þessu bý ég til salat með vínberjum, ristuðum furuhnetum, rauðlauk og papriku," segir Orri og bætir við: „Ég er líka alltaf með hollan eftirrétt sem samanstendur af vanilluskyri og blönduðum berjum sem oftast eru keypt frosin. Berin eru sett í pott og þau soðin þar til þau bráðna og þegar það gerist er þeim blandað saman við skyrið. Svo má bæta nokkrum heilum berjum við til að skreyta."

*mikael@frettabladid.is*

nýr matseðill

...og kroppurinn blómstrar

SÝNISHORN ÚR MATSEÐLI

**Barnamatseðill**

206. Eggjanúðlur með grænmeti og 2 kjúklingaspjót Teriyaki.
207. Kjúklingaleggir með soðnum hrísgrjónum.
208. Tröllagrjón fyrir þá allra sterkustu, lífrænt ræktuð brún hrísgrjón með kjúklingi, eggjum og grænmeti.
209. Djúpsteiktur fiskur með hrísgrjónum, karrýsósu eða súrsætri sósu.

MSG
LO SALT
TRANS FITA

NINGS

SUÐURLANDSBRAUT 6 • HLÍÐASMÁRA 12 • STÓRHÖFÐA 17 • SÍMI 588 9899





**Kjúklingur** er hollur matur og góður jafnt grillaður sem steiktur í ofni. Núna í sumar er um að gera að nýta góða veðrið og grilla hann úti.

vísir.is
„...ég sá það á vísi"

ADDI TRÚBADOR
SPILAR ALLA HELGINA
Veitingahúsið er opið frá 11:30-15:00 & 18:00-22:00
Rain
Reykjanesbæ • Hafnargötu 19 • Sími: 421 4601 • www.rain.is • rain@rain.is

"Absolutely one of the best hamburger I´ve ever tasted and I really mean that. The taste was excellent, fries were brilliant and the kokteilsosa was unforgettable"
SIMON COWELL





EIKI FEITI
Barðastöðum 1 - 5
S: 517 - 0667
www.eikifeiti.is
Opnunartími
Opið alla daga 11:00 - 21:00
Sunnudaga 14:00 - 21:00

VANTAR YKKUR GRILL
HEIMA EÐA Í SUMARBÚSTAÐINN
ERUM MEÐ HÁGÆÐA RYÐFRÍ GASGRILL
ÓTRÚLEGT VERÐ
kr. 75.000



Grillið er úr ryðfríu stáli (304) með þremur pottbrennurum og einum bakbrennara (stærð 161 x 68 x 126 cm). Grillið er með rafknúnum grillteini, elektrónískum kveikjubúnaði og yfirbreiðslu.
Bakverk
Bakverk - heildsala ehf,
Tunguháls 10, 110 Reykjavík
Upplýsingar í síma 517 2220



Grímsey á Steingrímsfirði blasir við af svölum Malarkaffis.

# Sjávarfang í fjölbreyttum stíl

***Fiskur í ýmsu formi verður undirstaða margra rétta í veitingahúsinu Malarkaffi á Drangsnesi á Ströndum sem var opnað í síðustu viku. Matráður þar er Þuríður Ásbjörnsdóttir.***

Malarkaffi stendur á malarkambi við sjóinn og sjávarlyktin blandast ilmandi matarangan úr eldhúsinu hjá Þuríði. Hún býður upp á átján til tuttugu rétta matseðil og eins og nærri má geta er ferskur fiskur úr hafinu þar í öndvegi. Gestir geta líka pantað signa grásleppu og saltfisk sem hvort tveggja er verkað á staðnum. „Hér er sterk hefð fyrir grásleppunni og því fannst okkur hún alveg ómissandi á matseðilinn," segir Þuríður.

Malarkaffi var prufukeyrt á Bryggjudögum í fyrra og mæltist vel fyrir. Nú er sett á fullt stím og veitingastaðurinn verður opinn allan daginn í allt sumar. Það eru foreldrar Þuríðar, Ásbjörn Magnússon og Valgerður Magnúsdóttir, sem reka veitingahúsið og einnig gistiheimilið Malarhorn sem er að færa út kvíarnar til muna á næstu vikum því tuttugu rúma hús á að bætast við það sem fyrir er.

Hér fáum við smjörþefinn af veisluföngum Þuríðar. Það er fiski- og humarsúpan sem hún er með í pottinum.

*gun@frettabladid.is*



Þuríður er matráður í Malarkaffi á Drangsnesi á Ströndum.



Fiski- og humarsúpa með rjóma og steinselju.

## FISKI/HUMARSÚPA

***fyrir 5-6***

3 l af fisksoði
2-3 gulrætur
2 laukar
fiskbein
piparkorn/sítrónupipar
1 dós humarsúpa
1 msk. grænmetiskraftur
1/2 msk. humarkraftur
1 msk. fiskkraftur
1/2 dl hvítvín
2 tsk. tómatpúrre
Maísenamjöl
Humar, rækjur, krabbalappir og þunnskorinn skötuselur að vild.
Rjómi – þeyttur
Steinselja til skrauts

Fiskbein ásamt lauk, gulrótum og piparkornum soðin saman í 4-6 klukkustundir. Hellt á sigti og humarsúpu úr dós bætt út í soðið ásamt öllum hinum hráefnunum. Súpan er þykkt með maísenamjöli og soðin í 10 mínútur. Humri, rækjum, krabbalöppum og þunnskornum skötusel bætt út í ásamt þeyttum rjóma. Áður en hún er borin fram er hún skreytt með steinselju.



Bjóddu henni út að borða
Weber Q
XEINN JG 5x10
weber Q – gasgrill í úti-leguna!
Sölustaðir: Járn og gler · Garðheimar · Húsasmiðjan · Egg · Búsáhöld Kringlunni
Útilegumaðurinn · Motor Max · Everest · Seglagerðin Ægir · www.weber.is



**Fjölskyldan** er það mikilvægasta sem við eigum. Samverustundir með fjölskyldunni ættu að vera sem flestar. Virku dagarnir fara í vinnu, því er um að gera að nýta helgarnar og gera eitthvað skemmtilegt.

# Ævintýri á Jónsmessu

***Mikið verður um að vera í Viðey á sunnudaginn þegar hin árlega Viðeyjarhátíð verður haldin.***



Sonja og Guðlaug hlakka svo sannarlega til helgarinnar en þá verður Viðeyjarhátíð haldin og hafa þær skipulagt fjölbreytta fjölskyldudagskrá. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þetta verður vegleg fjölskylduhátíð sem haldin verður sunnudaginn 22. júní og nær því nánast inn í Jónsmessuna sem er á þriðjudaginn. Þetta er árleg hátíð sem var alltaf haldin í ágúst en við ákváðum að færa hana fram að Jónsmessu þar sem þá er svo hlýtt og yndislegt,“ segir Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir en hún og Sonja Bent hafa haft veg og vanda af því að skipuleggja hátíðina.

„Séra Þorvaldur kemur frá Dómkirkjunni en við ætlum að hefja daginn klukkan tvö með messu í Viðeyjarkirkju. Eftir messu tekur við fjölbreytt dagskrá þar sem verður meðal annars hlaupið hið árlega Skúlaskeið sem er víðavangshlaup um eyna og er það tilvalin upphitun fyrir Reykjavíkurmaraþonið,“ segir Guðlaug kímin. Aðrir dagskrárliðir eru til dæmis flugdrekagerð, strandveiði, gamaldags víðavangsleikir, lygasöguganga með Hjálmari Hjálmarssyni og Gunni Helga og Jói G ætla að skemmta börnunum.

„Síðan verður boðið upp á mjög fínan matseðil í Viðeyjarstofu í tilefni af hátíðinni og hægt verður að grilla í Naustinu. Þar verður mjög mikil fjölskyldustemning og fjör á bænum. Þjóðdansafélagið verður með sýningu og kennslu og hin stórkostlega hljómsveit Neistar leikur fyrir dansi með Andreu Gylfadóttur og Ragga Bjarna í fararbroddi,“ segir Guðlaug spennt og bætir við að þau hafi slegið svo rækilega í gegn á síðustu Viðeyjarhátíð að ekki hafi verið um annað að ræða en að fá þau aftur. „Í fyrra áttu þau bara að vera í fjörutíu mínútur en þau voru í þrjá tíma,“ útskýrir Guðlaug ánægð.

Hátíðin verður fram eftir kvöldi og vonast þær stöllur, Guðlaug og Sonja, til að sjá sem flesta á þessari viðamiklu hátíð. Nánari dagskrá má nálgast á netsíðunni www.videy.com.

*hrefna@frettabladid.is*










# FÖSTUDAGUR

20. JÚNÍ 2008

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS




## HVERT ER FERÐINNI HEITIÐ?

Sumarfrí valinkunnra Íslendinga

## HAFFI HAFF OG MERZEDES CLUB

Sameina krafta sína

## SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON

Gengur að eiga Birnu

# Ragnhildur Ágústsdóttir listamaður

Opnar sína fyrstu málverkasýningu í Stykkishólmi

## HVAÐ Á AÐ GERA UM HELGINA

*Hanna Björk Valsdóttir hjá Ground Control Productions*

„Ég ætla að skella mér í gönguferð á Reykjanesskaga áður en helstu náttúruperlunum þar verður rústað fyrir álver í Helguvík. Það eru margar vinsælar gönguleiðir á svæðinu frá Krýsuvík yfir í Trölladyngju og ótrúleg forréttindi að geta komist í svona stórbrotna náttúru rétt fyrir utan Reykjavík. Svo ætla ég að fara á tónleika Singapore Sling í kvöld því það er alltaf hressandi.“



# Sigurður Kári upp að altarinu

Ástin svífur yfir vötnum hjá parinu Sigurði Kára Kristjánssyni, þingmanni Sjálfstæðisflokksins, og unnustu hans, Birnu Bragadóttur flugfreyju, en þau ætla að játast hvort öðru 19. júlí næstkomandi. Munu þau verða pússuð saman í næsta nágrenni við vinnustað Sigurðar Kára, Dómkirkjunni, en síðan verður haldið í Ásmundarsafn þar sem sjálf veislan mun fara fram. Það hefur geislað af þeim síðan þau rugluðu saman reytum árið 2005 og því ekkert annað í stöðunni en láta vaða.



## fréttir



### ÚR STUNDINNI OKKAR Í BLAÐBURÐ

Leikarinn geðþekki og annar þáttarstjórnandi í Stundinni okkar, Ívar Örn Sverrisson, er farinn að bera út Fréttablaðið í Skerjafirðinum. Nýverið birtist viðtal við Ívar í 24 Stundum þar segir hann frá heimsreisu fjölskyldunnar á dögunum. Það mætti draga þá ályktun að eyðslan hafi eitthvað farið fram úr böndunum hjá vísitölufjölskyldunni og blaðaburðartekjurnar séu því hugsaðar til að borga upp ævintýraferðina. Hitt gæti svo aftur verið að Ívar hafi ákveðið að gerast hagsýnn heimilisfaðir nú þegar kreppan hangir yfir og sé að búa í haginn fyrir sig og fjölskylduna.

*Merzedes Club og Haffi Haff leiða saman hesta sína*

# Haffi leggur ekki í brúnkukremin

Við höfðum lengi gengið með þá hugmynd að fá Haffman til að syngja með okkur en hann hefur nánast verið með okkur á hverjum einustu tónleikum hljómsveitarinnar og séð um sminkið fyrir okkur,“ segir Gilzenegger um samstarf hljómsveitarinnar Merzedes Club og listmannsins Haffa Haff sem Gils kýs að kalla Haffman en lagið See me now í flutningi þeirra félaganna verður frumflutt á Nasa í kvöld. „Þetta er lag sem á eftir að fara rakleiðis á toppinn enda var kominn tími á annan hittara frá Haffman eftir Wiggle wiggle song,“ segir Gils og fer fögrum orðum um hversu vel rödd Haffmans fer við lagið.

„Haffman er alltaf mjög léttklæddur og ég geri því ráð fyrir að hann verði það á sviðinu í kvöld. Við þyrftum bara aðeins að fá að skeina á hann smá brúnku en það gengur eitthvað erfiðlega að sannfæra hann um það.“ segir Gils og efast þó ekkert um að Haffi verði flottur á sviðinu enda viti hann allt um tísku og eigi fleiri föt en sjálf Smáralindin. „Hann er einn heitasti samkynhneigði maðurinn á Íslandi í dag og getur valið úr gæjum. Eina sem ég skil ekki er hvernig hann kemst í allar þessar þröngu gallabuxur sem hann notar.“ Haffi ber Merzedes Club vel söguna og finnst æðislegt að vinna með þeim. Hann tekur þó fram að hann muni ekki klæðast í hinum hnakkamerkta stíl bandins og hvað þá smyrja á sig brúnkukremi. „Þótt ég syngi með þeim lag þýðir það ekki að ég verði ber að ofan og dökkur á hörund. Ég kem fram með þeim sem Haffi Haff og verð í mínum stíl enda erum við ólíkir listamenn.“

Haffi skrifaði textann við lagið sem hann flytur en Barði samdi lagið. „Það var frábært að vinna með Barða og við náðum strax vel saman. Hann er ótrúlega kúl og gaman að vera í kringum hann,“ segir Haffi og hver veit nema að framhald verði á samstarfinu, en Gils og Haffi virðast ná einstaklega vel saman. „Ég hef orðið var við það að Haffi er sérstaklega æstur í að smyrja brúnkunni á mig og er fljótur að hlaupa til þegar smurning er annars vegar,“ segir Gils sjálfur. Haffi vill þó meina að það sé eitthvað meira í loftinu en Gils gerir sér grein fyrir. „Ég er viss um að Gils er skotinn í mér,“ segir Haffi hlæjandi að lokum.

*bergthora@frettabladid.is*



Merzedes Club og Haffi Haff frumflytja lagið See me now á Nasa í kvöld.

## LANDSLEIKUR KVENNALANDLIÐSINS Í FÓTBOLTA Á MORGUN

# Mætið öll á völlinn!

Draumur okkar er að það verði uppselt á leikinn á morgun þegar kvennalandsliðið okkar í fótbolta mætir Slóvenum,“ segir Sigurður Ragnar Eyjólfsson, landsliðsþjálfari kvenna í knattspyrnu. „Ég er að eðilsfari mjög bjartsýnn og efast ekki um að það takist að fylla áhorfandapallana en ef það gerist verður það í fyrsta skipti sem uppselt verður á kvennalandsleik í fótbolta,“ segir Sigurður en áhorfendamet var slegið á síðasta landsleik liðsins sem haldið var á heimavelli í fyrrasumar en þá mættu um 6.000 áhorfendur.

„Við erum með frábært lið sem á góðan möguleika á því að komast í sæti í úrslitakeppni EM 2009 en ef svo verður verðum við fyrsta íslenska A-landsliðið í fótbolta sem kemst í Evrópukeppnina,“ segir Sigurður Ragnar og því eru leikirnir á morgun og á fimmtudaginn mjög mikilvægir fyrir liðið en þá mæta Íslendingar Grikkjum. „Við stefnum að sjálfsögðu á að vinna þessa tvo leiki en þá dugar okkur að ná jafntefli við lið Frakka sem við mætum í Frakklandi í haust til að tryggja okkur sætið í Evrópukeppnina,“ segir Sigurður Ragnar og hvetur alla Íslendinga til að koma á völlinn og styðja stelpurnar okkar.

„Stuðningssveitin Tólfan verður á svæðinu og mun gera allt vitlaust á pöllunum enda liggur mikið við þar sem lið Slóvena er afar sterkt en það sigraði okkur síðast 2-1,“ segir Sigurður Ragnar. Dagskráin byrjar kl. 12.30 og verður boðið upp á grillaðar pylsur, knattþrautir, hoppkastala og andlitsmálningu. Leikurinn sjálfur hefst síðan kl. 14 en í leikhléinu er það Idol-stjarnan Ingó sem mun halda uppi stuðinu og flytja sumarslagarann Bahama.

*bergthora@frettabladid.is*



Landsliðið á síðasta heimaleik gegn Serbíu en þá komu um 6.000 manns á völlinn.


FÖSTUDAGUR

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir
*martamaria@365.is*
Bergþóra Magnúsdóttir
*bergthora@365.is*
**Forsíðumynd** Rósa Jóhannsdóttir
**Útlitshönnun**
Arnór Bogason og
Kristín Agnarsdóttir
**Auglýsingar** Sigríður Dagný
Sigurbjörnsdóttir
*sigridurdagny@365.is sími 512 5462*
**Föstudagur** Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000





Vinnufatabúðin
Fagmennska og þjónusta í fyrirrúmi
Wrangler



Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!
Flott í sumar...
stinnari líkami á aðeins 4 vikum
Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar.
4 vikna þjálfunaráætlun fylgir - fáðu stinnari og fallegri líkama á aðeins 4 vikum...
pakki 1
Slendertone belti + buxur eða pils
þjálfar rass og læri og kviðvöðva
kr. 34.950.-
pakki 2
Slendertone belti + armar
þjálfar kviðvöðva og upphandleggsvöðva
kr. 30.900.-
pakki 3
Slendertone buxur eða pils + armar
þjálfar rass og læri og upphandleggsvöðva
kr. 34.950 .-
pakki 4
Tilboðsverð fyrir dömur - alhliða pakki
Slendertone belti + buxur eða pils + armar
þjálfar og stinnir allan líkamann
kr. 42.900.-
nuddtæki
6 nuddkerfi
· Kneading Massage
· Swedish Massage
· Shiatsu Massage
· Deep Tissue Massage
· Athletes Massage
· Power Massage
Slökun - vellíðan - innri ró
verð kr. 18.900
SLENDERTONE™
System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 24.900,-
eða 8.300 á mán. í 3 mán.
Kviðvöðvar/herra
Kviðvöðvar/dömu
Rass og læri
Upphandleggsvöðvar
**Eitt stjórntæki** með hleðslubatterí, sem þú getur notað við allar tegundir Slendertone System
SLENDERTONE System
Tími til að líta vel út ...!
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
Sendum í póstkröfu
KORTER.IS

*Breski hárgreiðslumaðurinn Johnny íhugar að flytja til Íslands*

# Stjörnuklippingar og slökunarnudd

„Ég kom til Íslands í fyrsta sinn um síðustu áramót til að fagna nýju ári. Ég endaði í partíi með Quentin Tarantino og kynntist Ásgeiri Hjartarsyni, eiganda hárgreiðslustofunnar Supernova, í gegnum sameiginlegan vin okkar,“ segir breski hárgreiðslumaðurinn Johnny Chrisoustomoy um örlagaríka heimsókn sína til Íslands. „Ég varð strax yfir mig heillaður af landi og þjóð og bar það upp við Ásgeir hvort ég gæti ekki unnið á stofunni hans í einhvern tíma. Ég var á stofunni í nokkra daga í janúar og í kjölfarið ákváðum við að ég myndi koma hingað sumar og starfa á stofunni í mánuð.“ Johnny hefur starfað við hárgreiðsluiðnina í rúm tuttugu ár og vinnur á stofunni Woo sem er í Islington í London. Johnny hefur fengið marga nafntogaða einstaklinga til sín í stólinn en hann hefur meðal annars klippt bassaleikara hljómsveitarinnar Suede, hljómsveitarmeðlimi í bandinu Cornershop, Brickheads, Pretenders, Supergrass og The Viles svo fátt eitt sé nefnt. Hann saknar þó ekkert stjarnanna úr stórborginni og íhugar nú alvarlega að flytjast hingað alfarið með haustinu. „Ég fíla Íslendinga mjög vel, þeir eru mjög blátt áfram og opnir. Hér virðist fólk sömuleiðis hafa meiri tíma til að njóta lífsins,“ segir Johnny en hann hefur tekið upp á því að bjóða upp á shiatsu-nudd á hárgreiðslustofunni sem er nýtt af nálinni hér á Íslandi. „Nuddið er byggt á ævafornri japanskri hefð og gengur út á punktameðferð en meðferðin getur tekið allt frá 10-15 mínútum upp í lengri tíma, það fer í raun allt eftir þörfum viðskiptavinarins,“ útskýrir Johnny, sem hefur nuddað með hárgreiðslunni í fimmtán ár. „Nuddið er frábær leið í annríki dagsins til þess að slaka á og stuðlar að auknu jafnvægi, það getur sömuleiðis hjálpað þeim sem hafa fengið sér aðeins of mikið í tána kvöldið áður,“ bætir Johnny við og hver veit nema að hin fullkomna lækning við hinum þrálátu timburmönnum sé nú loks fundin.

*bergthora@frettabladid.is*



Johnny er alsæll með lífið á Íslandi.



Hljómsveitin Singapore Sling verður með magnað partí í kvöld.

*Singapore Sling frumsýnir nýtt myndband og undiritar plötusamning*

# Gengu á ís í 20 stiga frosti

„Við verðum með partí í kvöld á skemmtistaðnum Organ af tilefni útgáfu smáskífu hljómsveitarinnar og undiritun plötusamnings sem við skrifum undir í dag,“ segir Bíbí, bassaleikari hljómsveitarinnar Singapore Sling, en það er plötufyrirtækið Microdot Music sem gefur út væntanlega plötu með haustinu. „Af þessu tilefni ákváðum við að frumsýna myndband okkar við lagið Godman í kvöld,“ segir Bíbí en leikstjóri var Þjóðverjinn Uli M. Schueppel. „Við héldum tvenna tónleika í Berlín í janúar en Schueppel kom á báða tónleikana og eftir seinni tónleikana kom hann og talaði við okkur. Hann sagðist vera aðdáandi hljómsveitarinnar og langaði mikið til að gera eitthvað með okkur.“ Þau voru að vonum upp með sér enda er Schueppel afar virtur í sínu fagi. Hann hefur meðal annars leikstýrt tónlistarmyndböndum fyrir Nick Cave og Mick Harvey auk þess sem hann leikstýrði heimildarmyndinni The Road to God Knows Where sem Bíbí segir að sé í miklu uppáhaldi hjá hljómsveitarmeðlimum. „Schueppel kom síðan til Íslands í byrjun apríl og leikstýrði myndbandinu við lagið Godman en tökur á myndbandinu fóru fram við Þingvallavatn í 20 stiga frosti og tóku einn dag,“ segir Bíbí en sökum kuldans breyttist söguþráður myndbandsins að einhverju leyti þar sem aðstæður voru mjög erfiðar. „Það var þvílíkt kalt en við létum okkur hafa þetta og gengum meðal annars á ís á háum hælum,“ segir Bíbí og bætir því við að ekki megi gleymast að minnast á froskinn Bob sem var í aðalhlutverki í myndbandinu og lifði af íslensku veðráttuna. Tónleikar Singapore Sling, Bacon Life Support Unit og Evil Madness hefjast að loknu partíi hljómsveitarinnar kl. 22 í kvöld.



Singpore Sling við tökur á myndbandinu Godman en í myndbandinu bregða þau sér í hlutverk einhvers konar sértrúarsöfnuðar.

*bergthora@frettabladid.is*




## DISKUR VIKUNNAR




Geisladiskurinn Oft spurði ég mömmu með Sigurði Guðmundssyni og Memfismafíunni. Á disknum eru ellefu íslensk og erlend dægurlög sem notið hafa mikilla vinsælda hér á landi. Upptökur á disknum voru allóvenjulegar en stuðst var við upptökutæki sem var notuð þegar Ribbon-míkrófónarnir hófu innreið sína á 4. áratug síðustu aldar. Diskurinn er því tekinn upp á eina rás með segulbandi þar sem söngur og hljóðfæraleikur er tekinn upp samtímis. Oft spurði ég mömmu ætti að vera skyldueign heimilanna. Diskurinn skapar skemmtilega nostalgíu og færir anda liðinna tíma beint heim í stofu.

*Frábærir vinningar alla föstudaga í sumar!*

BYLGJAN 989

# Sumarleikur NINGS




**Vinnur þú einn sparneytnasta bíl landsins til afnota í heilt ár?**

Das Auto. HEKLA olís LAUGAR SÉÐ OG HEYRT Coca-Cola WWW.ICELANDAIR.IS

**Við drögum á föstudögum í allt sumar í morgunþætti Ívars Guðmundssonar á Bylgjunni.**
Borgarferð fyrir 2 til Evrópu með Icelandair, 6 mánaða kort í World Class Laugum, sumaráskrift að Séð og Heyrt, bensín úttekt frá Olís og sumarglaðning frá Vífilfelli.
**Og í lok sumars drögum við út Volkswagen Fox til afnota í heilt ár.**

**SUMAR TILBOÐ**

- Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
- Svínakjöt og grænmeti með mildri karrýsósu
- Matarmiklar vorrúllur með grænmeti
- Kjúklingur og grænmeti í Satay sósu

krónur **2790** fyrir tvo

krónur **1395** á mann

*ATH! SUMARTILBOÐ ER EINGÖNGU AFGREITT FYRIR 2 EÐA FLEIRI • EF ÞÚ HRINGIR OG SÆKIR FYLGIR 2L. KÓK MEÐ TILBOÐINU*

**NINGS**

SUÐURLANDSBRAUT 6, HLÍÐASMÁRA 12 OG STÓRHÖFÐA 17
**PÖNTUNARSÍMI: 588 9899**
NINGS AKUREYRI PÖNTUNARSÍMI: 440 6600

**Þú finnur ótrúlegt úrval ljúffengra rétta á matseðli okkar á www.nings.is**

*...og kroppurinn blómstrar!*

Fylltu út seðilinn hér að neðan og skilaðu til okkar á Nings og þú ert með í leiknum.

Nafn

Heimili

Sími netfang

# fatastíllinn

*Ragnhildur Ágústsdóttir listamaður*

**1.** Þessi jakki er frá Ungaro og keyptur í París. Hún féll fyrir litnum á jakkanum.**2.** Þessi kjóll er úr Rokki og rósum. **3.** Skór úr Spútnik sem Ragnhildur heldur mikið upp á. **4.** Þessa mussu keypti hún í Danmörku. **5.** Eyrnalokkar úr Kisunni. **6.** Þennan skyrtukjól keypti Ragnhildur í lítilli hliðargötu í París. Hún notar hann við gallabuxur, leggings eða er bergleggja undir. **7.** Þessir eru úr Kron. 8. Jimmy Choo, fékk þá í Jibby Choo í London. 9. Þessir skór voru keyptir í brúðkaupsferðinni sem Ragnhildur fór í til Dubai. 10. Kjóll frá Báru bleiku sjálfri sem Ragnhildur hnaut um í Fríðu frænku fyrir fimm árum síðan. 11. Hálsfestin er úr KronKron.

## Frekar látlaus í smekk

Ragnhildur Ágústsdóttir er ættuð frá Stykkishólmi en árið 2002 útskrifaðist hún bæði úr fjármálafræði og listnámi við bandarískan háskóla. Hún segist hafa þurft að gera upp við sig hvort hún tæki listina fram yfir fjármálin, byrjaði að vinna í bankageiranum þegar hún kom heim en síðustu ár hefur hún einbeitt sér að listinni. Þann 12.júlí næstkomandi ætlar hún að opna sína fyrstu myndlistarsýningu í Norska húsinu í Stykkishólmi. Þegar hún er spurð út í þema sýningarinnar þá segist hún hafa verið undir áhrifum dýrlingsins Húberts. Ragnhildur er kannski ekki staðalmynd af listamanni því hún á ævintýralegan fataskáp sem er fullur af allskonar gersemum. Þegar hún er spurð um fatastílinn þá segist hún vera með einfaldan smekk. „Ég vildi að ég gæti sagt „svaka fríkuð“ en ég verð víst að viðurkenna að ég er frekar látlaus þegar kemur að fötum.“

**Fyrir hverju fellur þú alltaf?** „Allt of dýrum skóm og kjólum.“

**Af hverju áttu mest í fataskápnum?** „Skóm og kjólum.“

**Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði?** „Það er mjög misjafnt.“

**Hefur þú alltaf haft gaman af fötum?** „Já, alveg frá því að ég var sett í fyrstu taubleyjuna.“

**Áttu einhverja tískufyrirmynd?** „Ekki það að ég reyni að klæðast eins og hún en mér finnst Dita Von Teese æði.“

**Uppáhaldsefnið?** „Allt mjúkt er inn hjá mér.“

**Uppáhaldsverslunin?** „Þær eru svo margar í uppáhaldi hjá mér en mér finnst ég oftast finna mér eitthvað sætt Trilogiu eða Kron. Og ef ekkert finnst á skerinu þá er það bara kaffibolli og notaleg stund á www.net-a-porter.com.“

**Uppáhaldshönnuðurinn?** „Þeir eru svo margir og það er mjög misjafnt frá ári til árs hverjir mér finnst vera að gera góða hluti. En fyrst ég minntist á skó hérna áðan þá dettur mér Christian Louboutin í hug.“

**Hvernig er uppáhaldslitapalettan þín?** „Þessa dagana er hún björt og litrík. Vínrauður, gulur, fjólublár og grænn en ég laðast oft að svörtum flíkum.“

**Þegar þú horfir til baka, hvaða tískutímabil myndir þú ekki vilja ganga í gegnum aftur?** „Ég myndi alls ekki vilja ganga í gegnum 3% klæðnaðartímabilið aftur eins og góð vinkona mín kallar það. Þar var markmiðið ekki endilega að klæða sig eftir veðri. En þessir tímar eru vel að baki enda var þetta á síðustu öld.“

**Hvernig er heimadressið þitt?** „Heimadressið er dress sem ég er í þegar ég mála. Gráblár kjóll með gömlu leðurbelti.“

**Hvað dreymir þig um að eignast núna?** „Hvíta Givenchy-sandala.“

*martamaria@365.is*

MYNDIR/RÓSA










Viltu það nýjasta í förðun?

Fáðu ráðleggingar og lærðu allt það nýjasta og ferskasta
í förðun og húðhirðu hjá förðunarmeisturum Bobbi Brown.

Pantaðu tíma og frískaðu upp á útlitið fyrir sumarið.
Þú færð persónulega ráðgjöf og förðunartillögur á blaði með þér heim.
Lyf & heilsa Kringlunni s. 5689970

Lyf & heilsa *Við hlustum!*

BOBBI BROWN


Gönguvika fyrir alla fjölskylduna
Á fætur
í Fjarðabyggð
21. - 28. júní 2008
Drífðu þig á fætur og taktu þátt í frábærri dagskrá
Gengið verður á fjöll, farið í fjöruferðir, á sögu- og reyfaraslóðir þar sem leyndardómar Harðskafa verða kannaðir. Boðið upp á fjölbreyttar kvöldvökur við varðeld, ýmis tilboð í gangi, náttúru- og leikjanámskeið fyrir börnin. Keppt verður um titilinn Fjallagarpur Fjarðabyggðar, boðið upp á Fjallameðferð, kajak og o.fl.
Nánari upplýsingar á www.fjardabyggd.is, www.simnet.is/ffau eða www.mjoeyri.is
Alcoa Fjarðaál
ALCOA
ESKJA
Landsbankinn


GOSPELHÁTÍÐ
10 DAGA GOSPELHÁTÍÐ
HAFNARFJÖRÐUR 20.-29. JÚNÍ
100 ÁRA AFMÆLI HAFNARFJARÐAR OG 20 ÁRA AFMÆLI ABC
1908 2008
Hafnarfjörður hundrað ára
HERA BJÖRK
LOFGJÖRÐ VEGARINS
RAGNAR BJARNASON
PÁLL RÓSINKRANZ
LOFGJÖRÐ KEFAS
FRIÐRIK ÓMAR
GLIT
GOSPELKÓR REYKJAVÍKUR
REGÍNA ÓSK
SIGGI INGIMARS
abc
BARNAHJÁLP
20 ÁRA AFMÆLI ABC
BJÖRGVIN HALLDÓRSSON
EDGAR SMÁRI ATLASON
GOSPELKÓR FÍLADELFÍU
GOSPELKÓR JÓNS VÍDALÍNS
BLUESSVEIT ÞOLLÝAR
GIG
ÞÓRA GÍSLADÓTTIR
HERBERT GUÐMUNDSSON
VÍÐISTAÐATÚN - VÍÐISTAÐASKÓLI - VÍÐISTAÐAKIRKJA - THORSPLAN

# SAMBAND ÍSLENSKRA KRISTNIBOÐSFÉLAGA

Grensásvegi 7, 108 Reykjavík. Sími 533 4900

- **BÆN**
- **BOÐUN**
- **ÞJÓNUSTA**

Allt til endimarka jarðarinnar



- Kristniboðssambandið hefur í tæp 80 ár sent kristniboða til starfa við boðun og margháttaða kærleiksþjónustu í Kína, Eþíópíu og Keníu.
- Tugir þúsunda hafa notið heilsugæslu, menntunar og bættra lífskjara.
- Unnið er að uppbyggingu sjálfstæðra, innlendra söfnuða og kirkna. Kirkjan í Eþíópíu er önnur stærsta lútherska kirkjan í heiminum.
- 70 skólar, þar af 6 framhaldsskólar hafa verið byggðir eða eru í byggingu í Pókothéraði í Keníu.
- Fjárhagsáætlun ársins hljóðar upp á 54 milljónir.
- Kristniboðsfréttir, ókeypis fréttablað, flytur, frásögur, fréttir og hvatningarorð fjórum sinnum á ári.
- Þátttaka býðst með beinni aðild, kristniboðsfélögum, fyrirbæn, gjafakerfi, samkomum og fleiru.

**Gjafareikningar**

| | |
|---|---|
| Glitnir | 0515-26-002800 |
| Landsbankinn | 0117-26-002800 |
| Kaupþing | 0328-26-002800 |
| SPRON | 1153-26-002800 |

Kennitala 550269-4149

KRISTNIÐ ALLAR ÞJÓÐIR

Verið velkomin á bás okkar á Gospelhátíðinni.
Nánari upplýsingar í síma 533 4900 og á **www.sik.is.**

## Bjarmi– tímarit um kristna trú

Fjölbreytt og alþýðlegt, hvetjandi og áhugavert, kristilegt tímarit.
Bjarmi er seldur í áskrift og kemur út fjórum sinnum á ári.
Nánar í síma 533 4900 og á **www.bjarmi.is**

## Basarinn

**– nytjamarkaður Kristniboðssambandsins**

Grensásvegi 7, 2. hæð.
Mikið úrval af nýjum og notuðum vörum. Gott verð.
Sumaropnunartími til 1. sept: mánud. til föstud. kl. 10-16

## Salt ehf útgáfufélag

Gefur út gott lesefni, fræðandi og nærandi fyrir sálina.
Bókin Tilgangsríkt líf hefur nú selst í 1300 eintökum.
Bókin Fimm táknmál ástarinnar er væntanleg á næstu dögum.
**www.saltforlag.is**



# BÆKUR, TÓNLIST

## GJAFAVARA Á KRISTNUM GRUNNI







**SKÍRNARGJAFIR Í ÚRVALI**

**FIMMMÍNÚTNA BIBLÍAN**

***– EINSTÖK BÓK OG ÓTRÚLEG!***

**Lestur dagsins tekur eina mínútu -og fimm mínútur í viðbót ef þú vilt lesa aðeins meira!**

Skálholtsútgáfan · Laugavegi 31 · Sími 528 4200
skalholtsutgafan@skalholtsutgafan.is · www.skalholtsutgafan.is

# 10 DAGA GOSPELHÁTÍÐ

## HAFNARFJÖRÐUR 20.-29. JÚNÍ

MODULAR SOUL 20.JÚNÍ

GOSPELKÓR JÓNS VÍDALÍNS 20 JÚNÍ

CHRISTIAN-CHARLELS DE PLICQUE 21.JÚNÍ

JACK LONDON 20.JÚNÍ

ÁSAMST HLJÓMSVEITINNI TEPOKANUM

LOFGJÖRÐ VEGARINS 22.JÚNÍ

HERA BJÖRK 21.JÚNÍ

RAGNAR BJARNASON 21.JÚNÍ OG 25.JÚNÍ

PÁLL RÓSINKRANZ 21.JÚNÍ

FRIÐRIK ÓMAR 21.JÚNÍ

BJÖRGVIN HALLDÓRSSON 21.JÚNÍ

GOSPELKÓR REYKJAVÍKUR 21.JÚNÍ

AKUSIA

SIGGI INGIMARS

LEIGH NASH 23.JÚNÍ

JESUS REVOLUTION CONCERT TEAM 20.-26.JÚNÍ

GLIT

CONSTELLA 20.-29.JÚNÍ

DAVID HOLNESS 20.-26.JÚNÍ

ONE TREE

LOFGJÖRÐ KEFAS

IMMANU EL 24.JÚNÍ

REGÍNA ÓSK 21.JÚNÍ

ÞORVALDUR HALLDÓRSSON 25.JÚNÍ

GOSPELKÓR FÍLADELFÍU

JOYBELLS 24.JÚNÍ

FANTASTIC 24.JÚNÍ

1908 2008 Hafnarfjörður hundrað ára

EDOCSIL

EDGAR SMÁRI ATLASON 21.JÚNÍ

BLUESSVEIT ÞOLLÝAR 22.JÚNÍ

MARTIN I GRUND 27.-29.JÚNÍ

HEINE LUTZEN 27.-28 JÚNÍ

CHRISTAFARI 27.-28.JÚNÍ

SOLOMON JABBY

AVION BLACKMAN

SARAH KELLY 28.-29.JÚNÍ

THE LISTENING 28.-29.JÚNÍ

HERBERT GUÐMUNDSSON

VÍÐISTAÐATÚN - VÍÐISTAÐASKÓLI - VÍÐISTAÐAKIRKJA - THORSPLAN

ÞÓRA GÍSLADÓTTIR 26.JÚNÍ

FJÖRÐUR - miðbæ Hafnarfjarðar

PERLAN

SMYRIL LINE

VLF HLÍF Verkalýðsfélagið Hlíf

Glætan Bókakaffi Aðalstræti 9, 101 Reykjavík

ARMAR

**20 JÚNÍ**

## FILIPPSEYJAR

Andrés Guðbjartsson kom að máli við ABC vegna starfs á Filippseyjum á síðasta ári. Kona hans Rut Rósinkransdóttir er nú á Filippseyjum að skipuleggja starf ABC í Baguio og þorpunum í kring á Luzon eyju ásamt innfæddri konu sem hefur rekið þar skóla í mörg ár. Þau hjónin stefna að því að flytja til Filippseyja í haust til að vinna að starfi ABC.

Maxwell Ditta er Pakistani, giftur filippínskri konu Judel Ditta. Maxwell og Judel komu á skrifstofu ABC í mars 2005 til að biðja um hjálp fyrir börnin í Pakistan. Maxwell var enskukennari við Borgarholtsskóla, en hefur einnig unnið við að skipuleggja starf ABC í Pakistan í sjálfboðavinnu síðan 2005. Maxwell var ráðinn starfsmaður ABC International í ársbyrjun 2008 og hefur undanfarið unnið að uppbyggingu starfs ABC á Filippseyjum og Pakistan auk þess að koma ABC af stað í Bandaríkjunum. Faðir Judelar er einn af forkólfum ABC barnahjálpar á Filippseyjum og hefur nú komið þremur ABC skólum af stað í Bacoilod og Manapla.



**TÓNLISTARATRIÐI**

### Kristjana Stefánsdóttir

**AÐGANGUR ÓKEYPIS**

SENDIHERRA: Guðfinna Bjarnadóttir
KYNNING: Andrés, Maxwell og Judel

---

**24 JÚNÍ**

## SENEGAL OG GUINEA BISSAU

Jose Dilson er brasilískur en býr með fjölskyldu sinni í Senegal. Hann hefur starfað í Vestur-Afríku í 16 ár. Þar af 12 ár í Guinea Bissau, en síðustu 4 árin í Senegal. Hann er nú að vinna að stofnun ABC í báðum þessum löndum. Aðal verkefnið er að bjarga börnum frá Guinea Bissau af götum Senegal þar sem þau eru gerð út sem betlarar og senda þau heim til sín aftur þar sem þeim verður boðin skólavist í ABC skóla. Jóhannes Hinriksson og Þorsteinn Jóhannesson eru stjórnarmenn í ABC international

**ENN BÍÐA MÖRG BÖRN EFTIR HJÁLP**
**abc.is**
**414 0990**



**TÓNLISTARATRIÐI**

### Maríanna Másdóttir

**AÐGANGUR ÓKEYPIS**

SENDIHERRA: Ólafur Stefánsson
KYNNING: José, Jóhannes og Þorsteinn

---

**27 JÚNÍ**

## PAKISTAN

Michael og Maxwell Ditta eru bræður. Þegar faðir þeirra var ungur fékk hann stuðningsaðila sem greiddi skólagöngu hans. Hann var einn örfárra í sínu þorpi sem náði að mennta sig og eftir farsæla starfsævi sem skólastjóri setti hann á fót skóla fyrir fátæk börn í húsinu sínu. ABC barnahjálp í Pakistan hófst með því að taka að sér þann skóla, en ABC skólarnir eru nú orðnir 12 talsins með yfir 2800 nemendum. Michael leiðir starf ABC í Pakistan en Maxwell tekur einnig virkan þátt í uppbyggingu og skipulagningu starfsins.



**TÓNLISTARATRIÐI**

### Hjalti Gunnlaugsson

**AÐGANGUR ÓKEYPIS**

Kynningin er í boði Rúmfatalagersins

SENDIHERRA: Unnur Birna Vilhjálmsdóttir
KYNNING: Michael og Maxwell

---

**21 JÚNÍ**

**20 ÁRA**

Björgvin Halldórsson
Edgar Smári Atlason
Friðrik Ómar
Gospelkór Reykjavíkur
Hera Björk
Regína Ósk
Ragnar Bjarnason
Páll Rósinkranz
Siggi Ingimars

## AFMÆLISTÓNLEIKAR ABC BARNAHJÁLPAR

**kl. 20:30 - Víðistaðatúni í Hafnarfirði**

**AÐGANGUR ÓKEYPIS**





ABC Barnahjálp býður til stórtónleika á Víðistaðatúni í Hafnarfirði, laugardaginn 21. júní kl. 20:30.
Með tónleikunum fagnar ABC Barnahjálp 20 ára afmæli sínu og vekur athygli á því að enn vantar mörg börn styrktaraðila. Nú njóta um 11.000 börn stuðnings ABC Barnahjálpar og hefur markið verið sett á að 20.000 börn hafi styrktaraðila.
Á tónleikunum verða flutt mörg þekkt íslensk og erlend lög.
Fyrir tónleikana kl. 19:30 verður boðið upp á 20 metra langa afmælisköku.













**Fram koma:**
**Björgvin Halldórsson, Edgar Smári Atlason, Friðrik Ómar, Gospelkór Reykjavíkur, Hera Björk, Ragnar Bjarnason, Regína Ósk, Siggi Ingimars og Páll Rósinkranz.** Söngvararnir koma fram ásamt bakröddum og hljómsveit sem skipuð er þeim Óskari Einarssyni, Karli Olgeirssyni, Jóhanni Ásmundssyni, Brynjólfi Snorrasyni og Sigurgeir Sigmundssyni. Tónleikarnir eru liður í Stóru Gospelhátíðinni í Hafnarfirði. Aðgangur er ókeypis og allir sem koma að þessum tónleikum gefa vinnuframlag sitt eða vörur og eru tónleikarnir haldnir ABC Barnahjálp að kostnaðarlausu.
Við minnum þó á að það bíður barn eftir þér á abc.is.





**Hljómsveit:**
Óskar Einarsson
Karl Olgeirsson
Jóhann Ásmundsson
Brynjólfur Snorrason
Sigurgeir Sigmundsson

**Bakraddir:**
Hrönn Svansdóttir
Fanny Kristín Tryggvadóttir
Þóra Gréta Þórisdóttir
Þóra Gísladóttir
Stefán Birkisson
Íris Guðmundsdóttir
Óskar Einarsson

**AÐGANGUR ÓKEYPIS**



KYNNING: Hrönn Svansdóttir

abc BARNAHJÁLP

Síðumúla 29 - 108 Reykjavík - S: 4140990 - www.abc.is - abc@abc.is

## 22 JÚNÍ

# LÍBERÍA

Matthew T. Sakeuh leiðir starf ABC í Líberíu. Hann er innfæddur Líberíumaður, alinn upp í litlu þorpi inni í frumskógi. Hann komst fyrst í skóla þegar hann var 12 ára, en varð að hætta námi þegar borgarastyrjöldin skall á. Hann flýði yfir til Fílabeinsstrandarinnar þar sem hann var 7 ár í flóttamannabúðum en komst svo til Bandaríkjanna þar sem hann lauk doktorsnámi í guðfræði. Hann hefur leitt byggingarframkvæmdirnar ABC í Líberíu og stefnir að því að flytja með fjölskyldu sína til Líberíu í september. Brautryðjandi starfsins í Líberíu er Velferðarsjóður barna.





**TÓNLISTARATRIÐI**

**Pætur við Keldu**



**Jógvan Hansen**

**AÐGANGUR ÓKEYPIS**

**Siggi Ingimars**

**SENDIHERRA: Valgerður Sverrisdóttir**
**KYNNING: Matthew Sakeuh**

## 23 JÚNÍ

# KENÝA

Þórunn Helgadóttir varð landskunnug eftir Kompásþátt Loga Bergmanns á Stöð 2 á síðasta ári og margir tóku einnig eftir starfi hennar þar sem hún kom nýlega fram sem gestur Evu Maríu á Stöð 1. Þórunn leiðir starf ABC barnahjálpar í Kenýa þar sem hún setti á fót heimili fyrir götubörn í desember 2006. Þar dvelja nú yfir 200 börn en auk þess fá nokkur hundruð börn úr fátækrahverfum Nairóbí hjálp til að ganga í skóla. Björg Davíðsdóttir hefur starfað sem sjálfboðaliði í Kenýa



**TÓNLISTARATRIÐI**

**Gospelkór Fíladelfíu**

**AÐGANGUR ÓKEYPIS**

SENDIHERRA: Logi Bergmann Eiðsson
KYNNING: Þórunn og Björg

## 25 JÚNÍ

# INDLAND

Eva Alexander er Indverji og hefur síðustu 30 árin unnið að björgun barna og unglinga úr skelfilegum aðstæðum. Hún hefur ferðast mikið í þeim tilgangi og vinnur m.a. með lögregluyfirvöldum. Hún rekur El Shaddai barnaheimilið sem Íslendingar hafa fjármagnað. Eva hefur tvisvar áður komið til Íslands.

Þórunn Helgadóttir mun greina frá Heimili litlu ljósanna á Indlandi sem einnig er rekið af ABC barnahjálp, en Þórunn dvaldi þar sem sjálfboðaliði í tvo mánuði.



**TÓNLISTARATRIÐI**

**Ragnar Bjarnason**

**AÐGANGUR ÓKEYPIS**

Kynningin er í boði Sjóvá

SENDIHERRA: Ragnar Bjarnason
KYNNING: Eva Alexander og Þórunn

## 26 JÚNÍ

# RÚANDA

Kolbeinn Sigurðsson er stjórnarmaður í ABC barnahjálp. Hann hefur farið margar ferðir til Rúanda, Úganda og Kongó, en í síðustu ferð Kolbeins til Rúanda var ABC gefinn landskiki í Kigali höfuðborg Rúanda.

Þórunn Helgadóttir tengdist ABC fyrst sem sjálfboðaliði árið 2003 og tók m.a. þátt í starfi ABC í Pakistan og Indlandi. Þórunn var ráðinn starfsmaður ABC 2006 og fór hún þá um haustið til Kenýa þar sem hún fer fyrir starfi ABC. Hún mun aðstoða við að koma ABC barnahjálp á fót í Rúanda.



Sigurrós Friðriksdóttir er jarðfræðingur og vinnur á Umhverfisstofnun. Hún starfaði sem sjálfboðaliði fyrir ABC í Kenýa á síðasta ári og mun flytja til Rúanda í haust til að vinna að starfi ABC þar í landi.

Kynningin er í boði Skeljungs

**TÓNLISTARATRIÐI**

**Þóra Gísladóttir**

**AÐGANGUR ÓKEYPIS**

SENDIHERRA: Unnur Birna Vilhjálmsdóttir
KYNNING: Kolbeinn, Þórunn og Sigrurós

## 28 JÚNÍ

# ÚGANDA

Trudy Odida er áströlsk en fluttist til Úganda í ársbyrjun 1988. Hún giftist Francis Odida, þekktum innfæddum manni og settu þau á fót hjálparstofnun sem þau kölluðu Uganda Australia Foundation. ABC hefur unnið með þeim hjónum síðan 1993 og kallast starf þeirra nú ABC barnahjálp í Úganda. Margir ABC skólar hafa verið byggðir í Norður- og Suður-Úganda og þúsundir barna fá nú hjálp til að ganga í skóla.



**TÓNLISTARATRIÐI**

**Joybells**

Kynningin er í boði SPRON

**AÐGANGUR ÓKEYPIS**

FRÉTTABLAÐIÐ

*Þessi opna er afmælisgjöf Fréttablaðsins til ABC*

SENDIHERRA: Nína Dögg Filippusardóttir
KYNNING: Trudy

## 29 JÚNÍ

# BURKINA FASO

Hjónin Hinrik Þorsteinsson og Guðný Jónasdóttir. Hinrik hefur margoft farið til Burkina Faso og landanna í kring á undanförnum árum. Guðný er kennari við Fljótshlíðarskóla og starfaði sem skólastjóri í 16 ár. Hinrik og Guðný eru í stjórn ABC í Burkina Faso og munu leiða starfið þar ásamt heimamönnum.

Atorka Group er brautryðjandi starfs ABC í Burkina Faso.



**TÓNLISTARATRIÐI**

**Íris Guðmundsdóttir**

**AÐGANGUR ÓKEYPIS**

SENDIHERRA: Þorsteinn I. Sigfússon
KYNNING: Hinrik og Gullý

**ENN BÍÐA MÖRG BÖRN EFTIR HJÁLP**
**abc.is**
**414 0990**



19:00 Lofgjörðarsveit Vegarins
19:30 Story Tellers
20:00 Siggi Kapteinn & blúsband
21:00 Herbert Guðmundsson

## STYRKTARTÓNLEIKAR FYRIR

# HJÁLPARSTARF Í GRÆNLANDI

## SUNNUDAGINN 22. JÚNÍ Á VÍÐISTAÐATÚNI



*Jakob Pape*

**GRÆNLAND-ÍSLAND-AFRÍKA**

Þegar maður mætir Jakobi Pape á förnum vegi er hann í engu öðruvísi en hver annar 23 ára ungur maður. Frjálslegt fataval, svöl sólgleraugu og stór glitrandi kross í keðju um hálsinn. Ýmislegt hefur þó á daga hans drifið en líf hans tókst á flug dag einn er hann kynntist fólki úr Veginum sem þá voru stödd á Grænlandi. Jakob Pape Silassen er frá Austur Grænlandi og aðspurður um hvernig líf hans hafi verið áður en hann kom til Íslands svarar hann því til að það hafi verið ótrúlega erfitt. Hann var þunglyndur, með litla lífslöngun og allar hans kringumstæður voru í raun afar slæmar. Jakob segir að það hafi verið eins og skuggi dauðans hafi verið yfir lífi hans og annara bæjarbúa. Sjálfsvíg eru tíð og oft eins og hluti af daglegu lífi. Í svona litlum bæ þekkjast allir og þegar ung manneskja tekur líf sitt þá snertir það alla og maður finnur hvernig sorgin og vonleysið hellist yfir bæinn.

Jakob þekkir þetta af eigin raun því tveir bræður hann féllu fyrir eigin hendi. Dagurinn áður en yngri bróðir hann dó er Jakobi sérstaklega minnistæður. Bróðir hans var ofsakátur og allir urðu glaðir í kringum hann. En næsta dag var komið að honum þar sem hann hafði hengt sig. Mikil sorg og reiði var í fjölskyldunni. "Reiðin varð svo mikil að við kenndum hvert öðru um og fannst við hafa brugðist. Þessir atburðir sundruðu fjölskyldunni algerlega. Ég hugsaði oft hver yrði næstur. Oft fann ég fyrir miklum tómleika og var oft svo sorgmæddur en reyndi að brosa og láta ekki á því bera. Ég fann líka fyrir miklu hatri og fannst eins og allir hötuðu mig. Ég var alveg viss um að ég gæti aldrei orðið hamingjusamur".

Jakob segist oft hafa verið mjög nærri því að taka sitt eigið líf. En hann segir; "það var alltaf einhver vonarneisti innra með mér sem stoppaði mig af. Á þessum tíma bað ég oft til Guðs, ég bað hann um hjálp. Ég vissi ekki hvernig Guð gæti hjálpað mér. Ég bað í hljóði svo að enginn heyrði í mér".

Dag einn hitti hann gamlan vin sem sagðist vilja kynna hann fyrir fólki frá Íslandi sem gæti hjálpað honum. Hann svaraði því til, að hvernig ætti þetta fólk að geta hjálpað honum þar sem vinir hans höfðu reynt en ekki getað það. Vinur hans ítrekaði það samt við hann að hann yrði að kynnast þessu fólki frá Íslandi. Tveimur dögum seinna hitti hann fólkið á litlu útvarpsstöðinni í bænum og í kjölfarið fór hann að túlka fyrir þessa gesti frá Íslandi. Þau voru frá Veginum og komu til Grænlands til þess að kynnast fólki og rétta því hjálparhönd. Fyrst um sinn var þetta honum bara tilbreyting en einn daginn kom hann fyrr en vanalega til fundar við Íslendingana og sagði þeim sögu sína. Hann segir; "þau báðu fyrir mér og veittu mér andlega aðhlynningu. Og þau spurðu mig síðan hvort ég vildi að þau hjálpuðu mér og ég svaraði þeim einfaldlega; já". Í kjölfarið, sem mikið bænasvar, bauð Vegurinn honum til Íslands og hjálpaði honum um dvalarstað og að sækja um vinnu. Hann fékk strax vinnu og vann þar til hann fór í Biblíuskóla í Noregi og er aftur kominn í sömu vinnu í dag. Vegurinn styrkti hann á meðan hann var í skólanum og einnig þegar hann fór til Afríku með skólafélögum sínum að loknu námi. Þar miðlaði hann af reynslu sinni og rétti öðrum hjálparhönd. Það voru mikil viðbrigði fyrir Jakob að vera í 45 stiga hita og umgangast innfædda Afríkubúa frá því að vera hálf umkomulaus á Grænlandi. Vegurinn stendur enn við bakið á honum og leiðbeinir en bæn hans er að geta farið aftur heim til Grænlands og hjálpað öðrum því þörfin þar er mjög mikil.



**UPPÖRVUNARORÐ**

Að biðja. Í Biblíunni er mikið talað um bæn. Bæn er samtal okkar við Guð. Við getum verið að tala um vandamál okkar við Guð, eða við getum komið fram fyrir Guð og sagt honum hvað aðrir eru að ganga í gegnum. Við tölum um fyrirbæn, þá biðjum við fyrir öðrum. Líkþrár maður kom til jesú og sagði "ef þú vilt, getur þú hreinsað mig!" Jesú segir við hann "ég vil, verði þú hreinn." Hver er vilji Guðs fyrir okkur? Lestu í Biblíunni og finndu út hver er vilji Guðs með þitt líf og talaðu svo við Guð eftir vilja hans og sjáðu lausnina koma inn í þitt líf og einnig inn í líf annara þegar þú biður. Í Matt 7:1 segir "Biðjið og yður mun gefast, leitið og þér munuð finna, knýið á og fyrir yður mun upplokið verða." Lestu Biblíuna, talaðu við Guð og gefðu þér tíma til að hlusta á Guð, því hann þráir að tala við þig.

Högni Valsson & Lilja Ástvaldsdóttir

**LÆKNINGADAGAR**

Guð er góður og umhyggjusamur, það kemur fram í orði hans hvernig hann vill mæta þörfum okkar á öllum sviðum lífsins, andlega, sálarlega og líkamlega. Textinn í 23. Davíðssálmi lýsir vel hjarta Guðs fyrir okkur: "Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta, á grænum grundum lætur hann mig hvílast." Bænin hefur alltaf skipað veiga mikinn sess í kristinni trú og hefur mikilvægur þáttur bænastarfsins verið fyrirbæn fyrir sjúkum og þeim sem glíma við ýmiskonar vanlíðan. Vegna þessa eru í Veginum haldnir sérstakir fyrirbænadagar sem kallast "Lækningadagar" þar sem lögð er sérstök áhersla á að fólk geti komið og slakað á, bæði á líkama og sál og þegið fyrirbæn og ráðgjöf.



*Erna Eyjólfsdóttir*

Þótt þjóð okkar sé lánsöm og búi við gott heilbrigðiskerfi með frábærum læknum og hjúkrunarfólki þurfa margir á fyrirbæn að halda. Lækningadagar eru haldnir þrisvar á ári og standa yfir frá föstudagskvöldi til eftirmiðdags á sunnudegi. Reynslan af þessum dögum er hreint stórkostleg, og geta margir vitnað um lækningu og lausn til líkama, sálar og anda. Lækningadagar er opnir öllum. Umsjón með Lækningadögum hefur Erna Eyjólfsdóttir og fer skráning fram á skrifstofu Vegarins í síma 564-2355.

**UMMÆLI UM LÆKNINGADAGA**

Lækningadagar eru tækifæri sem við fáum til að leyfa Guði að koma inn í líf okkar og lækna það sem er brotið og illa farið. Síðast liðinn vetur hefur einkennst af vinnu við að fara ofan í kjallarann í lífi mínu, ná í það sem hefur eyðilagt líf mitt og gefa það Guði.



*Ásta Lóa Jónsdóttir*

Félagasamtökin "Vinir í bata" eru samtök sem ég fann til að hjálpa mér við þessa úttekt sem var mjög sársaukafull á köflum. En mitt í sársaukanum voru "lækningadagar" þar sem tækifæri til að ljúka málum gafst, afhenda Guði það sem ég var búin að sækja og dusta af.

Ég hef burðast með brotna sjálfsmynd í gegnum lífið og litið á mig sem ómögulega manneskju, jafnvel fengið að heyra að ég væri ómöguleg og merkilegt hvað úr mér hafi ræst.

Á lækningadögunum kom Guð og lagði myndina saman fyrir mig, til að rétta hana af.

Mér leið allan tímann eins og haldið væri á mér eins og litlu barni, eins og barni sem foreldri heldur á þétt í fangi sér. Ég fékk að heyra orð eins og "elsku stelpan mín", "elsku barnið mitt", "yndislega dóttir mín", "ég elska þig, ég elska þig, ég elska þig". Þetta var allt sem ég þurfti svo að heyra. Mér hafði liðið eins og enginn gæti elskað mig, af því ég væri svona eða hinsegin. En Guð er tilbúinn að taka allt sem ég hafði gengið með, sársaukann, höfnunina, einmanaleikann og fleira. Í dag finn ég að hlutir sem hrjáðu mig, gera það ekki lengur. Ég er frjáls og hef fengið lækningu inn í líf mitt sem Guð einn gat gefið mér. Vinir í bata hafa leitt mig að lækningunni, lækningadagarnir gáfu mér tækifæri til að taka við lækningunni en Guð gaf lækninguna.

Ásta Lóa Jónsdóttir







# SALT KRISTIÐ SAMFÉLAG

Salt kristið samfélag er grasrótarhreyfing sem óx út úr samfélagshópi sem kom saman í heimahúsi seinni hluta vetrar 2006. Sjö manns sem sótt höfðu Alfanámskeið vildu fræðast meira um trúna sem þau kynntust á námskeiðinu og ákvað að lesa Fjallræðuna saman. Brátt fjölgaði verulega í hópnum sem neitaði að hætta að koma saman þegar vetrinum lauk. Í framhaldi af því var haldið Alfanámskeið og síðan hefur eitt leitt af öðru og starfsemin aukist jafnt og þétt. Salt k. s. var formlega stofnað 5. maí 2007 en það byggir starf sitt á evangelísk-lútherskum grunni og er aðili að Kristniboðssambandinu.

Salt k.s. leggur áherslu á að ná til fólks sem sækir ekki kirkju að staðaldri og gera það að lærisveinum Jesú Krists. Til að ná markmiði sínu er lögð áhersla á að allir finni sér stað í heimahópi, fái fjölbreytta fræðslu og taki virkan þátt í starfinu. Samkomur eru á hverjum sunnudegi kl. 17:00 í Kristniboðssalnum Háaleitisbraut 58-60.

Salt k.s. hefur tekið að sér tvö verkefni á erlendri grundu, "Af götu í skóla" í Eþíópíu þar sem kostnaður er greiddur við að koma götubörnum í gott umhverfi þar sem þau njóta góðrar umönnunar og skólagöngu. Hitt verkefnið er fólgið í að greiða kostnað við að senda prédikara frá Pókothéraði í Kenýu til afskekkts héraðs í Úganda til að koma á fót kristinni kirkju og rétta hjálparhönd vegna ýmiss konar félagslegrar neyðar.

Salt k.s. býður upp á Alfanámskeið og 12 spora námskeið næsta haust.

Dr. Kjartan Jónsson, héraðsprestur og kristniboði er í forsvari fyrir Salts k.s.

Heimasíða Salts kristins samfélags er **www.saltks.is**

SALT
KRISTIÐ SAMFÉLAG
saltks.is




ANAS
Fjarðargata 13- 15 · Hafnarfirði
565 7100


Kríunes við Elliðavatn
Náttúruperla á
höfuðborgarsvæðinu
Gisting
í fallegu
umhverfi
Kríunes
Frábær fundaraðstaða
Allar upplýsingar
kriunes@kriunes.is
sími 5672245
www.kriunes.is
Við vatnsenda 203 Kópavogur


Vörn gegn vímu
KROSS
GÖTUR
Vörn gegn vímu
Allt frá árinu 1987 hafa Krossgötur rekið áfangaheimili fyrir áfengis og fíkniefnaneytendur í bata.
Á þriðja þúsund einstaklinga hafa hlotið hjálp við að fóta sig í lífinu eftir meðferð við slíkum vanda.
Þú getur lagt góðu málefni lið: reikningur: 1135-26-9311 kt. 450193-2249


KROSSINN - LIFANDI KIRKJA
Þú ert velkomin/nn á samkomu í Krossinum. Samkomur eru: sunnudaga kl. 16:30, þriðjudaga kl. 20:00 og laugardaga kl. 20:30. KROSSINN Hlíðasmára 5, 201 Kópavogi s. 554-3377 www.krossinn.is

# HVÍTASUNNUKIRKJAN FÍLADELFÍA









Hvítasunnukirkjan Fíladelfía þjónar höfuðborgarsvæðinu ásamt byggðunum þar í kring. Auk þess ná flestir landsmenn útsendingum frá samkomum í Fíladelfíu.
Í kirkjunni er fólk sem gefið hefur Jesú Kristi líf sitt og vill fylgja honum heilshugar. Við komum úr öllum stéttum þjóðfélagsins en stefnum öll að sama markmiði, sem er boðun fagnaðarerindisins um Jesú Krist. Við viljum uppörva hvert annað, styðja og styrkja í trúnni. Í kirkjunni er fjölbreytt starf fyrir alla aldurshópa og öllum er velkomið að taka þátt. Við sameinumst í lofgjörð og tilbeiðslu til Guðs með söng, boðun, fræðslu og bæn.
Við leggjum áherslu á virka þátttöku safnaðarmeðlima. Við trúum á mannbætandi áhrif kristinnar trúar og leggjum áherslu á samfélagslega ábyrgð einstaklingsins og kirkjunnar. Kirkjan er fyrir alla.



**Almennar samkomur**
Alla sunnudaga kl.16:30. Lofgjörð, prédikun og fyrirbænir. International church every Sunday at 12:30 in the caféteria.



**Barnastarf – aldursskipt**
Krakkakirkja, sunnudaga á almennum samkomutíma. Neistarnir 1-2 ára, Logarnir 3-5 ára og Eldhugarnir 6-12 ára.

**Royal Rangers kristilegt skátastarf**
Miðvikudaga kl. 19-20. Krakka Rangers 5-7 ára, Frumherja Rangers 8-9 ára og Skjaldbera Rangers 10-12 ára.

**Unglingastarf**
Kirkja unga fólksins á föstudögum kl. 20. Kröftug lofgjörð, prédikun og samfélag.
Heimasíða unglingastarfsins er www.filo.is

**Tónlistarfstarf**
Gospelkór Fíladelfíu er löngu orðinn þekktur á meðal landsmanna og rómaður fyrir góða tónlist og landinn almennt afar ánægður með að fá að heyra í honum í útsendingum sjónvarpsins á jólum og Hvítasunnu.

**MCI biblíuskólinn**
Masters Commssion Iceland biblíuskólinn er skóli sem styrkir grunninn að lífinu. Karaktermótandi skóli sem hjálpar til við að kynnast Guði á dýpri hátt. Heimasíða skólans er www.mci.is

**JesúKonur og JesúStelpur**
Annan laugardag á vetrarmánuðum koma konur og stelpur saman kl. 10, borða saman morgunmat, heyra biblíukennslu og njóta þess að vera saman og byggjast upp sem þær Guðskonur sem þær voru skapaðar til að vera.

**Samvera fyrir eldri borgara**
Fyrsta og þriðja fimmtudag í mánuði er samverustund fyrir eldri borgara í kaffisal kirkjunnar. Þar eru allir velkomnir að koma, njóta samveru og hlýða á Guðs orð og þiggja veitingar í lokin. Á vorin er endað með dagsferðalagi.

**Bænastarf**
Bænastundir eru alltaf í hádeginu á miðvikudögum frá kl. 12-13 og á fimmtudögum kl. 20.

**Samhjálp – Stangarhyl**
Samkomur, fimmtudaga kl. 20-21:30. Lofgjörð, vitnisburðir, prédikun og fyrirbænir. Á sunnudögum kl. 20 er U.N.G. (undir náð Guðs) kröftug lofgjörð, vitnisburðir og fyribæn.
Nánari upplýsingar eru á www.samhjalp.is

**Félagsstarf innan kirkjunnar: 7TS**
Gönguhópur sem hefur það að markmiði að ganga á minnst fjöll á hverju sumri. Einnig eru skipulagðar ferðir yfir vetrarmánuðina.

**Trúboðar**
Mótorhjólaklúbbur sem hefur það að markmiði að bera út boðskapinn um Jesú Krist og vera fordæmi og fyrirmynd fyrir aðra ökumenn bifhjóla.

**Ljósbrot**
Samkomum frá Fíladelfíu er sjónvarpað á Omega á sunnudögum kl. 20. Beinar útsendingar eru á Lindinni FM 102.9, frá almennum samkomum. Beinar sjónvarpsútsendingar eru á internetinu á filadelfia.is.

**Alfa I og Alfa II**
Alfanámskeiðin sívinsælu eru haldin á þriðjudögum kl.19 og standa yfir í tíu vikur, á vetrarmánuðum. Skráning og nánari upplýsingar er hægt að fá á skrifstofu Fíladelfíu.

Hvítasunnukirkjan Fíladelfía
Hátúni 2
S: 535-4700
www.filadelfia.is

**Í hnotskurn**
Við trúum...
...á Guð föður.
...að Biblían sé innblásin af Guði.
...á Jesú Krist son Guðs.
...að Jesús hafi risið upp frá dauðum.
...á endurkomu Jesú.
...á Heilagan anda, skírn hans og náðargjafir.
...að skírn skuli framkvæmd með niðurdýfingu í vatn.
...á náð Guðs og kærleika.

Jesús er Drottinn



Velkominn
í
Kærleikann





# KÆRLEIKURINN ER MÁLIÐ!



**Við hjá kærleikanum elskum fólk. Einkunnarorð okkar eru,´ Ef þú ert ekki reiðubúinn að deyja fyrir menn, þá hefur þú ekki rétt til að dæma þá´.**

Starfsemi Kærleikans, Baldur segir frá:

Starfsemi Kærleikans byrjaði sem heimahópur sumarið 2007. Heimahópur er samfélag trúaðra, þar hittist fólk og les í orði Guðs, byggir hvort annað upp. Í ágúst 2007 talaði Guð til mín að rífa niður veggina í húsinu mínu sem áður var hóruhús. Mömmu minni dreymdi draum og í draumnum voru engir veggir á húsinu og upp frá því voru veggirnir rifnir niður á einum degi og þann sama dag fyllti Guð húsið. Við vorum með samkomur tvisvar í viku, það var alltaf fullt af fólki og sáum við stórkostlega hluti gerast. Við höfum séð hundruð manns snúa sér frá myrkri þessa heims, eiturlyfjum, áfengi og glæpamennsku á þessu rúma ári sem við höfum starfað. Í kjölfarið fórum við í trúboð, við fórum í alla menntaskóla og háskóla og þar frelsuðust hundruðir. Einnig fórum við í fangelsin hérna á suðurlandinu. Margir fangar hafa losnað úr andlegum fjötrum og hafa þeir komið til okkar og snúið við blaðinu og við hjálpum þeim af stað út í lífið aftur. Guði er enginn hlutur um megn. Menn sem enginn hefur talið að ættu neina von, hefur Guð tekið og umbreytt þeim og hér má sjá mörg dæmi um það og yndislega vitnisburði. Bænagangan sl. vetur var sameiginlegt átak kristinna manna og var hún alveg frábær í alla staði. Þá var verið að biðja myrkrið burt frá landinu okkar, það var mjög góð þátttaka og yndisleg nærvera Drottins.
Fljótlega varð svo húsið í Ármúlanum of lítið fyrir starfsemi Kærleikans og var okkur þá boðið húsnæði í Faxafeni 8, Miklubrautar megin. Síðan starfsemin var flutt hefur hún blómstrað, en núna er opið heimili í Ármúlanum fyrir heimilislausa, við biðjum með þeim og Guð snertir og leysir fólkið. Margir hafa náð góðum árangri og núna búa 5 manns á heimilinu.
Fyrst og fremst erum við bænahús þar sem fólk getur komið og leitað Drottins og við biðjum með fólkinu. Ef þú lesandi góður vilt taka þig frá, þá er bænahúsið okkar fullkominn staður til þess.
Við erum með lifandi lofgjörð yfir daginn svo að hægt sé að koma og dvelja í dýrðarnærveru Drottins. Lækningar eru daglegt brauð hjá okkur og við göngum fram í þeim.

**Starfsemi Kærleikans í dag**

Kærleikurinn er fyrst og fremst trúboðsmiðstöð. Húsið opnar kl. 7:30 með kyrrðarstund til kl. 09:00. Kl. 10:00 er svo fjármálabænastund þar sem beðið er fyrir fjármálum landans, síðan er boðið upp á lifandi lofgjörð og flæðisbæn (soaking) frá kl: 13:00 til 18:00. Samkomur eru kl. 20:00 alla virka daga og barnakirkja hjá kl. 13:00 á sunnudögum. Kærleikurinn er bænahús sem er opið fyrir allar kirkjur. Einnig erum við með samkomu í Hvítasunnukirkjunni í Keflavík kl: 20:00 á Laugardögum.

**Hugsjón Kærleikans**

Hugsjón kærleikans er að efla Guðsríkið. Endurvekja frumkristnina á Íslandi, náungakærleik, elska allt fólk, hvetja fólk til að hjálpa öðrum. Leita að hinu týnda og hrakta og reisa það upp. Einnig viljum við hjálpa fólki að uppfylla draumana sem Guð hefur lagt þeim á hjarta. Við rekum öflugan skóla til að grundvalla fólk og gefa þeim nýja von. Við viljum þjálfa fólk upp í að geta farið út og látið hina fullkomnu áætlun Drottins koma yfir Ísland. Við viljum styðja við bakið á öllum þeim sem vilja fara af stað með nýtt starf. Við ætlum líka að ganga fram í því valdi sem okkur hefur verið gefið, með markvissri bæn.

Það er bara einn dómari og það er Guð almáttugur skapari himins og jarðar. Best er að láta hann um dóminn. Það sem við segjum um aðra er eins og að kasta bolta af alefli án þess að vita að hann er bundinn um únliðinn og lendir í hausnum á okkur aftur.

## Viðtal

**Hvað heitir þú?**
Ottó Örn Þórðarson.

**Hvað ertu gamall?**
29 ára.

Hvenær frelsaðist þú?
Ég frelsaðist fyrir 4 mánuðum.



**Hver er þinn vitnisburður Ottó?.**

Ég byrjaði bara í sakleysi mínu að reykja hass og drekka um helgar, eitt leiddi af öðru og síðan var ég kominn í sterkari efni. Nokkrum árum síðar var ég kominn inn á Litla Hraun fyrir samansafn af smáglæpum. Ég sat af mér 8 mánaða dóm og þegar ég losnaði ætlaði ég að taka mig á en var kominn í gæsluvarðhald stuttu seinna. Þegar ég losnaði úr því þá kom ég mér austur á land og réði mig á tryllu. Það er ein besta vinna sem ég hef verið í og á þessum tímapunkti langaði mig virkileg að taka mig á og hafði alla burði til þess. Smá saman byrjaði ég aftur að fá mér í glas og þá byrjaði boltinn að rúlla aftur og áður en ég vissi af var ég kominn í neyslu aftur. Upp úr því flutti ég aftur í bæinn og fékk aðra góða vinnu en endaði síðan aftur í sömu sporum og áður og var kominn í neyslu. Þarna var ég orðinn mjög brotinn, fullur af ranghugmyndum og vonin um það að geta hætt var orðin lítil. Þessi góðu tækifæri sem komu upp í hendurnar á mér urðu að engu, fíknin var yfirsterkari.
Svona gekk þetta í nokkra mánuði þangað til allt var orðið svo slæmt að ég var búinn að klúðra öllu sem hægt var að klúðra, hvort sem það snéri að mér sjálfum eða fólkinu í kringum mig. Neyslan var komin í óefni og ég var orðinn mjög örvæntingarfullur. Það eina sem kom upp í huga minn var að tala við Baldur af því ég vissi að hann þekkti þennan heim. En þegar ég fór í kærleikann þá var Baldur ekki tilbúinn í að hjálpa mér á þann hátt sem ég vildi, heldur bað hann fyrir mér og bauð mér á samkomu. Það rann af mér á þremur tímum sem stenst ekki læknisfræðilega séð. Og Guð mætti mér á stórkostlegan hátt og lyfti mér upp á nýjan stað. Út frá neyslunni og ýmsu sem ég hef lent í, var búið að greina mig með geðhvarfasýki og hipermaniu en í dag, dýrð sé Guði er ég alveg laus við það.

**Hvað finnst þér um starfsemi Kærleikans?**

Andi Drottins er að starfa hér og uppfyllir drauma okkar og hann hefur svo sannarlega breytt mínu hjarta. Hér hefur mikið af góðum hlutum gerst á stuttum tíma og margt og mikið sem okkur langar að gera. Ef þú lesandi góður vilt leggja okkur lið, hvort sem það er að biðja fyrir okkur, koma og hjálpa okkur að útfæra verkefnin eða blessa okkur fjárhagslega þá þiggjum við það með þökkum af því við elskum allt fólk.

**Er eitthvað að lokum sem þú vilt segja?**

Ég vil hvetja alla til að kynna sér það sem við erum að gera, alveg sama á hvaða stað þú ert í lífinu. Þetta er ekki samfélag bara fyrir fíkla, Guð á erindi við alla menn. Við eigum sigurinn í Jesú nafni.

**Lokaorð frá Kærleikanum**

Ef þú ert á þeim stað í lífinu að vilja eignast eitthvað alveg sérstakt sem getur breytt þér og þínum kringumstæðum þá vil ég bjóða þér að fara með þessa bæn. Lestu hana upphátt og hugleiddu hana vel.

Drottinn Jesús.
Þakka þér fyrir náð þína.
Ég bið þig um að fyrirgefa mér syndir mínar og hreinsa hjarta mitt.
Ég trúi því að þú hafir gefið líf þitt fyrir mig, hafir risið upp frá dauðum og lifir í dag.
Ég gef þér núna mitt líf og játa þig sem minn Drottinn.
Amen

FITNESS SPORT
FAXAFEN 8 / LAUGAR

Asian Express
Strandgata 11, 220 Hfj. Sími 555 3737
www.asianexpress.is

MISTY-SKÓR
Svo þér líði betur
Laugavegi 178
Sími 551 2070

MISTY-NÆRFÖT
ÞAÐ FYRSTA SEM ÞÚ FERÐ Í
ÞAÐ SÍÐASTA SEM ÞÚ FERÐ ÚR
Laugavegi 178 • Sími 551 3366
misty@misty.is




# *Alhliða umhyggja*

Hjálpræðisherinn á Íslandi




## Hafnarfjörður 100 ára

Hátíðin er haldin á 100 ára kaupstaðarafmæli Hafnarfjarðar og er hluti af afmælishátíð bæjarins. Von okkar er að sem flestir landsmenn heimsæki eða taki þátt í þessari fjölskylduhátíð og kynnist fjölbreytileikanum í Gospeltónlist ásamt almennu kirkjulegu starfi.

## Dagskrá

Þessi hátíð sem hefur einnig verið kynnt sem „Gospel festival“ er sú eina sinnar tegundar á Íslandi en Gospelhátíðir eru vel þekktar erlendis.
Fjölbreytt dagskrá verður fyrir allan aldur en dagskráin verður þéttust um helgarnar en léttari á virkum dögum. Mikið er lagt í að hafa hátíðina sem fjölbreyttasta og að hátíðin höfði til allrar fjölskyldunnar. Hundruðir listamanna eru með í dagskránni svo allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Á hátíðinni munu koma fram margir helstu Gospel tónlistarmenn Íslands og fjöldi erlendra listamanna. Létt tónlist verður oftast inni í Víðistaðakirkju til stuðnings ABC en Gospel, popp, rokk, dans og drama ásamt alls kyns sýningum verður á sviði á mótssvæðinu. Um helgar verður boðið upp á gott krakka- og unglingastarf.

## Styrktartónleikar í 10 daga

Á hverju kvöldi er ákveðið málefni kynnt og fólk hvatt til að hringja í 900 númer og leggja félagskapnum lið með fjárhæðum sem renna óskipt til þeirra sem er verið að styrkja. Þau málefni sem á að leggja lið eru td. ABC hjálparstarf, Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna, Langveik börn Umhyggju, MND félagið og Hjálparstarf í Grænlandi.

## Líf og fjör fyrir allan aldur!

Á svæðinu verða settar upp BMX- sýningar með lifandi tónlist undir. Þarna er einnig tennisvöllur, fótboltavöllur, leiksvæði fyrir börnin, leiktæki og gott krakkastarf sem kirkjurnar sjá um. Hægt verður að setjast niður og fá sér kaffi og meðlæti og ágætis matsala verður á svæðinu.
Hægt er að tjalda á svæðinu gegn vægu gjaldi á vegum Skátanna. Góð gæsla.

## Fjölskylduhátíð fyrir alla landsmenn.

Gospel er fyrir alla fjölskylduna, ekkert ofbeldi er í textunum heldur einungis það sem er jákvætt og til uppbyggingar. Þeir sem kynnast Gospeltónlist eru sammála um það að oftast er eitthvað sérstakt sem gerist bæði hjá áheyrendum og tónlistarfólki við flutninginn. Við vonum að svo megi einnig verða á Víðistaðatúni, að gestir kynnist einhverju nýju og eignist nýja sýn á boðskapinn í kristinni trú sem er jú grunnurinn í Gospeltónlist.

## Fyrirlestrar og námskeið

Um 30 fyrirlestrar og námskeið verða í boði um mismunandi efni á hátíðinni. Námskeiðin og fyrirlestrarnir verða um helgarnar í Víðistaðaskóla og í Víðistaðakirkju frá kl. 10:00 til 12:00 og á meðan geta börnin leikið sér úti á svæðinu eða tekið þát í skemmtilegu barnastarfi frá kirkjunum. Ekki mun kosta inn á fyrirlestrana nema á svokölluð „workshop“ erlendra tónlistamanna.




## SIGGI KAPTEINN



Sigurður Ingimarsson eða Siggi kapteinn, eins og hann er stundum kallaður er söngvari og hljóðfæraleikari sem hefur verið mikið í Gospel tónlist. Hann hefur komið fram á hinum ýmsu stórtónleikum í Noregi og einnig í sjónvarpi þar. Hann tók þátt í sjónvarpsþættinum X factor á stöð 2 og fór í úrslitakeppnina þar. Sigurður er forstöðumaður í Hjálpræðishernum á Akureyri.

Laugardagana 21. og 28. júní kl. 14.30 verður BMX sýning á Víðistaðatúni. Thomas Hansen fyrrum heimsmeistari í BMX hjólakeppnisgrein verður seinni laugardaginn og íslenskir BMX áhugamenn sýna listir sínar. BMX hjólaíþrótt flokkast undir svokallað jaðarsport og líkist mest brettaíþróttum (skateboarding) þó að BMX hjól séu auðvitað talsvert ólík brettum í útliti.Daninn, Thomas Hansen varð heimsmeistari í BMX hjólakeppnisgreininni þegar hann var 21 árs. Líf hans breyttist mikið þegar hann fékk að upplifa að Guð er raunverulegur, eftir það snerist líf hans um eitthvað stærra og draumar hans tóku að rætast. Thomas ferðast nú um heiminn með „GX International“ sem setur upp sýningar og segir frá trú sinni og upplifun. „GX International“ er hópur af ungu fólki alls staðar að úr heiminum með mismunandi bakgrunn en eiga það þó sameiginlegt að stunda jaðaríþrótt og trúa á Jesú Krist. BMX samband Íslands er 10-15 manna hópur af áhugasömum BMX hjólaköppum.
Þeir munu ásamt Thomasi sýna listir sínar á Gospelhátíðinni. Hópurinn spannar allt frá 14 ára guttum upp í 30 ára aldursforseta. Þeir hittast daglega ef veður leyfir og hjóla saman. Það er mikið sjónarspil að fylgjast með þeim og ætti enginn að missa af þessu. Á sama tíma og BMX sýningin verður, spila hljómsveitirnar Jack London og Fantastic undir. Ekki láta þig vanta á þennan skemmtilega viðburð!




Gaflara KOKKAR
GAMLA VÍNHÚSIÐ RESTAURANT
SS fremstir fyrir bragðið
INDIAN MANGO
Indian Mango · Á horni Frakkastígs og Grettisgötu
Sími 551 7722 · www.indianmango.is · info@indianmango.is
Coca-Cola

# heitið?



kið til Hríseyjar þar sem hann hafði nýver-
n nýbyrjuð saman, fyrsta fríið og rómantík-
ég kasólétt og af þeim sökum keyrði kær-
norður. Því fór svo að við misstum af síðustu
ru góð ráð dýr. Þetta var um hásumar og lítið
ið hringdum og bönkuðum upp á í sveitinni,
eyrsluna og nóttin skollin á. Skyndilega upp-
ð samlíkinguna við annað ágætt par úr mann-
, sem er þó öllu frægara en við. Engin gist-
kona – og barnið ekki hans. Ólíkt Maríu og
m við þó gistingu að endingu í uppábún-
, hjá höfðingja miklum á Þelamörk. Hann bjó
sem við værum hans eigin börn og fullvissaði
að við værum í góðum höndum. Ef til fæð-
mi skyldum við vera alveg róleg því hann ætti
m sjálfur og hefði tekið á móti ótal kálfum!
anlegur maður. Við komumst loksins daginn
í Hrísey og áttum unaðslega daga og stefn-
mitt þangað í júlí að njóta lífsins. Hrísey er
andi hluti af góðu sumri.“

r. Fyrst
-mótið
pa þar
við
verið í
mmta

eð 3/4
n.
n og
ds,
skjót-
r er-
fla mig.
kert
g bætir
r ég fór
æjar
aldi þar
r var
ns og



Sveinn Andri Sveinsson lögmaður ætlar að skipta sumarfríinu sínu í tvo parta.

## RSTJÓRI Á ORGAN

r að heimsækja vina-
rðarhafsveðri. Seint í
g ætla að eyða helg-
ust skilst mér svo að
á m. borga eins og
hef ég aldrei komið
ferð sem ég fór í
Primavera Sound
að við tókum léttan
m við laganna verði
fyrst að sprengja
ður en þeir slepptu
e don´t be so happy.“

páhaldsstað Georgs
rvaktinni, Lund í Sví-



## FUSION

m og
fyrir
um-
ka til
“ Að-
rum á
ð hót-
ast og



Unnur Pálmarsdóttir og kærastinn á Kanaríeyjum árið 2006.

## BIRNA ANNA BJÖRNSDÓTTIR, RITHÖFUNDUR Í NEW YORK

### Ísland – Já takk

„Þegar maður býr í útlöndum er sumarfríið yfirleitt að koma til Íslands og í sumar ætla ég að dvelja í þrjár vikur. Stefnan er sett á Hornstrandir um verslunarmannahelgina í góðra vina hópi og labba um í fjóra daga. Svo ætla ég að labba Laugaveginn með vinkonum mínum. Við höfum gengið Laugaveginn í Reykjavík í gegnum árin en núna ætlum við hinn Laugaveginn. Mér finnst frábært að koma til Íslands í ágúst til að flýja hitasvæluna í New York og svo verður gaman að vera í fríi í Reykjavík.“ Þegar hún er spurð um eftirminnilegasta fríið segist hún ekki vera neitt mikið fyrir að fara í löng frí. „Þar sem ég ræð vinnutíma mínum sjálf fer ég aldrei í langt skipulagt frí. Það er helst að ég leigi mér bíl og fari langar helgar og tek amerískt „roadtrip“. Mér finnst það alltaf skemmtilegt.“



Birna Anna Björnsdóttir rithöfundur flýr til Íslands frá New York því í ágúst er ólíft í borginni vegna hita.



## DÍANA BJARNADÓTTIR

### íslenskt sumar

„Þar sem ég hef búið erlendis í svo mörg ár þá tími ég ekki að ferðast til útlanda yfir sumartímann. Við erum nú þegar búin að fara í sauðburð í Skagafjörðinn, í heimsókn til vina á Dalvík og á Akureyri. Ég ætla í hestaferð með Árna Þór sambýlismanni mínum, en síðasta sumar riðum við frá Mosfellsdal til Þingvalla. Á leiðinni rákumst við á fimmtán manna hóp sem bauð okkur að verða samferða upp að Almannagjá sem var frekar súrrealískt. Náttúra landsins er stórbrotin séð af hestbaki, ég tengist náttúrunni og verð þægilega þreytt en að sama skapi andlega og líkamlega endurnærð eftir slíka ferð. Eftirminnilegustu sumarfríin erlendis hafa verið með syni mínum Árna Heimi hvort sem það var í London, Brighton, París, Miami, Svartaskógi í þýskalandi, Hollandi eða Barcelona . Borgin Flórens á alltaf stað í hjarta mínu en þangað fór ég í tíðar vinnuferðir þar sem höfuðstöðvar Gucci eru þar. Ég á marga góða vini í Flórens og fullt af skemmtilegum minningum.“




# tíska

*ferskleiki dagsins í dag*



**FLATBOTNA SKÓR**
frá versluninni Kron sem bjóða upp á marga möguleika og passa við nánast hvað sem er.



**LÍFLEGUR SUMARKJÓLL**
frá versluninni Trilogiu.

*Áróra Eir Traustadóttir fatahönnuður*

## Punkturinn yfir i-ið

Kragar Áróru Eirar Traustadóttur hafa slegið í gegn en þeir geta lífgað upp á hvaða fatnað sem er og breytt heildarútlitinu á augabragði.

„Að mínu mati er það tilgangur fylgihluta að setja punktinn yfir i-ið í alklæðnaðinum," segir hún. Áróra fær hugmyndir úr mörgum áttum. „Það er þó hægt að sjá áhrif frá fatnaði Viktoríutímans, kragarnir mínir eru að mörgu leyti gamaldags en þó tímalausir í útliti. Ætli aðaláhrifin séu ekki löngun til að hanna fatnað/fylgihlut sem er tímalaus, margnota, vel gerður og fallegur." Aðspurð um efni þá segist hún aðallega nota bómull í kragana sem hún litar sjálf. „Til að skreyta þá hef ég mikið notað satínborða en einnig ýmis önnur efni. Ég er alltaf með augun opin og ef ég sé falleg efni hef ég notað þau í kragana. Mér finnst efnið vera einn mikilvægasti þátturinn í krögunum mínum þannig að ég vanda efnisvalið mjög." Áróra selur kragana sína í versluninni Trilogiu á Laugavegi. Hvað er á döfinni hjá þér? „Ég ætla að halda áfram að gera kragana. Stefni á að nýta sumarið í hönnun nýrra kraga sem verða tilbúnir með haustinu. Mig langar til að koma með línu þar sem ég nota fínni efni sem yrði þá í takmörkuðu upplagi. Hvað varðar útrás er allt opið í þeim efnum og aldrei að vita hvað næsta ár ber í skauti sér." *- bm*



Áróra Eir Traustadóttir er að leggja grunn að nýrri kragalínu sem kemur á markað í haust.










# Veðurspáin þín

JACOB JENSEN™

**FJÖLBREYTT ÚRVAL HJÁ OKKUR Í SKEIFUNNI 6, Í LEIFSSTÖÐ OG Á LAUGAVEGI 7.**

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal




**OPIÐ Á LAUGARDÖGUM Í EPAL, LAUGARVEGI 7 Í ALLT SUMAR.**

# útlit

*smáatriðin skipta öllu máli*

**50 ML TÍSKUILMUR** Hvern dreymir ekki um að lykta eins og ferskur sumarvindur? Nýjasti Diesel-ilmurinn, Fuel for life, eða bensín fyrir lífið, er sumarlegur og um leið kryddaður og kynþokkafullur.






## Hrukkubani í dós




Rénergie Skin Refill, nýjasta línan frá Lancôme, berst gegn hrukkum og eykur fyllingu húðarinnar. Þegar við eldumst minnkar hyaluronic-sýran, kollagenið og eastínið í húðinni sem gerir það að verkum að það slaknar á henni og hrukkur myndast. Nú er komin ný húðlína frá Lancôme sem endurvekur framleiðslu þessara náttúrulegu þátta og gerir það að verkum að birgðir húðarinnar aukast til muna. Eftir fjögurra vikna notkun mun húðin öðlast aukið fjaðurmagn og hrukkur minnka til muna. Er hægt að biðja um eitthvað meira? *- mmj*

NAIL ENVY
NAGLAHERÐIR




Þessi upprunalegi.
Goðsögnin.

Frábær naglaherðir fyrir
neglur sem flagna og brotna.

O·P·I

*Guðbjörg Huldís töfraði fram sumarútlitið frá MAC í andliti Lilju Ingibjargardóttur*

# Ferskleikinn svífur yfir vötnum

Sumarið er komið og tími til að fagna því og reyna að vera svolítið ferskur. Guðbjörg Huldís farðaði Lilju Ingibjargardóttur eftir sumarútlitinu frá MAC. Hún lagði áherslu á að húðin væri fersk og bronsuð, varirnar ferskjulitaðar, naglalakkið neonlitað og augnlokin lokkandi. Til að fá fallega bronsáferð á húðina setti Guðbjörg Hyper Real Foundation frá MAC yfir allt andlit. Hún gætti þess að dreifa því vel niður á hálsinn og lét það deyja út þar svo að andlitið væri ekki eins og gríma. Hún notaði sáralítið púður, bara rétt á ennið og nefið. Hún setti vanillu-augnskugga yfir allt augnlokið og síðan MAC Retro-speck augnskugga ofan á. Síðan setti hún Pro Lash maskara á augnhárin og setti 2-3 lög til að augnhárin yrðu ofsalöng. Þegar hún var búin að því setti hún Gloss Créme Brilliance yfir augnlokið sem gerir þau girnilega fersk. Síðan setti hún Deeper Refined Bronzepúður frá eyra og niður á kinnbein. Hún notaði bursta nr. 116 til að fá hárrétta áferð en púðrið er gætt þeim eiginleikum að gefa sérlega fallegan gljáa. Til að fá meiri dýpt í andlit, setti hún sólarpúður meðfram hárlínu frá enni og niður undir kjálkabein.

Á varirnar notaði hún varalitinn Costa Chic en hann formar varirnar og er í einum vinsælasta sumarlitnum.

*martamaria@365.is*




**Ljósmyndari:** Atli www.dund.is
**Hár og förðun:** Guðbjörg Huldís með MAC
**Módel:** Lilja Ingibjargardóttir hjá S. People.

**1.** Gloss Créme Brillance er notað yfir augnlokin til að gera þau svakalega sumarleg. **2.** Hyper Real Spf 15 Foundation er sett yfir allt andlitið til að fá reglulega flottan gljáa. **3.** Ferskjulitaðar varir en liturinn heitir Costa Chic og er frá MAC.



Stuart Weitzman
Þráinn Skóari
Skóbúð • Grettisgata 3

## Kyssilegar varir

Nýjasta glossið frá Chanel kemur með sumarið beint í æð. Hinn sterki rauð/appelsínulitur hentar bæði ljóskum og brúnkum, að ég tali nú ekki um þegar húðliturinn hefur fengið örlítinn sólargljáa. Umbúðirnar skemma heldur ekki stemninguna, undurfagrar og dásamlegar!



DK
INNRÉTTINGAR

ELDHÚS BAÐ FATASKÁPAR



Lyngás 14
210 Garðabær

Sími 544 2130
Fax 544 2133

www.dkinnrettingar.is

# bland

*í gær og á morgun ...*

## HELGIN

**LAUGARDAGUR:**
Hinir árlegu sólstöðutónleikar Páls Óskars og Moniku verða í Þjóðmenningarhúsinu, Hverfisgötu 15 og hefjast þeir kl. 22. Að loknum tónleikunum ganga tónleikagestir út í miðnætursólina og fagna lengsta degi ársins.



**SUNNUDAGUR:**
Fjölskylduhátíðin í Viðey hefst kl. 14 með hátíðarmessu. Dagskrá hátíðarinnar er fjölbreytt og verður ýmislegt skemmtilegt í boði fyrir unga sem aldna. Hátíðin stendur fram eftir kvöldi og endar með dansleik í eynni.

## díana mist

FÖSTUDAGUR 13. JÚNÍ
Ég ákvað að lengja helgina og tók mér frí úr vinnunni svo ég gæti flatmagað úti á svölnum hjá mér í sólinni. Ellilífeyrisþeginn, gamli sjensinn minn á neðri hæðinni, hafði ákveðið að gera hið sama með nýju kærustunni sem hann kynntist í orlofsferð eldri borgara. Friðurinn var því nánast enginn þar sem sá gamli hafði ákveðið að trompa sjálfan sig í stuði og hressleika á svölunum. Harmónikuleikur á blasti, hlátrasköll og angan af kókósolíu var eitt af því fáa sem teygði anga sína upp á svalirnar til mín og rétt eftir hádegi var friðurinn endanlega úti þegar vinahjón parsins bættust í leikinn. Ég ákvað því að setja brúnkuna á bið, færði mig í miðbæinn og sötraði þar hvítvín fram eftir degi. Ég var orðin vel hress og áður en ég vissi af var ég búin að boða nokkrar vinkonur mínar í drykk heim til mín. Þær komu til mín um áttaleytið og við skáluðum fyrir sól og sumri. Þegar líða tók á kvöldið ákváðum við að skella okkur í bæinn enda var Mallorkapartí eldri borgara á neðri hæðinni farið að færa sig upp á skaftið. Fyrir valinu varð hnakkastaðurinn Óliver, hvers vegna veit ég ekki en kenni sólinni fyrr um daginn og dekkra litarafti mínu um ákvörðunina. Við fengum okkur nokkra kokteila þangað til ég sagði hingað og ekki lengra enda var mér farið að líða eins og „hvítu rusli“ á Costa del Sol-hverfisbarnum. Á leiðinni út mættum við öðrum hressum konum í góðum gír, fagurskreyttri Sigríði Klingenberg sem hafði þó skilið spákúluna eftir heima og ofurvinkonunum Kolfinnu Baldvinsdóttur og Ásdísi Ólsen. Af Óliver lá leiðin á Ölstofuna og aftur kenndi ég annarlegu ástandi mínu um valið. Ölstofan hefur einhvern veginn munað sinn fífil fegurri og á það bæði við um staðinn sjálfan sem veitti ekki af smá upplyftingu og gesti staðarins. Þar var Þorsteinn Joð sléttur og fínn og Kastljóssprinsinn Helgi Seljan syngjandi sæll og kátur. Við aftur vorum fljótar að finna okkur borð í horninu og rifjuðum upp gamla viðreynslutakta sjensanna sem gengu um barinn þetta kvöld eins og afturgöngur. Ég hélt heim í fyrra fallinu enda búin að vera í því síðan um hádegi og var því orðin frekar marineruð.

LAUGARDAGUR 14. JÚNÍ
Ég var búin að gleyma ættarmótinu sem ég hafði einhverra hluta vegna tekið svo vel í fyrir næstum því ári. Ég pakkaði niður helstu nauðsynjum á mettíma og var sest aftur í bílinn áður en ég vissi af. Við vorum varla komin út úr höfuðborginni þegar um mig fór hinn ískaldi landsbyggðarhrollur. Ég hef aldrei verið þessi útilegutýpa á gönguskóm. Þegar við komum á áfangastað, var bíllinn angandi eins og ölkjallari og foreldrar mínir orðnir næstum því hífaðir af áfengisandardrætti mínum. Ég var fljót að afboða mig í hádegisverð niðjamótsins og tilkynnti mannskapnum að ég þyrfti að fá að sofa úr mér í bústaðnum. Ég var þó fljót að breyta plönum mínum eftir að við lukum upp dyrunum á rándýra bústaðnum sem pabbi minn hafði leigt í góðri trú. Þetta var ekki bústaður heldur 12 fermetra skúr með sóðalegum dýnum og án sturtu, landsbyggðarhrollurinn náði nýjum hæðum. Ég var því tilneydd að fara í hádegisverðinn. Eftir að hafa borðað svínakótilettur og kartöflusalat af pappadisk íklædd flísgalla móður minnar sá ég ekkert annað í stöðunni en hringja í vinkonu mína og biðja hana að sækja mig í sveitina. Vinkonan vildi ólm fá mig í borgina og ég hafði varla skellt á þegar hún var lögð af stað. Ég reyndi að gera gott úr þessari tveggja klukkutíma bið og reddaði mér með Jägermeister í vasanum sem ég gat staupað mig á. Ég get samt ekki lýst gleðinni sem heltók mig þegar vinkona mín renndi í hlað. Á leiðinni í bæinn gátum við hlegið af þessu öllu og gírað okkur upp fyrir kvöld í höfuðborginni. Við ákváðum að taka Reykjavíkursnobbið alla leið og fórum á B5 bæði þyrstar og svangar eftir viðkomu heima hjá mér enda þurfti ég á verulegri yfirhalningu á að halda eftir brot úr degi út á landi. B5 reyndist vera í hressari kantinum þetta kvöld eða kannski var ég bara borgarfrelsinu svo fegin að það hefði verið sama hvar ég hefði verið. Þar voru Margrét Sigrún, fréttamaður á RÚV, knattspyrnumaðurinn Gylfi Einarsson og Helga Lind konan hans. Nína Björk ljósmyndari var þar sömuleiðis sem og stjörnulögmaðurinn Sveinn Andri sem virðist ekki missa úr helgi á börum bæjarins. Við skemmtum okkur konunglega og ég fagnaði því langt fram undir morgun að vera eftir allt stödd í 101 Reykjavík. Guð blessi höfuðborgina.





# Helga Vala Helgadóttir, blaðamaður og lögfræðinemi.

**TOPP 10**



**„Gönguskórnir mínir. Fékk þá í afmælisgjöf í fyrra. Það var hinn undarlegasti afmælisdagur. En skórnir eru algerlega málið því að fjallahopp er mitt mál þessa dagana og ég hnýti gönguskóna á mig oft í viku. Get ekki beðið eftir því að komast í þá og upp á topp.“**



**„Síminn minn. Hann er í senn óþolandi tæki, nauðsynlegt og ónauðsynlegt. Gerir úr manni þræl en léttir lífið stöku sinnum. Himinháir símreikningar og óþolandi ónæði, en fer samt með manni hvert sem er. Líklega er þetta ástar/haturssamband.“**

ROSKILDE FESTIVAL

**„Miðinn á Hróarskeldu 2008. Það styttist í hátíðina sem er líklega sú stærsta í mörg ár. Margir gríðarlega spennandi tónlistarmenn mæta í ár eins og Neil Young, sem ég sá í London fyrr á árinu og Radiohead sem ég hef aldrei séð. Eins Bonny Prince Billie sem ég missti af hér á Gauknum vegna ógleði yngstu dótturinnar hjá barnapíunni það kvöld. Þetta verður meiriháttar ferð í byrjun næsta mánaðar.“**



**„Leðurjakkinn. Fann þennan í Liverpool fyrir stuttu og er þess vegna svona nýlega skotin í honum. Tilhugalífið á fullu og ég fer helst ekki út í annarri yfirhöfn nema þegar ég fer á fjöll.“**




**„Leitin að tilgangi lífsins eftir Viktor E. Frankl. Þessi bók er svo mikil snilld. Þegar maður er að kafna úr sjálfsvorkunn yfir ranglæti heimsins á maður að opna þessa bók. Þessi maður, sem lifði af veru í fangabúðum nasista í seinni heimstyrjöldinni, er höfundur lógóþerapíunnar. Mæli með því að allir hafi eina slíka á náttborðinu.“**



**„Kúlurnar hennar Snærósar. Snærós er dásamlegt skáld. Snærós er að verða sautján og er í MH og ein jólin gaf hún okkur þessar kúlur. Á hverja kúlu hefur hún ort ljóð um fjölskyldumeðlimina, einn af öðrum, svo falleg ljóð og svo full af tilfinningum. Snærós er góð og Snærós er falleg og það er gaman að eiga þessar kúlur.“**





**„Sundfötin. Sundlaugarnar eru algjör lífsnauðsyn og þar sem maður verður að vera í sundfötum í sundi þá verða þau hið mesta þarfaþing. Ég syndi mest lítið í sundi, heldur fer í pottinn og sit á bekknum, fer aftur í pottinn og aftur á bekkinn nokkrum sinnum. Útiklefinn er líka málið.“**

**„Varaliturinn. Mér finnst gaman að vera með varalit. Þegar ég er kát set ég á mig varalit. Þegar ég er blúsuð er gott að taka upp varalitinn því það er eitthvað skemmtilegt við að setja upp varalit. Líklega er ég bara svona misþroska að finnast enn þá vera ákveðið steitment í að setja á sig varalitinn. Svona „girlpower“ eitthvað. Eins og smástelpur sem setja á sig varalit og geta svo hvorki brosað né talað vegna þess hversu meðvitaðar þær verða. Ég er pínu þannig.“**



**„Bláa biblían mín. Hér er á ferðinni lítil blá bók, agnarsmá raunar, sem lætur lítið yfir sér. Þessi bók hefur engu að síður að geyma heilræði fyrir hvern dag ársins og það engin smá heilræði. Þessi bók hefur bjargað mörgum einstaklingum, kannski ekki bókin sjálf heldur það sem í henni stendur. Ég les hana á hverjum degi og stundum oft á dag.“**



**„Lyklar að heimilinu. Nú er ég aftur farin að bera lykla. Notaði ekki slíka í Víkinni fögru en nú eru þeir í töskunni. Þeir veita mér aðgang að veröldinni með fjölskyldunni. Þetta er okkar vin. Heima gerast hlutirnir. Þar föðmumst við og grátum og hlæjum og kyssum. Allt í bland og segjum „þú ert flott í dag“ eða „mér þykir vænt um þig“ áður en haldið er út í daginn. Án heimilis væri ég vængbrotin, svona einfalt er það.**









# SUMARTILBOÐ



**TILBOÐ!**
Viktoria
Rúmstæði með latexdýnu og gafl (160x200)
Áður kr. 339.900
**NÚ kr. 269.900**

**TILBOÐ!**
Chery
Hvítt leður rúmstæði með latexdýnu og gafl (160x200)
Áður kr. 349.900
**NÚ kr. 279.900**



## EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF SVEFNSÓFUM






## AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI.

King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum síðan árið 1898 og framleiðir í dag einu dýnurnar sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóða rannsóknasamtök kíropraktora) og Good housekeeping (stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum).

Good Housekeeping Promises
LIMITED WARRANTY TO CONSUMERS
REPLACEMENT OR REFUND IF DEFECTIVE

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is

# FÖSTUDAGUR

**SIGRÍÐUR KLINGENBERG** *spáir fyrir Hönnu Birnu Kristjánsdóttur*

# Borgarstjórastóllinn verður varla hennar



Hanna Birna Kristjánsdóttir er fædd 12.10 1966. Til að reikna út lífstöluna er fæðingardagurinn lagður saman og út kemur talan 8. „Hanna Birna, oddviti Sjálfstæðisflokksins, er svolítið óútreiknanleg týpa. Miðað við þessar tölur hefur hún alltaf verið ákveðin, alveg frá því hún sleit barnsskónum. Hún hefur unnið sleitulaust án þess að unna sér hvíldar, ekki bara að því takmarki sem hún er komin að, heldur stefnir hún hærra og hærra. Hanna Birna verður að gæta þess að taka lífið ekki of alvarlega því hún kemst ekki lifandi frá því. Hún verður janframt að passa sig á því að treysta fólki betur í kringum sig, því það er fólkið í kringum hana sem mun koma henni áfram. Miðað við hennar lífstölu hefur hún mikið skap og það borgar sig ekki að verða óvinur hennar. Hún hefur mikla stjórnunarhæfileika og mun ekki víla fyrir sér að taka ákvarðanir þótt þær falli fólki ekki í geð," segir Sigríður Klingenberg og bætir við að Hanna Birna sé að fara yfir á töluna fimm. Hún er reiknuð þannig að árinu 2008, sem er talan 1, er bætt við fæðingardaginn sem er í þessu tilfelli 12.10. og verður útkoman 5. „Það þýðir að hún var á tölunni 4 sem er ansi erfitt ár, bæði tilfinningalega og vinnulega. Hún er að fara á miklu léttara og skemmtilegra ár og allt mun brosa við henni. Það er þó ekki alveg unnið af heilindum í kringum Hönnu Birnu því mér finnst eins og það séu ekki allir sáttir við að hún sitji í stóli konungsins. Það má vera að Hanna Birna verði borgarstjóri um stund en ég held samt ekki. Ég sé fyrir mér að þar komi inn ný manneskja sem mun taka oddvitasæti Sjálfstæðisflokksins. Hún er þó heppin því hún er vel gift, hefur Vilhjálm eiginmann sinn í baklandinu, sem er kraftmikill og sterkur maður eins og nafnið gefur til kynna. Til hamingju með þetta ár, því það verður frábært!



## 5 LEIÐIR TIL AÐ GERA FÖSTUDAG ÓGLEYMANLEGAN



Ásdís Ólsen þáttastjórnandi



„Mér finnst gaman að fara út í hádegismat á föstudögum með vinum mínum."



„Mér finnst gaman að fara að versla og undirbúa fjölskyldusamkomur helgarinnar. Ég geri bestu kjötsúpur í heimi og er skyldug til að elda hana reglulega."



„Best finnst mér að fara í sveitina með góðu fólki ... sérstaklega á sumrin."

„Annars er líka gott að slaka á með stelpunum mín á föstudagseftirmiðdögum. Þá förum við í sund eða fjallgöngu og meldum okkur svo í mat einhvers staðar."





„Annars hef ég nýlega tekið upp á því að fara út á lífið á föstudögum. Eftir að ég byrjaði með þáttinn Mér finnst þá eigum við Kolfinna til að halda áfram eftir upptöku á föstudagsþættinum og höfum yfirleitt endað á Ölstofunni undir miðnætti – þar er oft gaman.




## 2 milljónir +




Skiptu í HYBRID og sparaðu hundruði þúsunda í eldsneyti. 40% minna eldsneyti, meiri kraftur og lægra verð. Hybrid er framtíðin sem leysir af hendi eyðslufreka og mengandi benzín og dísel bíla. Pantaðu HYBRID reynsluakstur Reykjavík eða Akureyri í síma 5522000. Kynntu þér úrval HYBRID jeppa og fólksbíla frá Toyota, Ford, Chevrolet og öðrum helstu framleiðendum á www.islandus.com



Til sölu Porsche Cayenne S árg. '06, ek. 26 þ. km. Loftpfj. toppl., og m.fl. Glæsilegur bíll. Verð 8,9 m. Uppl. í s. 554 0500.

## Bílar óskast

Óska eftir eyðslugrönnum fólksbíl á 100-200 þús. Má vera með body skemmdir. S. 847 1350.

Ódýr bifreið óskast! Má þarfnast smá aðhl. Stgr. ca. 25-60 þ. S. 844 6609.

## Jeppar




Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008 Ford Explorer frá 2790þús, Dodge Durango frá 2790þús, Jeep Grand Cherokee frá 2590þús, Toyota Highlander frá 3100þús, Landrover LR3 Discovery frá 5690þús, Benz ML350 frá 5350þús, Audi Q7 frá 5750þús, VW Touareg frá 4750þús. Sími 5522000. www.islandus.com



Freelander2 TD S skráður 07.2007. Glæsilegur,svartur,ljóst leður og dráttarkrókur. Ek. 13þ.km.Verð 5.2m.Skipti möguleg á Discovery3, Land Cruiser 120 eða Pajero.Uppl. í síma 856 8421.



Jeep Grand Cherokee Limited árg 2006 ekinn 23þús km ásett verð 3,7 tilboð 3,2 uppítaka á hjólhýsi eða fellihýsi ca milljón kemur til greina sími 8976996



BMW X5 árg 2001 ekinn 78.000 km vel búin og fallegur bíll. Ath skipti V. 3.000 þ. Mikill stagreiðsluafsláttur. Uppl. 660-3430



**NULL**
Ford E250 árg. '88 7,3 D. 60 framan, aftan. no spin. breyttur 38" Sk. '09. V. 430 þús. Gott húsbílaefni. S. 824 3467.

**TILBOÐ 170 ÞÚS.**
MMC Pajero V6 3000, árg. '93, ek. 230 þús. sk. '09. Í fínu standi. Ódýr 7 manna fjölskyldubíll. Uppl. í s. 821 4111.

Herbergi í 101 rétt hjá Iðnskólanum á 56þ.Sameiginl. eldhús, WC, þvottav + þurrkari, ADSL mögul. s: 823 2937

## Fornbílar

Tilboð óskast í Volvo P 1800 S árg. 1968 2 manna sportbíll. Er í mjög góðu ástandi. Uppl. Sigmar s. 564 4966 eða Emil 421 7794 & 862 7794.

## Pallbílar




Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008. Ford CREW F150 frá 2450þús, Ford F350 DIESEL frá 3390þús, Dodge RAM 1500 frá 2300þús, Dodge RAM DIESEL frá 3290þús, Toyota Tacoma frá 2990þús, Toyota Tundra frá 3090þús. Sími 5522000. www.islandus.com



**Travel Lite Pallhýsi**
Pallhýsi, vel útbúin í fríið, 3 stærðir, besta verðið , 14 - 1800 þús. eftir stærð, til sýnis á Oddagötu 8. Rek. Travellitecampers.com Ferðapallhýsi ehf. s. 663 4646



Dodge Ram 2500 dísil árg'05 ek.34þ. km verð 3,5.áhv.2,3. skipti ód.(Ford 150) s:8990896



Chevrolet silverado 2500 árg.97.ek.220. verð 900.áhv.900. s:8990896

## Sendibílar



VW Transporter '99 dísel 3 mannna. Ek.141þús. Skoðaður '09 Verð 400þús s:8698231

## Vörubílar

Til sölu 2 stk. malarvagnar árg. '07. 1 stk. M.Benz 1851 árg. '07. Uppl. í s. 844 5270.

## Húsbílar



Fiat 1990 turbó, ekinn 160 þús. Dísel. Verð 1600 þús. S. 698 6349 & 554 1544.



Fiat J 154, 2,8 ltr diesel, árgerð 2004 Sem nýr. Ekinn. 24.250 km. Verð 5.500.000. Ýmis aukabúnaður. Opnunartími Mán.-fös. 10-18, lau. 13-16 og sun. lokað. Hobbyhúsið ehf - Dugguvogi 12 - 104 Reykjavík - S. 517 7040 www.hobbyhusid.is



Ford 350 + Sunlite 865 WS pallhýsi Árgerð 2005. Ekinn 30.095 km. Verð 5.300.000 Opnunartími Mán.-fös. 10-18, lau. 13-16 og sun. lokað. Hobbyhúsið ehf - Dugguvogi 12 - 104 Reykjavík - S. 517 7040 www.hobbyhusid.is



**NULL**
Dethleffs Fortero A 6975, Ford Transit TD, skr. '08, Stórglæsilegur bíll á frábæru verði. S. 664 5638 og 662 5050.

## Mótorhjól





**Nokkur ný Yamaha fjórhjól og mótorhjól**
Um er að ræða takmarkað magn af 2007 árgerð sem við getum boðið nú á afar hagstæðu verði. Mótormax, Kletthálsi 13, s. 563 4400



Honda Spiril Shadow 750 CC árg. '03. Ek. 3 þ. Fallegt hjól. Gott byrjendahjól. V. 690 þ. Uppl. í s. 846 2270.



Til sölu Gas Gas Fse 450 árg 05. Fjórgengis með beinni innspýtingu topp hjól aðeins ekið 500 km verð 650 þús uppl í síma 8405986



Harley Davidson Fatboy árg 2005 ekið 6500km 15 ára afmælis útgáfa 1550cc töskur-gler verð 1850þús s8973188

Óska eftir mótorhjóli, helst Hondu VTX eða sambærilegu. Einungis góð hjól á góðu verði koma til greina. Frekari uppl. í síma 662-8700.

## Fjórhjól



Ktm 525 08" Fjórhjól Til sölu fullt lán getur fylgt uppls 8944005

## Vinnuvélar




## Lyftarar



LYFTARI 2,5 tonn Nýr dísellyftari með upphituðu ökumannshúsi. Verð aðeins kr. 1.390þ + vsk. (fyrir utan snúning). ALORKA, s. 577 3080

## Bátar









Til sölu 16 ft Broom Viper bátur. (nýr) m. 90 hp Mercury fjórgengismótor. (notaður í 60 tíma) Vel með farinn. M. vagni. V. 1.600 þ. Uppl. í s. 892 5990.

Til sölu Sómi 600, Volvo Penta 165 hö, GPS, dýptarmælir. Nýr gúmmíbátur. Verð 2,3 m. Uppl. í s. 868 8565.

## Hjólhýsi



Glæsilegt Hobby Hjólhýsi til sölu Kojuhús 06 til sölu með öllum nauðsynlegum aukahlutum. 8250504






Hymer Eriba Nova 461 '89 árg. Verð 870 þús. Seglagerðin Ægir - Eyjarslóð 5, 511-2211 www.seglagerdin.is

Lítið notað fortjald fyrir hjólhýsi til sölu. Selst á góðu verði. Uppl. í s. 896 1639.

## Fellihýsi

Til sölu Fleetwood caean 10 fet. Með öllu, nýtt '08. Á gamla verðinu. S. 893 1919.

## Tjaldvagnar

Combi Camp Family árg. '91 með fortjaldi og öllu. Verð 220 þ. Sími 861 9437.

Til sölu Alpen Cruiser tjaldvagn árg. '93, góður. V. 100 þ. Uppl. í s. 487 7737 & 847 7737.

## Hjólbarðar




Heilsársdekk með kvartskornum. Mun betra grip en hefðbundin dekk. Umhverfisvæn og hljóðlát. Aukið öryggi í hálku og bleytu. Styttri hemlunarvegalengd. Meira öryggi í beygjum. Amerísk gæðadekk. Söluaðilar; Efnir ehf, Vesturhraun 3, Garðabær S. 555 1122 - Nýbarði Lyngási 8 - Garðabæ S. 565 8600.

4 stk 155R13 á felgum á 10þ. 2 stk. 155/70 13" á 3 þ. 20" flottar álfelgur á 20 þ. 2 stk. 235/65 17" á 8 þ. 3 stk 265/70 16" á 12 þ. ofl. S. 896 8568.

## Varahlutir

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar í VW. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Bílapartar ehf**
**S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14,**
**S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

# ÞJÓNUSTA

## Veitingastaðir

Hafið Bláa útsýnis og veitingastaður við Ósa Ölfusár fyrir einstakling og minni hópa. Opið alla daga S. 483 1000 & www.hafidblaa.is

## Hreingerningar







Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

**Vy-þrif ehf.**
Þrif á sameignum. Almenn þrif. Hreinsum Náttúrustein. S. 512 4010 vythrif@internet.is

## Ræstingar

Tek að mér flutningsþrif fyrir heimili og fyrirtæki, er vön. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 659 9511.

## Garðyrkja







Nú er rétti tíminn til að gera garðinn klárann fyrir sumarið. Tökum að okkur allt sem þarf að gera fyrir garðinn þinn. Traust og falleg þjónusta. Sláttumenn garðaþjónusta. S. 846 0864.



## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is**
**Sími 566 8417 og www.dalsmynni.is**



Hreinræktaðir Ísl Fjárhundar, til sölu Óættbókarfærðir, 3 rakkar upplýsingar í síma 693-3483 Kristján



Einstaklega fallegur köttur af skógarkattarætt fæst gefins vegna flutninga. Ársgamalt fress. Sími 5179719 og 8251363

Fallegir 8 vikna gamlir kettlingar fást gefins á gott heimili. S. 861 0454.

CHIHUAHUA SNÖGGH.RAKKAR, black og tan. Tilb. til afh. júní - júlí. Verð 125.000.- Uppl. á Vatnstak@hive.is eða í S: 431-4849

## Ýmislegt







# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Ferðamannaíbúð í Vesturbæ Reykjavíkur til leigu. Rúmar fjóra. Leiga á dag 15 þús. á viku 70 þús. Uppl. á reykjavikwest.com & í s. 820 3640.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

husaleiga.is

Viltu leigja íbúðar- eða atvinnuhúsnæði. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

Herb. til langtíma leigu í Reykjavík & Hafnarfirði. Aðgangur að eldhúsi, baðherb., þvottav. og þurrkara, gervihnattasjónv. og interneti. Uppl. í s. 824 4530.

65 ferm. 2ja herb. íbúð til leigu í Seljahverfi. Uppl. í síma 898 6634.

52 fm nýuppgerð íbúð nálægt miðbænum til leigu á 120 þús á mán. Leigist frá og með 1. júlí. Uppl. í s. 770 7654.

Glæsileg 90 fm penthouse íbúð í miðbæ Hafnarfjarðar til leigu. Verð: 200.000 á mánuði. Laus fljótlega. Upplýsingar í síma 8607481.

Herbergi til leigu við Laugarnesveg, fyrir reglusamt og skilvíst fólk. S. 553 4936.

Til leigu 2ra herbergja íbúð við Þórðarsveig. Sjá heimasíðu Heimkynna ehf. www.heimkynni.is

Til leigu 3ja og 4ja herbergja íbúðir til leigu frá 1. Ágúst. Sjá heimasíðu Heimkynna ehf. www.heimkynni.is

**Frábær staðsetning !**
Góð 3-4 herb. íbúð í Miðtúni, 105 Rvk. Leigist með eða án húsgagna á 160 þús. 1 mán. fyrirfram. Frábær staðsetning. Uppl. í s. 862 1109 eða á annaks@remax.is

Einstaklingsíbúð í miðbænum til leigu í 1-2 mán. Laus strax. Uppl. s. 696 3810.

Til Leigu 3herb íbúð í Dúfnahólum íbúðin er öll nýuppgerð langtímaleiga lyftublokk.Laus strax. uppl í síma 8204640.

3 herb 88 fm íbúð á 3 hæð við Laugarveg. V. 150 þ. á mán. Uppl. í s. 864 4949.

Til leigu 78 fm. 3ja herb. íbúð á svæði 111. Laus 1.júlí. Uppl. í s. 896 8599.

Lítil 2 herb. íbúð með sérinng. til leigu á svæði 200. Leiga 85 þ. Uppl. í s. 893 3475.

Til leigu 2 herb. íbúð með bílastæði í kjallara í hverfi 103 Rvk. Verð 130 þ. á mán. Uppl. í s. 899 7188.

Til leigu 3 herb. íbúð á sv. 111. Uppl. í s. 848 3717.

90fm sérhæð í 112. 3 herb. Björt og falleg. Glæsilegt útsýni. Með eða án húsgagna. Frá 1. júlí - 1. Sept. Verð 130þús. Reyklaus. S: 895 5509.

**Perlan-105**
Til leigu gott herb. á góðum stað í hlíðunum. Sam. góð eldunaraðstaða og afnot af baðherb. og þvottavél. Laust nú þegar. Uppl. s. 863 3328/846 0408

Góð 3-4 herbergja íbúð í 101 til leigu. Upplýsingar í síma 770 6090.

## Húsnæði óskast

Þrír reyklausir og reglusamir námsmenn óska e. góðri 4 - 5 herb íbúð í RVK (helst 104/105) frá 1. ág. Greidslugeta allt að 170tús á mán. Elmar s. 8682798

Ungan reglusaman mann í góðri vinnu vantar einstaklingsíbúð miðsvæðis í Rvk. Greiðslugeta 60-90 þús. á mán. Uppl. í s. 669 9507.

Óska eftir 2 herb. íbúð í Kóp,Hafnarf. eða Garðarbæ sem fyrst. S. 868 9807.

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

## Húsnæði til sölu

Til sölu 2 herb. íbúð með bílastæði í kjallara og góðri sameign í 103 Rvk. Verð 24,9 milj. Skipti á sumarbústaðarlóð eða hjólhýsi allt að 3 milj. Uppl. í s. 899 7188.

## Sumarbústaðir






**Sumarhús til sölu**
Til sölu er nýtt 94 fm. sumarhús í Brekkuskógi með 130 fm. sólpalli. Bústaðurinn er tilbúinn að utan. Hann er staðsettur á skjólgóðum stað, og þaðan er mikið og fallegt útsýni. Hitaveita. Opið hús laugadag kl 14-16. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 899 7710

Til sölu 40 fm sumarbúðstaður til flutnings. Uppl. í s. 893 9073.

## Atvinnuhúsnæði

200 Fm Verslunarhúsnæði í Bæjarlind til leigu, Laust fljótlega. S: 897-5505

Iðnaðar og lagerhúsnæði til leigu. 90, 180, 270, 360 ferm. 4 og 7 m lofthæð. Hagstæð leiga. Uppl. 6601060 8224200

Til leigu 168fm atvinnuhúsnæði við Stapahraun í Hafnafirði. Mjög góð aðkoma að húsinu. Hentar vel fyrir lager eða léttann iðnað. Uppl. í s. 896 0121.

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

## Gisting

Budget accommodation Rvk/Hfj. for sleeping bag. Dorm 1.500 kr./p.day. Info 770 5451.

Svefnpokapláss í Rvk/Hfj. Uppl. í s. 770 5451.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Employment agency seeks:**

**Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plummers, masons, heavy duty drivers, paintors and more for the construction area.**
**- Proventus -**

**Call Margrét 699 1060**

HEILSA OG FEGURÐ

Bjóðum gamla og nýja viðskiptavini velkomna á glæsilega nýja stofu á 2. hæð í Turninum Smáratorgi.




Heilsa og fegurð - S: 568-8850 - www.heilsaogfegurd.is

**Vaktstjóri Select Garðabæ**
**Óskum eftir að ráða vaktstjóra til starfa á nýrri Select í Garðabæ. Um er að ræða almenna afgreiðslu og þjónustu ásamt vaktumsjón. Umsóknareyðublöð má nálgast á www.skeljungur.is eða á næstu Shell eða Select stöð.**
**Nánari upplýsingar veitir Jóhanna í síma 840 3111, Heiða í síma 444 3056 eða senda fyrirspurn á starf@skeljungur.is.**

**Kvöld og helgarvinna**
Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til starfa! Ekki síður skemmtilegt fullorðið fólk. Hringdu núna í síma 575 1500 simstodin@simstodin.is www.simstodin.is

**Helgarvinna**
Feskar Kjötvörur óskar eftir starfsmönnum í kjöt og fiskborð Hagkaupa um helgar. Nánari upplýsingar veitir Guðmundur í s. 660 6302

seafood cellar restaurant
sjávarkjallarinn

**Laus sæti í úrvalsliði þjóna og aðstoðarfólks á kvöldin og um helgar. Bjóðum einnig verðandi framreiðslu- og matreiðslumönnum frábæran stað til þess að læra fagið á. Langar þig til þess að vinna við matreiðslu eða framreiðslu á einum besta veitingastað í Reykjavík?**
**Uppl. veitir Hrefna (694-3854) v. vinnu í sal og Sigurður (867-4774) alla virka daga milli 10-12 og 14-17 í síma eða á staðnum. Umsóknir berist á: atvinna@foodco.is**

**Hótel Óðinsvé**
**Hótel Óðinsvé óskar eftir að ráða yfirþernu til starfa. Um er að ræða fullt starf við yfirumsjón með þrifum á hótelinu, þvottahúsi og innkaupum á rekstarvörum.**
**Fjölbreytt og skemmtilegt starf á litlu hóteli í miðborginni. Reynsla af sambærilegum störfum æskileg. Jákvætt viðmót og þjónustulipurð. Góð hæfni í mannlegum samskiptum. Mjög góð íslensku kunnátta og góð ensku kunnátta skilyrði.**

**Vinsamlegast hafið samband við Jónínu í síma 511-6200 eða sendið e-mail á jonina@odinsve.is.**

**Devitos pizza**
Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu. Vaktavinna.
**Uppl. í s. 692 4327.**

**Veitingahús**
**Íslenskumælandi starfsfólk óskast. Æskilegur aldur 30+. Upplýsingar í síma 869 5037 & 899 3258.**

Smiðir-Verkamenn-Flekauppsláttur: Óskum eftir vönum smiðum og verkamönnum í flekauppslátt. Uppl. 856 5555

**Wink Hársnyrtistofa**
Vegna anna erum við að leita að færum klippurum, duglegum nemum og aðstoðarfólki sem vilja vinna með okkur. Opið til 20 á sumrin. Uppl. í s. 820 4247.

Kaffi Sólon óskar eftir starfsfólki í uppvask, aðstoð í eldhúsi og dyravörslu. Frekari uppl. á Kaffi Sólon frá kl 14-18.

**Vantar sjómenn**
Vantar háseta á Arnarberg ÁR-150 sem gerir út á línu með beitningarvél frá Þorlákshöfn. Skipið verður gert út fram að verslunarmannahelgi og þá stoppað fram í september. Upplýsingar um borð í síma 852 0141 eða í 898 3285.

**Gröfumaður**
Gröfumaður óskast.......... Verktakafyrirtæki á Reykjavíkursvæðinu vill ráða vanan gröfumann til starfa. Meirapróf kostur. Næg verkefni framundan. upplýsingar í síma 892 0989.

Vanan járniðnaðarmann vantar í vinnu. Góð laun fyrir réttan aðila. Uppl. í s. 897 5544.

Vélamann vantar sem fyrst. Helst vanan hjólaskóflu (payloader). Reglusemi og stundvísi áskilin. Örugg vinna langt fram á haust. Ágæt laun fyrir réttan mann. Uppl. í s. 824 1840 Gæðamold Gufunesi.

Gæðabakstur óskar eftir duglegu og reglusömu starfsfólki á dag-og næturvaktir, framtíðar-og sumarstarf. Uppl. í s. 897 5399.

Óskum eftir snyrtifræðimeistara til starfa. Nánari upplýsingar í síma 892 5368.

Eimskip óskar að ráða meiraprófsbílstjóra til starfa á Egilsstöðum, Reyðarfirði, Eskifirði og Reykjavík. Vinsamlegast fyllið út umsókn á www.eimskip.is. Nánari upplýsingar gefur María Jóhannsdóttir í síma 525 7763 eða 825 7763

Óska eftir vönum vélamanni í Hafnargerði í Grímsey. S. 893 5875.

Óska eftir meiraprófsbílstjóra til að leysa mig af í viku sumarfríi, 30. júní - 4. júlí. Góð laun í boði. Uppl. í s. 893 8104.

Óska eftir íslenskumælandi múrurum, málurum og smiðum til starfa. Uppl. í s. 552 5354.

## TIL SÖLU

**Náttúrulækningabúðin**
**www.ullogsilki.is**

**Brjóstagjafafatnaður í úrvali** Góð verð



Buxnaframlengingar 999 kr.
Brjóstahaldara-framlengingar 370 kr.
Gjafabrjóstahaldarar 3790-4990 kr.
Meðgöngunærbuxur, belti o.m.fl.

**Hlíðasmára 14 • 201 Kópavogur**
**Opið mán - fös 11-18 og lau 11 - 17**
**Sendum frítt um land allt**

## TILKYNNING

Skipulags stofnun

**Efnistaka af hafsbotni í Faxaflóa**
**Mat á umhverfisáhrifum**
**- athugun Skipulagsstofnunar**

Björgyn ehf. hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um efnistöku af hafsbotni í Faxaflóa.

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar **frá 19. júní til 1. ágúst 2008** á eftirtöldum stöðum: Í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu Mannvits hf.: **www.mannvit.is.**

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **1. ágúst 2008** til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást ennfremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 m.s.b.

**Skipulagsstofnun**

## ATVINNA

**VANTAR ÞIG**
**SMIÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá fólk sem óskar eftir mikilli vinnu.
Getur hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000**

**VANIR SMIÐIR**
Tökum að okkur ýmsa smíðavinnu
Sólpallar, sumarhús, innréttingar og parket.
Vanir menn, vönduð vinna, gerum tilboð.
Sími 691 0980

**G-5**
**KRANAAFGREIÐSLAN EHF.**
**óskar eftir kranamanni á bílkrana**
Nánari upplýsingar hjá Arnari Kristjánssyni í síma 892 7674.

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.**
**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, meiraprófsbilstjórar, suðumenn, fiskvinnslufolk o.fl. S.8457158

## TILKYNNINGAR

### Tapað - Fundið

Trúlofunarhringur tapaðist. Gullhringur með stórum grænum stein. Inní hringnum stendur „Réne Boivant" Háum fundarlaunum heitið! gsm:615-4040

### Tilkynningar

ÉG ER PASSÍFUR OG LOÐINN Dalí, Akureyri

AA fundur Hverfisgötu karla föstudag kl. 19:30 að Seljavegi 2 (Héðinshúsinu) Rvk. flytur frá og með 1. júní að Borgartúni 6. Minni á neyðarsíma deildarinnar 848 9931.

Vogaskóli árgangur 1962. Endurfundir á Sólon 12. sept '08. Fylgist með á http://vogaskoli.blogcentral.is

### Einkamál

Karlmaður 65.ára óskar eftir kynnum við konu sem félaga. Svar sendist til Fréttablaðsins merkt 0165.

**Gamalgróin vélsmiðja**
í föstum verkefnum vantar starfsfólk sem þarf að geta unnið sjálfstætt.
**Uppl í s. 891 8380 eða 893 5990.**

**BLIKKSMIÐJAN Grettir hf.**
**Starfsmenn óskast**
**í alhliða blikk- og járnsmíðavinnu og einnig í galvanhúðun.**
Upplýsingar veitir Haraldur í s. 895 0072

**Fífa**
ALLT FYRIR BÖRNIN
**Barnavöruverslunin Fífa óskar eftir starfsfólki í fullt starf og hlutastarf**
Viðkomandi þarf að hafa ánægju af mannlegum samskiptum, góða framkomu og frumkvæði, áreiðanlegur, reglusamur og stundvís.
Áhugasamir hafi samband í síma 699-5980 eða sendið umsókn á fifa@fifa.is
**Barnavöruverslunin Fífa**
Húsgagnahöllinni • Bíldshöfða 20 • 110 Reykjavík • s: 5522522

## TILKYNNING

ATH, ATH, ATH, ATH, ATH, ATH, ATH, ATH, ATH, ATH



ATH, ATH, ATH, ATH, ATH, ATH, ATH, ATH, ATH, ATH

ATH, ATH ATH, ATH
ATH, ATH ATH, ATH
ATH, ATH ATH, ATH
ATH, ATH ATH, ATH
ATH, ATH ATH, ATH
ATH, ATH ATH, ATH



ATH, ATH, ATH, ATH, ATH, ATH, ATH, ATH, ATH, ATH

**STOLINN**
**FRÐ FLOKKUNARKRABBI**

Flokkunarkrabbinn á myndunum að ofan var stolið úr gámi sem stóð við Krókháls 7 (gamla geymslusvæði ÍS-TAKS) á síðustu 2 vikum, þeir sem gætu veitt upplýsingar um hvar krabbinn er niður kominn vinsamlegast hringið í Ragnar í síma 8407744 eða Sigurjón í síma 8407740.

**100.000 þús. Kr.**
**FUNDARLAUN Í BOÐI.**

# Upplifðu muninn!
# Ný verslun í Garðabæ




**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*




**BYR**

## Velkomin í Litlatún!

**Við flytjum** í nýtt og glæsilegt húsnæði að **Litlatúni 3**, sem er aðeins steinsnar frá Garðatorgi.

Það er von okkar að þú getir komið við hjá okkur, litið á nýja útibúið og þegið kaffi og meðlæti.

**Við hlökkum til þess að sjá þig í dag, sem og alla aðra daga.**

**Fjárhagsleg heilsa**

Byr sparisjóður • Litlatúni í Garðabæ • Opið virka daga frá kl. 9 - 16 • Sími 575 4000 • www.byr.is

# SPENNANDI UPPBYGGING Í MIÐBÆ GARÐABÆJAR



Þróunarfélagið Klasi hefur síðustu misseri unnið að þróun og endurskipulagningu miðbæjarsvæðis Garðabæjar í samvinnu við sveitarfélagið. Opnun nýs verslunarkjarna í Litlatúni er fyrsti áfangi í viðamikilli uppbyggingu svæðisins og í næsta áfanga verður farið í uppbyggingu við Garðatorg þar sem núverandi miðbær verður glæddur nýju lífi. Miðbærinn mun einkennast af sterkum bæjarbrag og draga betur fram þá miklu kosti sem svæðið býr yfir.

## NÝR VERSLUNARKJARNI Í LITLATÚNI

Fyrir tæpu ári síðan hóf Klasi framkvæmdir við byggingu verslunarkjarnans við Litlatún en þar hefur glæsileg verslun Hagkaups þegar opnað og að auki verða Byr sparisjóður, Pósturinn, Ilse Jacobsen og Ísbúðin Garðabæ með starfsemi sína í húsinu. Mikill metnaður var lagður í hönnun hússins og var markmiðið að láta það falla sem best að umhverfi sínu. Það sést best á formi þess, ávölum línum og náttúrulegu yfirbragði. Þakflötur hússins, sem er um 5.300 fm, er mjög sýnilegur þar sem húsið situr lágt í landinu og var því valin sú leið að klæða þakið með úthagatorfi. Hugmyndafræði hönnunarinnar kemur frá ensku arkitektunum Engle í samstarfi við THG arkitekta sem eru jafnframt aðalhönnuðir hússins. Öll verkfræðihönnun var í höndum VST en byggingaraðili var Ístak. Samstarf þessara aðila hefur gengið vel og áætlanir um þessa miklu framkvæmd hafa staðist.
Innan tíðar mun svo Skeljungur flytja sína starfsemi af Garðatorgi og opna nýja þjónustustöð í Litlatúni sem verður öll hin glæsilegasta.

## UPPBYGGING VIÐ GARÐATORG

Við flutning Hagkaups og Skeljungs af Garðatorgi skapast rými til að umbreyta núverandi miðbæ, auka þjónustuframboð, fjölga íbúum og glæða hann auknu mannlífi. Undanfarin ár hefur Klasi unnið að þróun og skipulagi miðbæjarins í samvinnu við Garðabæ og hefur nýtt deiliskipulag sem tekur mið af þessum hugmyndum þegar tekið gildi. Hugmyndafræði í uppbyggingu miðbæjarsvæðis tekur mið af evrópskum fyrirmyndum þar sem fer saman íbúðabyggð, verslun- og þjónusta ásamt samkomustað bæjarbúa. Skipulag af þessu tagi styður við umhverfisvæna uppbyggingu og sjálfbærni. Með því að færa þjónustuna nær íbúunum, móta öfluga bæjarkjarna og þétta byggð má vinna gegn þeirri þróun sem hefur verið undanfarið, þ.e. að lengra er að sækja þjónustu og við verðum sífellt háðari einkabílnum.

Uppbyggingin sem nú fer í hönd snýr að byggingu 72 íbúða við Garðatorg og 5.500 fm verslunar- og þjónustuhúsnæðis. Íbúðirnar verða í háum gæðaflokki og fjölbreytileiki þeirra mikill. Flest allar íbúðirnar munu hafa einstakt útsýni og margar munu hafa þakgarða. Í verslunarhluta verður fjölbreytt þjónusta, meðal annars veitinga- og kaffihús, bakarí og sérvöruverslanir með mat. Enn fremur er gert ráð fyrir heilsurækt í hæsta gæðaflokki, lífstílsbúðum og verslunum í tengslum við starfsemi Hönnunarsafns Íslands.

Áhersla er lögð á gott aðgengi og nægan fjölda bílastæða en mestur hluti þeirra verður neðanjarðar. Byggingar við Garðatorg munu ramma inn nýtt og glæsilegt bæjartorg sem mun nýtast jafnt sem markaðstorg og samkomustaður bæjarbúa á hátíðarstundum. Samhliða þessari uppbyggingu þá mun Garðabær standa að byggingu nýs Hönnunarsafns Íslands sem mun rísa við torgið en nýlega lauk samkeppni arkitekta um þá byggingu.
Á næstu mánuðum munu framkvæmdir hefjast og gert er ráð að innan tveggja ára verði torgið tekið í notkun, rekstur verslana hafinn og fyrstu íbúar fluttir inn.
Hluti af uppbyggingunni er síðan bygging 70 íbúða til viðbótar á miðbæjarsvæðinu en þær munu rísa við Hrísmóa og Kirkjulund. Þær munu enn auka á fjölbreytileika íbúðarframboðs bæði hvað varðar stærð og gerð.

## SAMSTARF UM ÞRÓUN OG SKIPULAG

Óhætt er að fullyrða að náið samstarfs þróunaraðila, sveitarfélags, íbúa og annarra hagsmunaaðila hefur verið forsenda þess að skipulagsferlið hefur gengið vel og almenn sátt hefur ríkt um verkefnið. Mikið hefur verið lagt í undirbúning og markmiðið hefur verið að hámarka gæði skipulags og nýta kosti svæðisins sem miðju Garðabæjar.
Allt frá árinu 2002 hefur bæjaryfirvöldum verið ljós þörfin fyrir nýjan miðbæ og aukið þjónustuframboð í takt við vöxt bæjarins. Árið 2004 var valin sú leið að leita samstarfs við faglegan þróunaraðila um uppbyggingu miðbæjarins og frá þeim tíma hefur Klasi unnið að verkefninu með Garðabæ. Frá upphafi hefur Garðabær haft skýra stefnu og framtíðarsýn fyrir miðbæinn sem hefur gert góðum hugmyndum kleift að þróast með eðlilegum hætti og eru nú komnar á framkvæmdastig.

**KLASI HF.**

## Líflegur og aðlaðandi miðbær rís í Garðabæ

Fyrsti áfangi nýs miðbæjar í Garðabæ er orðinn að veruleika með opnun glæsilegs verslunarkjarna við Litlatún.
Ég óska rekstraraðilum til hamingju með nýja staðsetningu og Garðbæingum til hamingju með þetta fyrsta skref í átt að nýjum miðbæ. Uppbygging miðbæjarins heldur áfram og nú strax í sumar hefjast framkvæmdir við Garðatorg.

Uppbygging nýs miðbæjar í Garðabæ er og hefur verið unnin í góðri samvinnu Garðabæjar og Klasa. Samningurinn við Klasa var undirritaður fyrir rúmum þremur árum en ákveðið var að taka góðan tíma í að vanda undirbúning og að leyfa hugmyndum um miðbæinn að þróast á undirbúningstímanum. Það er mat mitt að þetta hafi verið hárrétt ákvörðun sem mun skila okkur Garðbæingum fallegum miðbæ sem góð sátt ríkir um.

Verkefnið hefur frá upphafi einkennst af miklum metnaði allra sem að málinu koma og vilja til að koma til móts við sjónarmið íbúa og hagsmunaaðila Bæjarstjórn skipaði sérstaka verkefnastjórn til að halda utan um verkefnið sem skipuð var fulltrúum frá meirihluta og minnihluta auk fulltrúa frá verslunar- og þjónustuaðilum í miðbænum. Á undirbúningstímanum kynnti Klasi hf. hugmyndir sínar reglulega fyrir verkefnastjórninni, bæjaryfirvöldum, íbúum og hagsmunaaðilum eftir því sem þær þróuðust. Íbúum og öðrum áhugasömum var jafnframt gefinn kostur á að starfa í rýnihóp sem fór yfir tillögurnar og kom með margar góðar ábendingar sem brugðist var við. Þessi leið að vinna í náinni samvinnu við einkaaðila að skipulagi og uppbyggingu miðbæjar hefur gefist vel í Garðabæ enda verið vel haldið utan um verkefnið af hálfu beggja aðila.



*„Ásýnd miðbæjarins við Garðatorg mun taka miklum breytingum en mikil áhersla er lögð á að nýbyggingar falli vel að þeim húsum sem fyrir eru".*



Meðal þess sem lögð var áhersla á í undirbúningsvinnunni var að nýjar byggingar féllu vel inn í landið og að þeirri byggð sem fyrir er á nærliggjandi svæðum. Ekki síst var hugað að því á þeim reit sem fyrsti áfanginn stendur á en þar er frábært útsýni út á Arnarnesvoginn. Á Garðatorgi verður síðan skemmtileg torgstemmning með lífi og skjóli, ýmsum sérverslunum, veitingastöðum og þjónustu.

Nýr miðbær sem eðli málsins samkvæmt er í hjarta bæjarins er stórmál fyrir íbúa Garðbæjar og því eðlilegt að vanda vel til verka. Ég tel að sá fyrsti áfangi sem við sjáum tilbúinn í dag beri þess glögg vitni að fagmennska og metnaður hefur verið ríkjandi afl í verkefninu allt frá fyrsta degi. Það verður spennandi að fylgjast með framhaldinu, þegar framkvæmdir hefjast við næsta áfanga miðbæjarins. Ég er þess sannfærður að Garðbæingar eignast á allra næstu árum líflegan og aðlaðandi miðbæ sem eftirsóknarvert verður að búa í og heimsækja.

Gunnar Einarsson, Bæjarstjóri.

# Hannesarmálið 2008 og HÍ

**UMRÆÐAN**
Svanur Kristjánsson skrifar um vinnubrögð við Háskóla Íslands



SVANUR KRISTJÁNSSON

Undanfarið hafa grundvallaratriði í starfi Háskóla Íslands verið á dagskrá og reynt hefur á varðstöðu yfirmanna skólans, einkum rektors og deildarforseta félagsvísindadeildar. Forsaga málsins er sú að árið 2004 birti tímarit Sögufélagsins, Saga, ítarlega greinargerð Helgu Kress prófessors um að annar prófessor við Háskóla Ísland, Hannes Hólmsteinn Gissurarson, hefði í bók sinni, Halldór 1902-1932. Ævisaga Halldórs Kiljan Laxness (2003), brotið á höfundarrétti Halldórs Kiljans Laxness og sænska fræðimannsins Peters Hallberg. Jafnframt lagði Helga Kress fram skýrslu um umfangsmikil brot Hannesar gagnvart höfundarrétti margra höfunda. (Sjá: Helga Kress, Skýrsla um meðferð texta og tilvitnana í bók Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar, Halldór 1902-1932. Ævisaga Halldórs Kiljans Laxness (Reykjavík, 2004), www.hi.is/~helga/ ).

Yfirmenn Háskóla Íslands, félagsvísindadeild og viðkomandi skor aðhöfðust ekkert til að verja heiður Háskóla Íslands sem er sá að í skjóli háskóla slái enginn eign sinni á verk annarra og kynni sem sín verk. Enginn háskóli sem vill standa undir nafni umber slíkan verknað nemenda, hvað þá háskólakennara.

**Rektor aðhefst ekki**

Eftir að ljóst var að háskólayfirvöld ætluðu ekki að gera neitt hóf ekkja Halldórs, Auður Laxness, mál gegn Hannesi Hólmsteini fyrir brot á höfundarréttarlögum. Dómur í Hæstarétti Íslands féll 13. mars sl. eins og kunnugt er og óþarfi er að rekja hér innihald hans en í stuttu máli var Hannesi Hólmsteini gert að greiða talsverðar fébætur vegna brota gegn höfundarrétti. Í ljósi ábendinga dómnefndar frá árinu 1988 um að í verkum Hannesar Hólmsteins gæti ónákvæmni í meðferð heimilda kemur þessi dómur lítt á óvart.

Rektor Háskóla Íslands brást við dómnum með því að segja að Háskóli Íslands gæti ekkert gert í málinu og staða prófessorsins yrði óbreytt. (Fréttablaðið 4. apríl 2008). Hannes mun því að óbreyttu halda áfram að kenna og leiðbeina nemendum, m.a. um vinnubrögð við ritun fræðilegra ritgerða, þar á meðal lokaritgerða. Rektor skólans lét hins vegar hjá líða að útskýra hvernig sá háskóli á að starfa sem hefur að engu grundvallaratriði um heiðarleika og trúmennsku í vísindastarfi og sannleiksleit.

Morgunblaðið leitaði eftir viðbrögðum forsvarsmanna deildar Hannesar Hólmsteins, félagsvísindadeildar, við dómi Hæstaréttar yfir prófessor við deildina. Í frétt blaðsins 5. apríl sl. sagði m.a.: „Ólafur Þ. Harðarson, forseti félagsvísindadeildar, hefur lýst sig vanhæfan til að fjalla um mál Hannesar og vildi ekki tjá sig um bréf rektors í samtali við Morgunblaðið í gær.“

**Jafngildir afsögn**

Ólafur Þ. Harðarson prófessor hefur verið deildarforseti félagsvísindadeildar undanfarin sjö ár en aldrei upplýst deildarmenn um vanhæfi sitt gagnvart Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni. Hannes Hólmsteinn hefur hins vegar gegnt ýmsum trúnaðarstörfum í deildinni, kennt skyldunámskeið í stjórnmálafræði, setið í dómnefndum, verið varaformaður í námsnefnd í stjórnmálafræði og ekki síst (í ljósi dóma um fræðistörf hans): hann var um tíma ritstjóri Íslenskra félagsrita sem er fræðilegt tímarit félagsvísindadeildar.

Yfirlýsing Ólafs Þ. Harðarsonar jafngildir að mínu mati afsögn hans úr starfi deildarforseta og setu í háskólaráði því eðli málsins samkvæmt getur yfirmaður í opinberri stofnun ekki verið vanhæfur gagnvart einstökum undirmönnum sínum en jafnframt viðhaldið stöðu trúverðugs yfirvalds. Einnig ætti að vera ljóst að Ólafur Þ. Harðarson getur ekki með trúverðugu móti gegnt neinni stöðu yfirmanns við Háskóla Íslands á meðan Hannes Hólmsteinn er þar kennari. En hér munu limirnir sjálfsagt dansa eftir höfði skólans.

Í fyrra Hannesarmálinu, sumarið 1988, gátu háskólakennarar litið með stolti til Háskóla Íslands og verið þess fullvissir að skólinn stæði undir nafni sem sjálfstæður háskóli þar sem vísindin efldu dáð og sæmd íslenskrar þjóðar. Tuttugu árum seinna er staðan allt önnur. Vegna innri veikleika gæti Háskóli Íslands tapað því sem öllu máli skiptir: trausti fólksins í landinu. Víst er að skólinn kemst seint í hóp hinna 100 bestu.

*Höfundur er prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands og hefur kennt við skólann í 35 ár.*

# Fræðsla fyrir flóttamenn

**UMRÆÐAN**
Íris Björg Kristjánsdóttir skrifar um alþjóðadag flóttamanna



ÍRIS BJÖRG KRISTJÁNSDÓTTIR

Í tilefni af alþjóðadegi flóttamanna 20. júní og þeirri umræðu sem hefur átt sér stað um komu flóttamanna til landsins, mun ég fjalla í þessari grein um þátt Alþjóðahússins í móttöku flóttamanna frá Kólumbíu sem komu síðastliðið haust til Reykjavíkur. Eins og kom fram í fjölmiðlum, var um 30 manna hóp að ræða, konur og börn og tók Alþjóðahúsið að sér íslenskukennslu, samfélagsfræðslu og starfsþjálfun fyrir konurnar.

Íslenska var kennd fimm daga vikunnar. Áhersla var lögð á samfélagstengda og starfstengda íslensku. Markmiðið var að gera konunum kleift að eiga í almennum samskiptum á íslensku í daglegu lífi. Þær voru þjálfaðir í samtalsæfingum, t.d. að fara í verslun, að panta tíma og heimsækja lækni/tannlækni, að eiga samskipti við yfirmenn og samstarfsfólk á vinnustað, að notfæra sér ýmsa þjónustu, svo sem strætisvagna, bókasafn, sundlaugar og margt fleira. Eins og í allri fræðslu Alþjóðahúss var menningarfræðsla og menningarfærni stór hluti íslenskukennslunnar og lögð var áhersla á að styrkja sjálfsmynd kvennanna og auka sjálfstraust þeirra í nýju landi.

Samfélagsfræðsla á spænsku hófst strax við komu þeirra til landsins. Í samfélagsfræðslunni var farið yfir flest þau mál sem snúa að íslensku samfélagi. Samfélagsfræðslan fólst annars vegar í fræðslu á spænsku, upplýsingamöppu á spænsku og svo vettvangsferðum til vinnustaða, stéttarfélaga, atvinnumiðlunar og ýmislegu fleira.

Síðasti hluti móttökuáætlunarinnar var starfsþjálfun. Hugmyndin var að konurnar fengju tækifæri til að kynnast íslenskum vinnumarkaði áður en þær gerðu ráðningarsamning til lengri eða styttri tíma. Verkefnastjóri skoðaði menntun, reynslu og áhugasvið hverrar og einnar og fann viðeigandi vinnustað til starfsþjálfunar eða námsleið í samræmi við áhuga þeirra. Í flestum tilfellum fóru þær þrjá daga í viku, hálfan daginn í starfsþjálfun á vinnustað. Starfsþjálfunin stóð yfir í 4 til 6 vikur og þá gafst þeim tækifæri á að skipta um starfsþjálfun eða ráða sig til starfa á vinnustaðnum. Þetta fyrirkomulag reyndist báðum aðilum vel, konunum og vinnustaðnum. Flestar konurnar eru í dag komnar í launað starf eða nám. Starfsþjálfunin var tilraunaverkefni og í vetrarlok má segja að það verkefni hafi tekist mjög vel og gæti verið áhugavert til eftirbreytni.

Í heildina hefur verkefnið verið mjög ánægjulegt. Sérfræðiþekking Alþjóðahúss á málefnum innflytjenda, reynsla af ráðgjöf og miðlun upplýsinga og ekki síst tungumálakennslu hefur komið að góðum notum. Við viljum þakka sérstaklega Rauða krossinum og Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða fyrir gott samstarf og jafnframt þakka nemendum fyrir ánægjuleg samskipti og góða frammistöðu.

*Höfundur er verkefnastjóri hjá Alþjóðahúsinu.*


Símaskráin 2008




ÍSLENSKA SIA.IS / JAA 42799 06/2008

já er svarið

Símaskráin 2008 verður, á höfuðborgarsvæðinu, á boðstólum í verslunum Bónus, á bensínstöðvum Skeljungs og Olís, og í verslunum Símans og Vodafone. Á landsbyggðinni verður hún til taks hjá Póstinum og í verslunum Símans og Vodafone.

118 ja.is Símaskráin

# Virðisaukaskatturinn af - og meira til!

Brimborg afnemur meira en ígildi virðisauka-skattsins af völdum notuðum bílum í dag til kl. 18. Komdu í Brimborg og kauptu þér nýjan notaðan bíl á frábæru verði: virðisauka-skatturinn af - og meira til í Brimborg í dag.

**Komdu í kaffi og kleinur**




**Kauptu notaðan bíl hjá Brimborg í dag**

# Allur v
# skattu

# Í dag. Dæmi um tilboð Brimborgar

**Tilboðsverð 1.730.000 kr.**
Ford Transit Connect
1,8 dísil 5 gíra 6 dyra
Fast númer TX506
Skrd. 11/2006
Ek. 25.000 km
Verð áður 2.190.000 kr.



**Tilboðsverð 1.750.000 kr.**
Ford Escape XLT
3,0 sjálfskiptur 5 dyra
Fast númer KV930
Skrd. 01/2005
Ek. 66.000 km
Verð áður 2.250.000 kr.



**Tilboðsverð 2.450.000 kr.**
Volvo V50
2,4 sjálfskiptur station
Fast númer UR280
Skrd. 12/2005
Ek. 48.000 km
Verð áður 3.090.000 kr.



**Tilboðsverð 1.190.000 kr.**
Citroën C5
2,0 sjálfskiptur 4 dyra
Fast númer DN988
Skrd. 02/2005
Ek. 60.000 km
Verð áður 1.790.000 kr.



**Tilboðsverð 710.000 kr.**
Nissan Almera
1,5 5 gíra 5 dyra
Fast númer VA301
Skrd. 06/2005
Ek. 143.000 km
Verð áður 890.000 kr.



**Tilboðsverð 2.290.000 kr.**
Ssangyong Actyon
2,0 sjálfskiptur 5 dyra
Fast númer PK013
Skrd. 06/2007
Ek. 8.000 km
Verð áður 2.950.000 kr.



**Fjöldi annarra bíla í boði - Hringdu núna í síma 515-7000**

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | notadir.brimborg.is

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

Opið í dag
frá kl. 9 til 18

# í dag Brimborg afnemur meira en ígildi vasksins af völdum notuðum bílum til kl. 18 í dag

# irðisauka-
# rinn af og meira til

## á notuðum bílum:

**Tilboðsverð 710.000 kr.**
Hyundai Maxtrix GLS
1,6 sjálfskiptur 5 dyra
Fast númer LP673
Skrd. 06/2002
Ek. 74.000 km
Verð áður 890.000 kr.



**Tilboðsverð 1.130.000 kr.**
Citroën C3
1,6 5 gíra 5 dyra
Fast númer PV066
Skrd. 06/2005
Ek. 38.000 km
Verð áður 1.420.000 kr.



**Tilboðsverð 2.190.000 kr.**
Toyota Avensis
1,8 sjálfskiptur 4 dyra
Fast númer OH715
Skrd. 03/2006
Ek. 41.000 km
Verð áður 2.740.000 kr.





**Tilboðsverð 1.190.000 kr.**
Ford Focus Trend
1,6 sjálfskiptur station
Fast númer VI426
Skrd. 11/2004
Ek. 45.000 km
Verð áður 1.550.000 kr.

*Smelltu á notadir.brimborg.is og veldu nýjan notaðan bíl - farðu síðan á bgs.is og sannreyndu tilboð dagsins í dag.*
*Komdu í Brimborg*

## Virðisaukaskatturinn af - og meira til! hjá Brimborg

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Vilborg Reimarsdóttir**
Sólvöllum 17, Akureyri,

lést miðvikudaginn 18. júní. Jarðarförin auglýst síðar.

**Helga Guðrún Sigurjónsdóttir**
**Stefanía Sigurjónsdóttir** **Jón Eyþór Steinþórsson**
**Reimar Sigurjónsson** **Dagrún Þórisdóttir**
**Friðbjörg J. Sigurjónsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Ásta Bjarnadóttir**

lést á Sjúkrahúsi Vestmannaeyja sunnudaginn 15. júní. Útförin fer fram frá Hafnarkirkju á Höfn í Hornafirði laugardaginn 28. júní kl 11.00.

**Bjarni Gunnarsson** **Ólína Magný Brynjólfsdóttir**
**Súsanna Þórhallsdóttir** **Rúnar Jósefsson**
**Sigríður Friðrikka Þórhallsdóttir** **Einir Ingólfsson**
**Ásta Þórhalla Þórhallsdóttir** **Sigurður Reed**
**Ásþór Guðmundsson**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**

†



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Runólfs Dagbjartssonar (Dúdda múr)**
múrarameistara, Hraunbúðum, Vestmannaeyjum.

Kærar kveðjur og þakklæti sendum við vinum hans og félögum í Karlakórnum Fóstbræður og Akoges í Vestmannaeyjum. Starfsfólki Hraunbúða þökkum við einstaklega góða umönnun og vináttu.
Guð blessi ykkur.

**Ómar Runólfsson** **Auður Eiríksdóttir**
**Margrét Runólfsdóttir** **Sigurður Rafn Jóhannsson**
**Dagmar Svala Runólfsdóttir** **Guðjón Sigurbergsson**
**Kristín Helga Runólfsdóttir** **Ari Tryggvason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskuleg dóttir mín, eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jóhanna Steinþóra Gústafsdóttir**
Smiðjustíg 6, Grundarfirði,

lést þann 16. júní sl. á St. Franciskusspítalanum í Stykkishólmi. Útför hennar fer fram frá Grundarfjarðarkirkju laugardaginn 21. júní kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á MND félagið.

**Jórunn Normann Frímannsdóttir**
**Ívar Árnason**
**Gústav Ívarsson** **Herdís Gróa Tómasdóttir**
**Árni Ívar Ívarsson** **Arna Böðvarsdóttir**
**Benedikt Gunnar Ívarsson** **Iðunn Kjartansdóttir**
**Marvin Ívarsson** **Inga Björk Guðmundsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**


**Legsteinar**
í **miklu** úrvali



REIN
Steinsmiðja
• Viðarhöfða 1
• 110 Reykjavík
• ☎ 566 7878
• Netfang: rein@rein.is




†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingibjörg Einarsdóttir**
Hagamel 23,

verður jarðsungin frá Neskirkju mánudaginn 23. júní kl. 13.00.

**Einar Júlíusson** **Valfríður Gísladóttir**
**Sigríður Júlíusdóttir** **Rögnvaldur Ólafsson**
**Jón Júlíusson** **Jónína Zophoníasdóttir**
**Áslaug Júlíusdóttir**
**Björn Júlíusson** **Rannveig Einarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

**Ásta Sóley Lárusdóttir**
Hallveigarstíg 9, Reykjavík,

lést sunnudaginn 15. júní sl. á Dvalarheimilinu Grund. Jarðarförin fer fram í Fossvogskapellu þann 24. júní kl. 15.00.

**Jónína Lára Einarsdóttir**
**Guðmundur Örn Ragnarsson**
**Bjartmar Orri Arnarson**
**Brynjar Frosti Arnarson**
**Jökull Tandri Arnarson**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, sonur, afi og langafi,*

**Kristinn Steinar Ingólfsson**

sem lést 7. júní að heimili sínu, Jaðri, Dalabyggð, verður jarðsunginn frá Staðarhólskirkju, Dalabyggð, laugardaginn 21. júní kl. 15.

**Bíbí Jóhannesdóttir**
**Gunnar Kristinsson** **Dóra Herbertsdóttir**
**Hanna Lóa Kristinsdóttir** **Ásmundur Ásgeirsson**
**Gunnhildur Steinunn Kristinsdóttir**
**afa- og langafabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Kristján Eðvald Jónsson**
bóndi, Hólum,

andaðist á Sjúkrahúsinu á Akranesi þriðjudaginn 17. júní. Jarðarför auglýst síðar.

**Elín Þ. Melsteð**
**Elías Melsteð Kristjánsson**
**Sigurður Finnur Kristjánsson** **Margrét Ásta Jónsdóttir**
**Hjalti Freyr Kristjánsson** **Rebecca C. K. Ostenfeld**
**Ásdís Kristrún Melsteð** **Jóhannes Haukur Hauksson**
**og börn.**



†

*Elskuleg sambýliskona mín , móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sólveig Jóhannesdóttir**
frá Flatey á Skjálfanda, Burknavöllum 4, Hafnarfirði,

lést mánudaginn 16. júní. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 23. júní og hefst athöfnin kl. 15.00.

**Sveinberg Hannesson**
**Sigurhanna E. Björgvinsdóttir** **Friðbjörn Björnsson**
**Anna Björg Björgvinsdóttir** **Magnús Magnússon**
**Þóra H. Björgvinsdóttir** **Sæmundur Vilhjálmsson**
**Sóley Björgvinsdóttir** **Sigmar Halldórsson**
**Fjóla Björgvinsdóttir** **Ásgeir Ingi Jónsson**
**Páll Lindberg Björgvinsson** **Ásta Sigurðardóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**

**OLYMPIA DUKAKIS LEIKKONA ER 77 ÁRA.**

*„Ást og kynlíf halda ekki hjónabandi gangandi í þrjátíu og níu ár. Það gerir vinátta og virðing.“*

***Olympia Dukakis er þekktust fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni Moonstruck, en hún vann til Óskarsverðlauna fyrir leik sinn í þeirri mynd, sem besta leikkona í aukahlutverki árið 1987.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**FARSÆLT STARF Í ÁTTATÍU ÁR** Minjasafn Slysavarnafélagsins Landsbjargar var opnað fyrir skömmu á Skógum. MYND/LANDSBJÖRG

## LANDSBJÖRG: SÖGUSÝNING Á SKÓGUM

# Hefð fyrir starfi

Slysavarnafélagið Landsbjörg opnaði fyrir skömmu minjasafn félagsins á Samgöngusafninu á Skógum. Þar er farið yfir sögu félagsins og fyrirrennara í máli og myndum. „Við erum að reyna túlka sögu þessa félags sem er 80 ára á þessu ári, en félagið var stofnað 29. janúar 1928. Í okkar hugum er sýningin varanleg þó við séum að leigja okkur inn í þetta stóra safnhús á Skógum. Þó kemur einnig til greina að setja upp sýningar annars staðar á landinu, félagið á það mikið af gripum,“ segir Sigurgeir Guðmundsson, formaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar og nefnir í sömu mund gripi félagsins sem eru til sýnis á Sjóminjasafninu í Reykjavík.

Á sýningunni er komið víða við, enda mjög merkileg saga sem byrjar þarna snemma á 20. öldinni. „Upphafið að stofnun félagsins eru þessi tíðu sjóslys sem urðu hér allt í kringum landið, meðal annars í Vestmannaeyjum sem leiddi til þess að þar var fyrsta björgunarfélagið stofnað árið 1918. Það var fyrsti vísirinn að Slysavarnarfélagi Íslands sem þróast í nútímanum og varð Slysavarnarfélagið Landsbjörg árið 1999,“ útskýrir Sigurgeir.

Í kjölfar stofnunar Slysavarnafélagsins var farið að stofna deildir víða um land og í fyrstu einblínt á björgun frá sjó. Sveitirnar voru náttúrulega til taks í önnur útköll, en síðan bætast í hópinn Hjálparsveitir skáta á fjórða áratugnum og þeirra þáttur varð meiri í landbjörgun, til dæmis að hjálpa lögreglu að leita að týndu fólki. Síðan koma Flugbjörgunarsveitirnar eftir Geysis-slysið árið 1951. Starf sveitanna hefur alla tíð verið sjálfboðastarf og á því er engan bilbug að finna í nútímanum að sögn Sigurgeirs. „Mér finnst stórkostlegt hvað við eigum mikið af góðum sjálfboðaliðum og ekki síður góða atvinnurekendur sem eru tilbúnir að hýrudraga ekki starfsmenn sína þegar þeir gegna útköllum fyrir okkur, þeim ber að þakka sérstaklega.“

Eftir því sem þéttbýli á Íslandi óx breyttist starf sveitanna, en þó hafa þær alltaf verið til taks þegar náttúruhamfarir og óveður geisar. Með aukinni bifreiðaeign Íslendinga og sér í lagi fjallaferðum og ferðamennsku jókst einnig hlutur fjallabjörgunar að sögn Sigurgeirs og í dag skiptist starfið jöfnum höndum milli sjós og lands. Björgunarsveitir innan Landsbjargar eru í dag hundrað talsins en auk þeirra eru slysavarnadeildir sem eru um fimmtíu. **rh@frettabladid.is**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Hjörtur Jóhannesson**
Hlíf 1, áður Hraunprýði Ísafirði,

lést laugardaginn 14. júní. Útförin fer fram frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 21. júní klukkan 11.00. Þeir sem vilja minnast hans vinsamlegast láti Krabbameinsfélagið Sigurvon njóta þess.

**Ólöf Erna Guðmundsdóttir** **Katrín Jónsdóttir**
**Anna Jónsdóttir** **Konráð Einarsson**
**Halldóra Jónsdóttir** **Eiríkur Böðvarsson**
**Jóhannes Jónsson** **Íris Björk Felixdóttir**
**Íris Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

erum og verðum

# ALLTAF ÓDÝRARI

## I[illegible]EL TÖLVUPAKKI 3

- Intel Core2Duo E8300 - 45nm
- 2GB DUAL DDR2 800MHz
- 500GB WD SATA2 - 16MB
- 512MB Geforce NX8600GT
- 22" Acer skjár, 5ms DVI
- Windows Vista Home Premium

**129.950**

## AMD TÖLVA 1

- Athlon 64 4000+ DualCore
- 1GB DDR2 667MHz
- 160GB SATAII WD - 8MB
- 512MB ATI Radeon X1250
- Vista Home Basic

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

**49.950**

## INTEL TÖLVA 2

- Intel Core2Duo E4500
- 2GB DUAL DDR2 800MHz
- 320GB WD SATA2 - 16MB
- 256MB Geforce 8400GS
- Windows Vista Home Basic

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

**69.950**

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.

## TURNUPPFÆRSLA 1

- AMD Sempron LE-1150
- 2GB DUAL DDR2 667MHz
- 160GB WD - 7200RPM
- 256MB Geforce 6100

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

**29.950**

## RAZER LEIKJAMÚS

Razer DeathAdder 3G Infrared Mögnuð leikjamús fyrir leikjaspilarann, Optical 1800dpi

**6.450**

## RAZER MÚSAMOTTA

Keppnis músamotta frá Razer Mantis Speed er 44x35cm, mögnuð í leikina

**2.950**

## CREATIVE A300

Creative A300 er 2.1 hátalarakerfi með 2 öflugum hátölurum og stóru bassaboxi

CREATIVE

**5.950**

## SENNHEISER HD 201

SENNHEISER

Sennheiser HD 201 létt og þægileg lokuð heyrnatól sem að ná utan um eyrun

**2.450**

## SANDISK 2GB MP3

Flottur 2GB MP3 spilari frá Sandisk, getur tekið upp tal, kemur með snúru um hálsinn og heyrnartólum

SanDisk

**4.950**

## MSI GEFORCE 9600GSO

MSI Geforce N9600GSO-OC, 384MB 1800MHz DDR3, 600MHz core, 192 bit, DX-10, 2x DVI

**13.950**

## ASPIRE X-TELSTAR

Aspire X-Telstar glæsilegur turnkassi með mælum, ljósum og hliðarglugga

**12.950**

## ACER ASPIRE 5715Z

- Intel Core Duo T2330
- 2GB DDR2 667MHz
- 120GB SATA 5400rpm
- 384MB Intel GMA X3100
- 15.4" WideScreen skjár

acer

**77.950**

## 500GB ICYBOX FLAKKARI

Tilbúin Icy BOX hýsing úr áli með 500GB SATA2 disk frá Western Digital, tengist beint í USB2 tengi

**13.950**

## 100GB WD PASSPORT

Lítill og nettur utanáliggjandi diskur frá WD tengist í USB2, tilbúinn til notkunnar

**9.950**

## COOLERMASTER HYPER 212

Frábær örgjörvakæling frá coolermaster, ultra hljóðlát 120mm vifta með bláum ljósdíóðum á risa kæligrilli

**4.950**

## XILENSE AFLGJAFI

Öflugur 550watta Xilence aflgjafi með hljóðlátri 120mm vifta, ATX ver. 2.2

XILENCE

**6.950**

## 500GB ICYBOX

500GB IcyBox MP302 margmiðlunarspilari, spilar kvikmyndir og tónlist fullkomin fjarstýring fylgir.

ICY BOX

**23.950**

## CANON IP4500

Canon iP4500 er 5 hylkja ljósmyndaprentari með 9600x2400 dpi upplausn ChromaLife tækni

Canon

**11.750**

## MSI EX600

- Intel Core 2 Duo T7100
- 2GB DDR2 667MHz
- 160GB SATA 5400rpm
- 256MB DDR Geforce 8400
- 15.4" WideScreen skjár

SJÁLFSTÆTT TALNABORÐ

MSI

**104.950**

# @tt.is

*Allt tölvutengt á betra verði*

# www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

## STUÐ MILLI STRÍÐA Billy Idol, Svarthöfði og skoppandi leir

**KJARTAN GUÐMUNDSSON** LÆRÐI UNGUR AÐ VANDA VALIÐ Á AFMÆLISGJÖFUM



Ég var í sjö ára afmælisboði hjá frænda mínum í vikunni og skemmti mér vel. Veitingarnar voru lystugar og allt eins og best verður á kosið. Skemmtilegast var þó að fylgjast með svipnum á litla frænda þegar hann opnaði gjafirnar sínar. Gleðin skein úr hverjum andlitsdrætti þegar hvert djásnið á fætur öðru birtist upp úr pökkunum. Ungi maðurinn var þakklátur mjög, enda fékk hann það sem hann bað um og langaði í. Sú var hreint ekki raunin þegar ég sjálfur fagnaði sjö ára afmælisdeginum mínum á fyrri hluta níunda áratugarins.

Í aðdraganda þess afdrifaríka dags lét ég bera út þau skilaboð til vina og vandamanna að ég óskaði mér þriggja hluta öðrum fremur í afmælisgjöf; nýjustu plötunnar með söngvaranum Billy Idol, Stjörnustríðskarls í líki Svarthöfða og dollu af leir sem einnig var hægt að nota sem skopparabolta. Þótt öllum hafi gengið gott eitt til, og verið mikið í mun að þóknast óskum mínum, reyndist afrakstur dagsins mér töluverð vonbrigði.

Amma og afi gáfu mér hljómplötu í afmælisgjöf, en hún innihélt ekki söng og lagasmíðar erkitöffarans Billys Idol heldur aldurhnigins nafna hans, Billys Joel. Frá móður minni fékk ég vissulega Stjörnustríðskarl, en mamma virðist ekki hafa gert mikinn greinarmun á hinum grimma og volduga Svarthöfða annars vegar, og laundóttur hans Lilju prinsessu hins vegar. Skoppandi leirinn var á sínum stað í pakkanum frá Gunna vini mínum og vakti kátínu um stund, eða þar til mér varð á að klína leirklessu í nýju peysuna hans Gunna, sem launaði mér lambið gráa með því að kýla mig í augað.

Tíminn læknar öll sár, og í dag brosi ég þegar ég minnist sjö ára afmælisdagsins. En ég mun heldur aldrei gefa dóttur minni bók um Einar K. Guðfinnsson í afmælisgjöf þegar hún hefur beðið um Einar Áskel, eða ruglast á Smáfólkinu og Ísfólkinu.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# Vinsælustu

## eldhústækin í Hagkaupum

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum



7.990kr
GOTT VERÐ

**Philips vöfflujárn** HD4472
- Vandað 1000w vöfflujárn
- Hægt að stilla hve mikið vöfflurnar bakast
- Sýnir þegar vöfflurnar eru tilbúnar með ljósi



5.990kr
GOTT VERÐ

**Exido ketill og pressukanna** 245059
- 1 lítra ketill
- 1800w
- Snúrulaus
- 1 lítra Pressukanna
- Ryðfrítt stál



2.990kr
GOTT VERÐ

**Exido brauðrist** 243003
- 950w
- 2ja sneiða brauðrist
- Grind ofaná fyrir lítil brauð
- Hægt að rista öðrum eða báðum megin
- Alltaf köld viðkomu
- 5 tímastillingar
- Mylsnubakki
- Litur: Stál



**Exido safapressa** 244002
- Öflug Safapressa
- Tekur hart grænmeti og heila ávexti
- Engin þörf á að taka fræin úr eða börkin af
- Tveir hraðar
- 1,8 lítra matari
- Auðvelt að taka í sundur og hreinsa

7.990kr
GOTT VERÐ



**Exido blandari með glerkönnu** 246015
- 500w Blandari
- 1.5L Glerkanna
- 2 Hraðastillingar og púls
- Innbyggður öryggisrofi
- Litur: Stál

4.990kr
GOTT VERÐ



9.990kr
GOTT VERÐ

**Philips Senseo kaffivél** HD7810SV
* 1450w Senseo Kaffivél
- Hellir upp á 1 eða 2 kaffibolla í einu
- Hver bolli er ferskur og með lag af froðu
- Tekur aðeins 30 sekúndur að laga
- auðvelt að hreinsa
- Litur: Svört



13.990kr
GOTT VERÐ

**Philips kaffivél** HD5405
- 1300w kaffivél
- Sýður vatnið
- 1l glerkanna fyrir 8-12 bolla
- Dropastoppari
- Litur: Svartur



4.490kr
GOTT VERÐ

**Philips Kaffivél** HD7448HV
- 1000w Kaffivél
- 1,3 lítra
- Dropastoppari
- Litur: Hvít

Gildir til 26.júní eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**Kl. 12.10**

*Píanóleikarinn Håkon Austbø heldur fyrirlestur um tónskáldið Edvard Grieg í Bryggjusal Edinborgarhússins á Ísafirði í dag kl. 12.10. Grieg reyndi að færa norsku þjóðlagahefðina í evrópskt tónamál allt sitt líf og var þar með langt á undan sinni samtíð. Austbø leikur jafnframt úr op. 66 og 72 eftir Grieg. Viðburðurinn er á vegum tónlistarhátíðarinnar Við Djúpið.*

**menning**

menning@frettabladid.is

# Risabrauð og skegg í DaLí Gallerý

Myndlistarmennirnir Huginn Þór Arason og Jóna Hlíf Halldórsdóttir opna sýninguna Gloría í DaLí Gallerýi, Brekkugötu 9 á Akureyri, á morgun kl. 17.

Verkin á sýningunni eru ekki af verri endanum; þar má berja augum textaverk sem hafa birst hér í Fréttablaðinu frá 11. júní síðastliðnum. Að auki hafa listamennirnir fengið aðstoð frá pitsuframleiðandanum Domino's við að baka stærsta Dalí baguette-brauð á Íslandi og kannski víðar. Á sýningunni verður gestum að auki boðið upp á skegg og heitt kakó. Ljóst er að um er að ræða sannkallaða veislu fyrir flest, ef ekki öll, skilningarvitin.

Huginn Þór Arason býr og starfar í Reykjavík. Í myndlist sinni hefur hann lagt stund á afar fjölbreytta efnisnotkun og ýmsa miðla. Sem dæmi hefur hann gert gjörninga, málverk, teikningar og skúlptúra úr pitsum, barnaleir og bómull. Í verkum sínum hefur Huginn skapað eigin heim, þar sem fléttast saman barnsleg form, sem líkjast hlutum úr daglega lífinu, skærir litir og gjörningar, sem varpa ljósi á atferli fólks, persónulegan smekk og ákvarðanir.



**HUGINN ÞÓR ARASON** Með glæsilegt yfirvaraskegg.

Jóna Hlíf Halldórsdóttir býr og starfar á Akureyri. Í verkum sínum rásar hún um fortíð, nútíð og framtíð. Mótífin sem endurtaka sig í innsetningunum hennar, skúlptúrum, ljósmyndum og málverkum koma úr djúpum sálarinnar og tilfinningalífsins. Verkin fást gjarnan við hinar sígildu sögur sem búa yfir táknum, frásögn og einfaldleika, sjónrænt séð og bókstaflega.

Ljóst er að nálgun þeirra Hugins og Jónu á viðfangsefni sín er um margt ólík og því verður spennandi að sjá hvað samstarf þeirra getur af sér. - vþ

CARNEGIE ART AWARD 2008

EIN STÆRSTU MYNDLISTARVERÐLAUN HEIMS KYNNA 26 NORRÆNA MYNDLISTARMENN

Í LISTASAFNI KÓPAVOGS – GERÐARSAFNI HAMRABORG 4 | KÓPAVOGI 19. JÚNÍ – 10. ÁGÚST OPIÐ ALLA DAGA NEMA MÁNUDAGA KL 11 – 17 LEIÐSÖGN MIÐVIKUD. KL. 12 OG SUNNUD. KL. 15

WWW.GERDARSAFN.IS | WWW.CARNEGIEARTAWARD.COM

# Vesen fyrir dýrin

Inga Huld Tryggvadóttir myndlistarkona opnar sýninguna Heimsókn í sal íslenskrar grafíkur hafnarmegin í Hafnarhúsinu á morgun kl. 16. Í fréttatilkynningu frá listakonunni segir að sýningin fjalli einmitt um heimsóknir. „Hvort sem það er heimsókn til nýs vinar eða heimsókn í nýjar lægðir í huganum þá urðu þessi verk til þegar ég stóð frammi fyrir nýrri reynslu, góðri eða slæmri. Fiskar og fuglar komu sér vel þegar kom að því að sýna tvo ólíka heima sem sjaldan blanda sér saman. Þegar samskipti verða á milli þessara tveggja heima eru þau yfirleitt á neikvæðu nótunum: einhver verður kvöldmatur. Vesen fyrir dýrin, gaman fyrir mig."

Inga Huld Tryggvadóttir býr og starfar í New York-borg. Hún lauk meistaragráðu í grafík frá Pratt Institute árið 2007 og hefur sýnt verk víða í hópsýningum í Bandaríkjunum og Evrópu. Heimsókn er fyrsta einkasýning hennar á Íslandi. - vþ



**HEIMSÓKN** Verk eftir Ingu Huld Tryggvadóttur.



**VORIÐ Í LISTINNI** Sólveig Baldursdóttir við eitt verka sinna á sýningunni Vor í Hallgrímskirkju. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sköpunarkraftur vorsins

**Myndhöggvarinn Sólveig Birgisdóttir opnar á sunnudag sýningu í forsal Hallgrímskirkju. Á sýningunni má sjá verk sem Sólveig hefur unnið í marmara.**

Sýningin ber yfirskriftina Vor. „Titill sýningarinnar vísar til þeirrar sköpunar sem á sér stað á vorin, þegar náttúran birtist að nýju. Þetta ferli minnir um margt á það þegar hugmyndir fæðast formlausar í huga okkar og taka svo form í efni eða framkvæmd," útskýrir Sólveig.

Sýningin er unnin sérstaklega fyrir forsal Hallgrímskirkju og segist Sólveig hafa tekið tillit til möguleika rýmisins við vinnslu verkanna. „Ég vann sýninguna þó ekki aðeins út frá sýningarrýminu heldur líka út frá tímanum. Þegar ég hóf vinnu við sýninguna fór ég að velta því fyrir mér hvaða árstíð höfðar mest til mín og komst að þeirri niðurstöðu að það er vorið og sá sköpunarkraftur sem í því býr. Ég vann að sýningunni nú í vor og því heitir sýningin eftir þessari árstíð þar sem hún var svo mikill áhrifavaldur."

Það vekur athygli blaðamanns að Sólveig vinnur höggmyndirnar á sýningunni í marmara, en sá efniviður er tiltölulega sjaldséður á íslenskum myndlistarsýningum. „Ég hef unnið mikið með marmara allt frá því að ég bjó í borginni Carrara á Ítalíu, en hún er sannarlega Mekka marmarans enda umkringd marmarafjöllum. Marmarinn er alveg einstakt efni; hann er tær og sterkur en er þó líka mjúkur og vinnur með manni. Ég vinn líka talsvert með íslenska blágrýtið sem er afar ólíkur efniviður; mun harðara og ósveigjanlegra en marmarinn."

Þegar kom að því að velja efnivið fyrir sýninguna Vor þótti Sólveigu því ljóst hvað hentaði henni best. „Ég valdi marmarann þar sem hugmyndin að baki sýningunni snýst um sköpunina sem er alls staðar. Mér þótti marmarinn henta mér afar vel til að koma til skila þeirri hugmyndalegu breidd sem sýningin býr yfir, enda fjölhæft og meðfærilegt efni."

Sýning Sólveigar verður opnuð á sunnudag kl. 12. 30 og stendur til 10. september. vigdis@frettabladid.is

Alþjóðadagur flóttamanna 20. júní 2008
World Refugee Day 20th of June 2008
Miedzynarodow Dzien Uchodzców 20 czerwca 2008




Um 40 milljónir manna um allan heim hafa hrakist frá heimkynnum sínum vegna átaka. Í dag er vakin sérstök athygli á aðstæðum þessa fólks.

Akranes er heimabær næsta hóps flóttamanna sem kemur til Íslands. Þar verður haldin dagskrá kl. 16.00 í dag við kaffihúsið Skrúðgarðurinn. Fulltrúi frá flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna verður sérstakur gestur í tilefni samkomunnar. Allir velkomnir.

UNHCR The UN Refugee Agency
Rauði kross Íslands
Mannréttindaskrifstofa Íslands Icelandic Human Rights Centre

Kringlukráin
Sveitaball í borginni með Stuðbandalagið í kvöld
Komdu og kynntu þér nýju útisvalirnar

# Ný tónlist




## 100 bestu lög lýðveldisins á 5 geisladiskum



**Söknuður** • Vilhjálmur Vilhjálmsson | **Don´t Try To Fool Me** • Jóhann G. Jóhannsson
**Þú fullkomnar mig** • Sálin hans Jóns míns | **Þó líði ár og öld** • Björgvin Halldórsson | **Tvær stjörnur** • Megas
**Kvöldsigling** • Ólafur Þórarinsson | **Rúdolf** • Þeyr | **Mýrdalssandur** • GCD | **Í bláum skugga** • Stuðmenn
**Austurstræti** • Halli og Laddi | **Hvers vegna varst'ekki kyrr?** • Pálmi Gunnarsson | **Minning um mann** • Logar
**Vor í Vaglaskógi** • Hljómsveit Ingimars Eydal | **Til eru fræ** • Haukur Morthens | **Ég veit þú kemur** • Elly Vilhjálms
**Þú og ég** • Hljómar | **Gegnum holt og hæðir** • Þursaflokkurinn | **Rómeó og Júlía** • Bubbi
**Fram á nótt** • Nýdönsk | **Brúðkaupslagið** • Todmobile



**Ammæli** • Sykurmolarnir | **Þitt fyrsta bros** • Pálmi Gunnarsson | **Einhversstaðar einhverntímann aftur** • Mannakorn
**Blindsker** • Das Kapital | **Stúlkan** • Todmobile | **Húsið og ég** • Grafík | **Higher And Higher** • Jet Black Joe | **Án þín** • Trúbrot
**Allt fyrir ástina** • Páll Óskar | **Garden Party** • Mezzoforte | **Can´t Walk Away** • Herbert Guðmundsson |
**Sódóma** • Sálin hans Jóns míns | **Ég lifi í draumi** • Björgvin Halldórsson | **Gvendur á eyrinni** • Dátar | **Ástarsæla** • Hljómar
**Ó borg mín borg** • Haukur Morthens | **Í sól og sumaryl** • Hljómsveit Ingimars Eydal
**Þú átt mig ein** • Vilhjálmur Vilhjálmsson | **Afgan** • Bubbi | **Murr Murr** • Mugison



**Fjöllin hafa vakað** • Ego | **To Be Grateful** • Trúbrot | **Ég er á leiðinni** • Brunaliðið | **Ég er kominn heim** • Óðinn Valdimarsson
**Okkar nótt** • Sálin hans Jóns míns | **Bláu augun þín** • Hljómar | **Stál og hnífur** • Bubbi | **Hjálpaðu mér upp** • Nýdönsk
**Ó þú** • Mannakorn | **Draumur um Nínu** • Stefán og Eyfi | **Rain** • Jet Black Joe | **I Don't Like Your Style** • Bara flokkurinn
**Strax í dag** • Stuðmenn | **Partýbær** • Ham | **Polyesterday** • GusGus | **Betra en nokkuð annað** • Todmobile
**Þrek og tár** • Haukur Morthens og Erla Þorsteinsdóttir | **Vegir liggja til allra átta** • Elly Vilhjálms | **Ég fann þig** • Björgvin Halldórsson | **Ísland er land þitt** • Egill Ólafsson



**I Think Of Angels** • Ellen Kristjánsdóttir | **Lítill drengur** • Vilhjálmur Vilhjálmsson | **Horfðu til himins** • Nýdönsk
**Vegbúinn** • KK | **Fílahirðirinn frá Súrín** • Megas | **Barn** • Ragnar Bjarnason | **Sirkus Geira Smart** • Spilverk þjóðanna
**Serbinn** • Bubbi | **Traustur vinur** • Upplyfting | **Reyndu aftur** • Mannakorn | **Álfar** • Magnús Þór Sigmundsson
**Undir þínum áhrifum** • Sálin hans Jóns míns | **Stórir strákar fá raflost** • Egó | **The Long Face** • Mínus | **Hit** • Sugarcubes
**Skýið** • Björgvin Halldórsson | **Hótel Jörð** • Pálmi Gunnarsson | **Capri Catarina** • Haukur Morthens
**Litla flugan** • Sigfús Halldórsson | **Sveitin milli sanda** • Elly Vilhjálms



**Ást** • Ragnheiður Gröndal | **Vetrarsól** • Björgvin Halldórsson | **Talað við gluggann**• Bubbi | **Slá í gegn** • Stuðmenn
**Hjá þér** • Sálin hans Jóns míns | **Mary Jane** • Magnús og Jóhann | **Leyndarmál**• Dátar | **Bíddu pabbi** • Vilhjálmur Vilhjálmsson
**Dag sem dimma nátt** • Í svörtum fötum | **Einskonar ást** • Brunaliðið | **Braggablús** • Mannakorn | **Þá kemur þú** • Nýdönsk
**Kyrrlátt kvöld** • Utangarðsmenn | **Brúðkaupsvísur** • Þursaflokkurinn | **Spáðu í mig**• Megas |
**Vertu ekki að horfa svona alltaf á mig** • Ragnar Bjarnason | **Frostrósir** • Haukur Morthens | **Heyr mína bæn** • Elly Vilhjálms
**Dagný** • Björgvin Halldórsson | **Það brennur** | Egill Ólafsson og Diddú

## Einnig fáanlegar




**Bubbi Morthens**
- Fjórir naglar

★★★★★

**„Yfirburðamaður í sínu fagi. Einn Bubbi + fjórir naglar = fimm stjörnur."**

*Trausti Júlíusson, Fréttablaðið*

★★★★★

**„Bubbi er í toppformi með sína allra bestu plötu í árabil."**

*Jóhann Ágúst Jóhannsson, Morgunblaðið*




**Sigurður Guðmundsson og Memfismafían**
- Oft spurði ég mömmu




**Coldplay**
- Viva lavida

HAGKAUP
Ein ferð betra verð


USHER


BUBBI

## > Í SPILARANUM

Usher - Here I Stand
N.E.R.D - Seeing Sounds
Ýmsir - Hundrað bestu lög lýðveldisins
Bubbi - 4 naglar

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Singapore Sling rokkar á Organ

Rokksveitin Singapore Sling skrifaði nýlega undir samning hjá hinu nýja útgáfufyrirtæki, Microdot Music. Af því tilefni mun hljómsveitin blása til tónleika á Organ í kvöld. Hljómsveitin hyggst frumflytja tvö ný lög af væntanlegri breiðskífu sinni en einnig mun hljómsveitin flytja eldri lög í nýjum búningi.

Tónleikarnir verða haldnir í samstarfi við Johnny Walker. Evil Madness og Bacon koma einnig fram en þeir eiga heiðurinn af endurhljóðblöndunum sem finna má á smáskífu sem fylgir frítt með götublaðinu Reykjavík Grapevine. Smáskífan fæst í takmörkuðu upplagi, eða aðeins í 500 eintökum, og hægt er að nálgast hana í versluninni 12 Tónum, Skífunni Laugarvegi, Organ og í Smekkleysubúðinni. Tónleikarnir hefjast klukkan 22.00 og aðgangseyrir er 1000 krónur. - sm


**SINGAPORE SLING** Hljómsveitin er þekkt fyrir að halda kröftuga tónleika FRÉTTABLAÐIÐ/ARNTOR



## > Plata vikunnar

Sprengjuhöllin - Tímarnir okkar

Einhver ferskasta íslenska platan á íslensku í langan tíma. Lögin hafa elst vel þrátt fyrir að nokkuð sé liðið frá útkomu hennar og nú er stefnt að því að gefa hana út á vínyl. Gott framtak fyrir safnara. - fgg

# Coldplay prófar nýja liti

**Nýja Coldplay-platan Viva La Vida or Death And All His Friends kom í verslanir í byrjun vikunnar. Trausti Júlíusson hlustaði á gripinn og forvitnaðist um hvað þeir félagar hafa aðhafst síðan síðasta plata, X&Y, kom út fyrir þremur árum.**

Þegar Chris Martin tók við öðrum af tveimur Brit-verðlaunum sem Coldplay fékk fyrir þriðju plötuna sína, X&Y, í ársbyrjun 2006 þá sagði hann m.a.: „Þakka ykkur fyrir. Nú munum við ekki sjá ykkur í langan tíma... Okkar bíður mikið verk.“ Metnaðurinn sem hefur einkennt Coldplay allan ferilinn hefur ekkert minnkað. Eftir X&Y, sem þótti ágæt en samt of lík fyrri plötunum, ákvað Chris að nú þyrfti sveitin aldeilis að leggja sig fram til að næsta plata yrði betri. Og nú er fjórða platan komin. Hún heitir því þunglamalega nafni Viva La Vida or Death and All His Friends og var tekin upp með tveimur upptökustjórum, Brian Eno og Markus Drays.


**ENO Í LIÐINU** Það hefur væntanlega ekki þótt sæta neinum stórtíðindum þegar Brian Eno gekk til liðs við Coldplay enda hefur hann um árabil verið einn helsti samstarfsmaður U2, sem Chris Martin horfir mikið til.

### Eno kallaður til

Coldplay er ein stærsta hljómsveit heims og ein af vinsælustu sveitum breskrar tónlistarsögu. Hún hefur þegar selt yfir 30 milljón eintök af fyrstu plötunum sínum þremur Parachutes (2000), A Rush of Blood to the Head (2002) og X&Y (2005). Hún er vinsæl út um allan heim, þ.á.m. vestanhafs, en Bandaríkjamarkaður hefur oft reynst breskum tónlistarmönnum erfiður.

Eftir gerð X&Y ákvað Chris Martin að Coldplay þyrfti að „prófa nýja liti“ á næstu plötu. Hann réð Brian Eno til að stjórna upptökunum, en þeir kynntust árið 2001. Eno, sem skemmti nýlega gestum Listahátíðar í Reykjavík með spjalli og fékk þá til að syngja saman, er einn af virtustu upptökustjórum síðustu áratuga. Hann hefur mikið starfað með U2 og stjórnaði m.a. upptökum á nokkrum af plötum Talking Heads. Chris og Eno tóku sér góðan tíma árið 2007 til að fara yfir aðferðafræði þess síðarnefnda án þess að taka nokkuð upp. Svo var farið í upptökur og á seinni stigum var öðrum upptökustjóra bætt í hópinn, Markus Drays, sem er þekktastur fyrir að hafa stjórnað upptökum á Neon Bible með Arcade Fire.

### Bjartsýnisnafn og bölsýnisnafn

Auk þess að hafa unnið að nýju plötunni hafa meðlimir Coldplay hlaðið niður börnum á síðustu árum. Chris á tvö með Gwyneth Paltrow, tveggja og fjögurra ára, gítarleikarinn Jonny Buckland á eitt sex mánaða, trommuleikarinn Will Champion á eitt tveggja ára og nokkurra vikna gamla tvíbura og bassaleikarinn Guy Berryman á eitt 20 mánaða gamalt. Auk þess að vinna með Coldplay hefur Chris Martin unnið með tveimur af stærstu nöfnunum í hip-hop heiminum síðustu ár, Jay-Z og Kanye West. Um nafngiftina á nýju plötunni segir Chris að nöfnin séu tvö til að maður geti valið hvort hentar manni betur bjartsýnisnafnið (Viva La Vida!) eða bölsýnisnafnið (Death And All His Friends).

Platan hefur fengið ágæta dóma. Aðkoma Enos hefur gefið tónlistinni meiri dýpt og platan er líka fjölbreyttari en fyrri plöturnar. Hljómborðsleikarinn og „fimmti Coldplay-meðlimurinn“ Phil Harvey gerir góða hluti á plötunni og það sama má segja um fiðluleikarann sem setur svip á nokkur laganna.

Vinsældirnar virðast líka ekkert vera að dvína, a.m.k. er fyrsta smáskífulagið Violet Hill vinsælasta lagið í íslensku útvarpi þegar þetta er skrifað.

Trausti Júlíusson


**COLDPLAY** Fjórmenningarnir í Coldplay eru komnir með nýja plötu þrátt fyrir miklar annir við barneignir og bleiustúss að undanförnu.



Auktu umferðaröryggi þitt og vertu á betri dekkjum frá Max1
MAX1
Uppítökuverð 2.500 kr. pr. dekk
Settu gömlu dekkin uppí ný
Breyttu túttunum undir bílnum í gæðadekk hjá Max1
Þú breytir gömlu túttunum undir bílnum í gæðadekk í dag.
Þú færð 2.500 kall fyrir hverja túttu upp í hvert nýtt gæðadekk.
Auktu umferðaröryggi þitt með Max1.
Svona erum við – fyrir þig. Max1 fargar einnig túttunum á umhverfisvænan hátt. Komdu við hjá Max1 í dag.
Hér erum við fyrir þig:
Max1 Reykjavík
Bíldshöfða 5a (hjá Hlölla), beinn sími: 515-7095 eða 515-7096
Bíldshöfða 8, beinn sími: 515-7097 eða 515-7098
Jafnaseli 6 (við Sorpu), beinn sími: 587-4700
Max1 Akureyri
Tryggvabraut 5, beinn sími 462-2700
Max1 fargar gömlu dekkjunum með umhverfisvænum aðferðum
MAX1 BÍLAVAKTIN
Skoðaðu: www.max1.is
GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL


## BRENNSLAN: SVAVAR KNÚTUR Í HRAUN

„Þessi lagalisti er tilvalinn til að brjóta upp hvaða þunglyndiskast sem er,“ segir Svavar Knútur Kristinsson, trúbador og Hraunari, um brennsluna sína, sem hann kýs að kalla Geðsveiflubrennslu Svavars.

**1. Soundgarden - Zero Chance**
„Lagið hans Bens Shepard á plötunni Down on the Upside. Þunglynt og gleymt meistarastykki.“

**2. Gomez - We Haven't Turned Around**
„Eitt af þessum lögum sem breyttu heiminum mínum og kristallar angistina fyrir mér. Maður horfir upp í himininn og öskrar „AF HVERJUUU?!?““

**3. Kris Kristofferson - Sunday Morning Coming Down**
„Yndislega melankólískt þynnkulag með þessum snilldarsöngvara.“

**4. Múgsefjun - Óskrifað blað**
„Þetta er eitt fallegasta og sorglegasta lag sem ég hef nokkurn tíma heyrt. Hvílík dásemdarangist.“

**5. Chavez - Lions**
„Þetta er af plötunni Ride the Fader, ótrúlega fallegt og ögrandi stykki og vekur alltaf svona eymdarblandna kæti.“

**6. Sandy Denny - The Seacaptain**
„Ef eitthvert lag lætur manni líða betur á hjólinu á svölu sumarkvöldi, þá vil ég endilega fá að vita hvaða lag það er.“


**ÖNNUR PLATA HRAUNS, SILENT TREATMENT, KEMUR ÚT Í NÆSTU VIKU** Platan er mitt á milli depurðar fyrstu plötu Hrauns og gleðinnar í þeirrar næstu. Lagalisti Svavars sveiflast líka frá þunglyndi til ofsakæti.

**7. Komeda - Rocket Plane**
„Af plötunni The Genius of Komeda. Þetta lag nær alltaf að gera mig kátan og er eitt af þessum lögum sem vöktu í mér einfalda skringileikann.“

**8. Joey Boy - Ragga Boom**
„Taílenskur rappari sem ég kynntist í Bangkok í fyrra. Þetta lag kemur mér alltaf í besta skap í heimi.“

**9. Herb Alpert - Tijuana Taxi**
„Helber gleðisnilld!“

**10. Schubert - Ókláraða sinfónían í b-moll - fyrsti (fyrri) þáttur**
„Þetta súmmerar upp pakkann og dregur fram öll litlu músíkölsku hrekkjusvínin í manni. Schubert gefur mér svo endalausa gleði og var svo mikill prakkari.“

# Lærði fiðlusmíði í gömlum kastala

„Ég er aðallega í viðgerðum en smíða einnig fiðlur og viola da gamba, sem er gamalt strengjahljóðfæri frá 14. öld og önnur stærri hljóðfæri úr fiðlufjölskyldunni,“ segir Jóhann Gunnarsson fiðlusmiður. Jóhann stundaði nám við West Dean College í Suður-Englandi í þrjú ár en sneri aftur til heimahaganna árið 2006 og rekur nú lítið verkstæði á horni Laugavegar og Bergstaðastrætis. Hann segir viðskiptin ganga ágætlega og að hann hafi iðulega nóg fyrir stafni þó að bransinn sé oft á tíðum erfiður. Viðskiptavinir Jóhanns eru að mestu tónlistarfólk og tónlistarskólar. „Stundum finnst mér erfitt að rukka listamennina fyrir viðgerðirnar, en ég neyðist víst til þess,“ segir Jóhann.

Spurður út í valið á skólanum svarar Jóhann: „Ég var að leita mér að skólum á netinu og rakst þannig á West Dean College. Ég hafði heyrt góða hluti bæði um skólann sjálfan og um kennarana.“ Hann segir að skólabyggingin sjálf hafi eitt sinn verið sumarhús Englandsdrottningar.

Jóhann segist hafa selt eitthvað af hljóðfærum síðan hann lauk námi. Þegar hann er inntur eftir því hvort mikill munur sé á hljómi handsmíðaðs hljóðfæris og verksmiðjusmíðaðs segir hann svo vera. „Það er stór munur og maður heyrir hann held ég best þegar atvinnumaður leikur á hljóðfærið. Það er mjög gaman að verða vitni að því.“

Jóhann kveðst óviss um framtíðaráform sín: „Það er smá hugur í mér að fara aftur út, jafnvel í frekara tónlistarnám. Þangað til held ég bara áfram því sem ég er að gera.“ Þeir sem hafa áhuga á kynna sér vinnu Jóhanns er bent á síðuna www.myspace.com/johannjoinskyg. - sm



**HLJÓÐFÆRASMIÐUR** Jóhann gerir við gamalt hljóðfæri frá 16. öld á verkstæði sínu á Laugaveginum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL






> **BRAST Í GRÁT**

Duffy var stödd á MOJO Honours List-verðlaunahátíðinni síðastliðinn mánudag þegar Sex Pistols söngvarinn Johnny Rotten grætti hana með ófögru orðavali sínu. Duffy ætlaði að gera sér lítið fyrir og leggja hendur sínar yfir axlir Johnnys í hópmyndatöku baksviðs þegar söngvarinn brást ókvæða við og jós úr skálum reiði sinnar. Duffy, sem átti sér einskis ills von, varð svo um við þetta að hún brast í grát.



**fólk**

folk@frettabladid.is

# Mikael datt niður sex metra

„Ég er áhættuleikari," segir Mikael Torfason sem varð fyrir því óláni að detta niður úr sex metra háum stiga síðastliðið laugardagskvöld. „Ég er svo rólegur undir álagi og fattaði að grípa í handrið. Þannig dró ég úr fallinu," segir Mikael sem lenti á bakinu og vankaðist. Hann segist hafa misst minnið um stundarsakir og hvorki áttað sig á stað né stund. „Ég skildi ekki af hverju ég var að mála. Ég hugsaði: „Ertu að vinna við að mála?" En áttaði mig á að svo var ekki en þá spurði ég mig: „En ertu ekki að vinna einhvers staðar?" og ég gat ekki heldur svarað því þar sem ég vinn hjá sjálfum mér," segir Mikael sem rekur eigið bókaforlag, GKJ, og er einnig að skrifa bók.

María Óladóttir, kona Mikaels, keyrði hann rakleiðis á slysavarðstofuna. Þar fékk hann þær upplýsingar að ekkert hefði brotnað. „Ég hef aldrei brotið mig, 7,9,13. Reyndar braut ég á mér stóru tána í heitum potti þegar ég var fullur unglingur í Húsafelli, en það telst ekki með," segir Mikael.

Mikael sinnir þó áfram störfum sínum sem bókaútgefandi og segir stóru pantanirnar erfiðastar. Hann hefur gefið út bókina Warren Buffett aðferðin og einnig endurútgáfu af Fölskum fugli eftir hann sjálfan. „Ég verð að viðurkenna að Buffett selst betur, sem er svekkjandi fyrir mig." Einnig er hann að leggja lokahönd á sína nýjustu skáldsögu, Vormenn Íslands, sem hann segir í stíl Mikaels Torfasonar. „Ég fer ekkert að skrifa eins og Guðrún frá Lundi þó ég detti niður af þaki," segir hinn óbrjótandi Mikael Torfason. **- shs**




**MIKAEL TORFASON** Datt sex metra niður úr stiga án þess að brjóta nokkurt bein. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Stúdentar út úr dansskápnum

Margfaldur heimsmeistari í Boogie Woogie er meðal kennara á sumarnámskeiði Háskóladansins, auk Noregsmeistara í Lindy Hoppi og rokki og róli. Námskeiðið hefst laugardaginn 21. júní og stendur í fimm daga. „Ég held að þetta sé í fyrsta skipti sem stofnað er dansfélag sem miðað er að háskólanum. Allt er gert í sjálfboðavinnu, sem gerir okkur kleift að hafa mjög lágt verð á námskeiðum," segir Hrafnkell Pálsson, einn stofnenda félags um Háskóladansinn.

Fyrsti dansinn sem þau kenndu var Boogie Woogie. „Við höfðum verið að dansa folke-swing, eða rokk og ról. Svo fór ég til Noregs og lærði svokallaða ameríska djass dansa, líkt og Lindy Hopp sem er sá dans sem sést í gömlum amerískum bíómyndum. Ég kom aftur með þá þekkingu og kenndi vinum mínum."

Hrafnkell segir um áttatíu manns hafa mætt á fyrsta námskeiðið og flestir þeirra ekki lagt stund á dans áður. „Fólk er oft svo feimið við að byrja að dansa. Það heldur að maður sé annaðhvort fæddur dansari eða hörmulegur." Félagið er því að ná mörgum út úr dansskápnum. „Það er okkar markmið að búa til sem stærstan hóp dansara. Það vantar dansmenningu í flóruna hérna heima."



**SVEIFLAÐ Í SJÁLFBOÐAVINNU** Guðrún María Jónsdóttir og Hrafnkell Pálsson eru meðal þeirra sem standa fyrir Háskóladansinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Hápunktur sumarnámskeiðsins er dansleikur í Iðnó, þriðjudaginn 24. júní og kostar 500 krónur inn. „Þá verða leiðbeinendur með sýningu, sem er auðvitað voða flott og svo geta allir komið og dansað," sagði Hrafnkell.

Skráning stendur yfir á www.haskoladansinn.is. **- kbs**

# Spila fyrir MND félagið

**Meðlimir sveitarinnar Sign hafa í nógu að snúast þessa dagana. Þeir eru nýsnúnir heim frá Bretlandi, þar sem þeir spiluðu á tónlistarhátíðinni Download um síðustu helgi í félagsskap ekki síðri sveita en Kiss. Á morgun leika þeir svo á tónleikum í tilefni af fimmtán ára afmæli MND félagsins.**



**FRÁ DOWNLOAD Á THORSPLAN** Hljómsveitin Sign kom fram á tónlistarhátíðinni Download fyrir viku, þar sem kapparnir úr Kiss voru á meðal sveita. Á morgun leikur Sign á Thorsplani í Hafnarfirði, þar sem MND félagið býður gestum og gangandi upp á tónleika í tilefni af afmæli sínu.

„Það er útihátíð eins og Download, þó að hún hafi kannski verið aðeins stærri," segir Ragnar Zolberg, söngvari Sign, og hlær við. Hann segir reynsluna á Download hafa verið óraunverulega. „Það var fullt af flottu liði þarna, og þetta var eiginlega aðeins of mikið," segir Ragnar, sem gafst ekki færi á að ræða við kappana í Kiss. „Nei, ég held að þeir hafi nú bara stokkið beint upp í einkaþotu þegar þeir voru búnir að spila," segir hann.

Á morgun er Sign á meðal þeirra hljómsveita sem að skemmta gestum og gangandi á Thorsplani í Hafnarfirði í tilefni af 15 ára afmæli MND félagsins. Þar munu einnig stíga á stokk Rúnar Júlíusson, Bogomil Font og Davíð Þór Jónsson, meðal annarra, en Örn Árnason verður í hlutverki kynnis. Félagið er Sign hugleikið, en faðir Ragnars og Egils Arnar trommara, Rafn Jónsson, var fyrsti formaður þess. Hann lést úr sjúkdómnum, sem herjar á hreyfitaugar líkamans, árið 2004. „Við höfum ekki komið fram á vegum félagsins áður, en við ólumst hins vegar upp með skrifstofuna inni á heimilinu okkar," segir Ragnar. „Okkur langaði að vera með í þessu. Þetta er í rauninni félagið að þakka fyrir stuðninginn í gegnum árin og bjóða upp á tónleika og skemmtun. Alþjóðlegi MND-dagurinn er á morgun, svo það er verið að fagna því líka, og svo hefur hundrað ára afmæli Hafnarfjarðar náttúrlega líka verið fagnað duglega," segir hann.

Næst á döfinni hjá Sign er að gefa út plötuna The Hope í Bretlandi, en hún kemur út í júlí. „Við byrjum á því og sjáum svo hvað gerist. Annars erum við líka að reyna að fá smá suamrfrí, við höfum verið á svolítið miklum þeytingi," segir Ragnar. Þá styttist í að plata frá honum, með rómantískum formerkjum, líti dagsins ljós, en Ragnar vill sem minnst um hana segja. „Það er bara undir ábreiðu sem stendur. Það styttist í að ég fari að tala um hana og þá verður allt vitlaust," segir Ragnar kíminn.

Tónleikarnir á Thorsplani, í miðbæ Hafnarfjarðar, hefjast klukkan 19 og standa til 23. Nánari upplýsingar um MND-félagið má nálgast á heimasíðunni www.mnd.is.

sunna@frettabladid.is



# Dóttir Jamie Lynn komin í heiminn

Jamie Lynn Spears, litla systir Britney Spears, og unnusti hennar, Casey Aldridge, eignuðust dóttur í gærmorgun. Sú litla kom í heiminn með keisaraskurði á sjúkrahúsi í Mississippi, nálægt heimabæ Spears-fjölskyldunnar, Kentwood í Louisiana. Hún hefur hlotið nafnið Maddie Briann, samkvæmt tímaritinu People, og heimildarmaður þeirra segir öllum í litlu fjölskyldunni heilsast vel.

Jamie Lynn er sautján ára gömul, en unnusti hennar nítján ára. Þau trúlofuðu sig í mars síðastliðnum og festu nýverið kaup á húsi í bænum Liberty í Mississippi.



**ORÐIN MAMMA** Hin sautján ára gamla Jamie Lynn Spears eignaðist dóttur með unnusta sínum, Casey Aldridge, í gærmorgun. NORDICPHOTOS/GETTY

# Innrásin hefst með sumargleði

„Stundum virðist auðveldara fyrir listamenn og hljómsveitir að spila erlendis, frekar en hér á landi. Þess vegna er hugmyndin á bak við Innrásina að greiða leið tónlistarmanna til tónleikahalds á landsbyggðinni,“ segir Eldar Ástþórsson, framkvæmdastjóri Kraums, um nýtt átak sem kynnt var í hádeginu í gær í Iðnó.

„Fimm tónleikaferðir og fjórtán flytjendur munu hljóta Innrásarstuðning, sem er fjárhagslegur styrkur sem og ferða- og græjustuðningur,“ útskýrir Eldar, en Kraumur var settur á laggirnar í upphafi árs af Aurora velgerðarsjóði með það meginhlutverk að efla íslenskt tónlistarlíf.

Meðal þeirra sem hljóta styrkinn að þessu sinni eru Sumargleði Kimi Records þar sem Benni Hemm Hemm, Morðingjarnir, Borko og Reykjavík! munu leika á sjö tónleikum á átta dögum víðs vegar um landið frá 14. til 21. júlí. „Við munum enda hringferðina með stæl og halda stórtónleika á Nasa 23. júlí,“ segir Baldvin Esra Einarsson, framkvæmdastjóri Kimi Records.



**TÓK LAGIÐ Í IÐNÓ** Benni Hemm Hemm er meðal þeirra sem hljóta Innrásarstuðning frá Kraumi og mun halda tónleika víðs vegar um landið í sumar.

„Við erum í rauninni að stela gamalli hugmynd með því að kalla þetta Sumargleði. Okkur fannst því vel við hæfi að vera í Henson-göllum á hringferðinni,“ bætir hann við. - ag

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**James McAvoy**, sem vakti síðast mikla athygli í myndinni Atonement, hefur vísað því á bug að hann muni fara með hlutverk Bilbós Bagga í kvikmynd sem gerð verður eftir Hobbitanum, sögu **J.R.R. Tolkien**. Orðrómur þess efnis hafði komist á kreik, en McAvoy segir að ekki hafi verið haft samband við hann enn. „Ég er mikill aðdáandi sögu Tolkiens, og alls sem tengist Miðgarði,“ segir McAvoy, sem gæti því verið opinn fyrir samstarfi við Hobbitamenn.



Kvikmyndaframleiðandinn **Barbara Broccoli** fékk verðmætan koss á dögunum, en hún borgaði 19 þúsund pund fyrir að fá að kyssa leikarana **Daniel Craig**, **Hugh Grant** og **Robbie Coltrane** á uppboði til styrktar Enska kvikmynda- og sjónvarpsskólanum. Á uppboðinu var einnig hægt að krækja í jakka Bonds úr myndinni Casino Royale og áritað uppkast **J.K. Rowling** að Harry Potter og viskusteininum. Jakkinn fór á 9.500 pund, en bókin á 18 þúsund.



**Sienna Miller** og leikarinn **Matthew Rhys** þóttu alúðleg með eindæmum á frumsýningu nýjustu myndar þeirra, The Edge of Love, í Edinborg í vikunni. „Þau virtust mjög náin. Þau héldu utan um hvort annað og var alveg sama um myndavélarnar,“ segir sjónarvottur. Sienna er nýhætt með hinum velska **Rhys Ifans**, sem mun einmitt hafa verið öfundsjúkur vegna sambands hennar við Rhys. Svo virðist sem hann hafi haft ástæðu til.












**ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| CHRONICLES OF NARNIA 2 | kl. 5D - 8D - 11D | 7 |
| CHRONICLES OF NARNIA 2 | kl. 5 - 8 - 11 | VIP |
| THE BANK JOB | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| INCREDIBLE HULK | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| SPEED RACER | kl. 5 | L |
| FORBIDDEN KINGDOM | kl. 8 | 12 |
| IRON MAN | kl. 10:30 | 12 |

**KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| CHRONICLES OF NARNIA 2 | kl. 3D - 6D - 9D | 7 |
| THE BANK JOB | kl. 6 - 9 | 16 |
| SEX AND THE CITY | kl. 3 - 6 - 9 | 14 |
| SPEED RACER | kl. 3D | L |

**SELFOSS**

| | | |
|---|---|---|
| NARNIA 2 | kl. 5 - 8 - 10:50 | 7 |
| INCREDIBLE HULK | kl. 5:30 - 10:20 | 12 |
| ZOHAN | kl. 8 | 10 |

**AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| CHRONICLES OF NARNIA 2 | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| SPEED RACER | kl. 5:40 | L |

**KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| CHRONICLES OF NARNIA 2 | kl. 5 - 8 | 7 |
| THE HAPPENING | kl. 11 | 16 |
| HAROLD & KUMAR | kl. 5:30 | L |
| WHAT HEPPENS IN VEGAS | kl. 8 | L |
| NEVER BACK DOWN | kl. 10:10 | 14 |




**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| CRONICLES OF NARNIA 2 | kl. 4D - 7D - 10D | 7 |
| CRONICLES OF NARNIA 2 LÚXUS | kl. 4D - 7D - 10D | 12 |
| THE INCREDIBLE HULK DIGITAL | kl. 5.30D - 8D - 10.30D | 12 |
| THE HAPPENING | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| ZOHAN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| HORTON | kl. 4 ÍSLENSKT TAL | 10 |
| | | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

**HÁSKÓLABÍÓ** SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| MEET BILL | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| THE HAPPENING | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| KJÖTBORG | kl. 5 - 6 - 7 ENSKUR TEXTI | |
| ZOHAN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| SEX AND THE CITY | kl. 8 - 11 | 14 |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000 650 kr. SUMARTILBOÐ

| | | |
|---|---|---|
| MEET BILL | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| FLAWLESS | kl. 8 | |
| ZOHAN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| SEX AND THE CITY | kl. 7 - 10 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 10.20 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 ENSKUR TEXTI | 7 |

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

**BORGARBÍÓ** SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| THE HAPPENING | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 8 - 10.15* | 12 |
| ZOHAN | kl. 5.40 | 10 |
| SEX AND THE CITY | kl. 5.20 | 14 |

*Kraftsýning

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| NARNIA 2 - DIGITAL | kl. 5 og 8 | 7 |
| THE INCREDIBLE HULK - POWER | kl. 5, 8 og 10.45(P) | 12 |
| SEX AND THE CITY | kl. 6, 9 og 10.30 | 14 |


# Vegglistamenn skreyta Sirkus

Alexander Zaklynsky og Joel Thurman eru ásamt öðrum myndlistarmönnum búnir að skreyta gamla Sirkusportið. Borgaryfirvöld óttuðust að verkið myndi ýta undir veggjakrot en Menningarsjóði leist vel á verkefnið. Eigandi lóðarinnar segir að þetta hafi alltaf staðið til en sækja þurfti um sérstakt leyfi hjá borginni þrátt fyrir að um einkalóð væri að ræða. „Þetta hafði eitthvað með hreinsunarátak borgarinnar að gera,“ útskýrir Alexander.

Þeir listamenn sem tóku þátt í verkefninu voru ekki af verri endanum, en meðal þeirra voru Hugleikur Dagsson, Sara Riel, stúlkurnar í Gjörningahópnum og Theresa Himmer, sem gerði pallíettufossinn í Bankastræti. „Þetta eru allt þekkt nöfn úr myndlistarheiminum,“ segir Alexander. Málningarvinnan gekk vonum framar enda varla dropi fallið úr himni síðustu daga. Vegfarendur sem áttu leið hjá portinu í gær lýstu flestir yfir hrifningu sinni. „Við ætlum að bæta við verkið smátt og smátt næstu vikur og mánuði. Það á til dæmis eftir að skreyta framhliðina á Sirkus og mega áhugasamir endilega hafa samband,“ segir Alexander að lokum.

- sm



**LÍFGAÐ UPP Á SIRKUS** Joel Thurman, Alexander Zaklynsky og Níels Benediktsson gáfu portinu nýtt líf. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Mjallhvít þykir enn best

**AFI, bandaríska kvikmyndastofnunin, tilkynnti nýverið hvaða myndir væru bestar í tíu mismunandi flokkum. Athygli vekur að í teiknimyndaflokknum eru aðeins þrjár tölvuteiknaðar teiknimyndir.**



**GLÆPON ALLRA GLÆPONA** Don Corleone er mesti mafíósi allra tíma. Allavega í kvikmyndasögunni.

Mjallhvít og dvergarnir sjö eftir Walt Disney þykir enn besta teiknimyndin í sögu kvikmyndanna en þetta meistaraverk var fyrst frumsýnt árið 1937. Fast á hæla prinsessunnar og hinna smáu vina hennar kemur Gosi frá árinu 1940 og í þriðja sætinu er síðan Bambi sem frumsýnd var tveimur árum síðar.

Í flokki ævintýramynda er annað sígilt meistaraverk sem trónir yfir öllum öðrum tæknibrelluundrum. En þetta er að sjálfsögðu Galdrakarlinn í Oz með Judy Garland í aðalhlutverki. Fyrsta kvikmyndin úr Hringadrottinsþríleiknum er í öðru sæti og It‘s a Wonderful Life hreppir þriðja sætið í þessum flokki.

Besta glæpamynd kvikmyndasögunnar er að sjálfsögðu Guðfaðirinn en hún er fyrirmynd allra mafíósa-mynda sem gerðar hafa verið síðan. Goodfellas eftir Martin Scorsese fær annað sætið og annar hlutinn um Corleone-fjölskylduna fær bronsið hjá AFI. Í flokki framtíðarmynda þykir undraveröld Stanley Kubrick, 2001: ASpace Odyssey best, en slagur Jedi-riddara og Svarthöfða í Stjörnustríði fylgir henni fast á eftir. E.T er síðan í þriðja sæti.

Bestivestrikvikmyndasögunnar er The Searchers með John Wayne í aðalhlutverki en High Noon með Grace Kelly og Gary Cooper hreppir annað sætið. Í þriðja sæti er síðan Shane, vestri frá árinu 1953.

Besta íþróttamynd sem gerð hefur verið er Raging Bull eftir Martin Scorsese en aðeins nokkrum krókum frá er Rocky, besta kvikmynd Sylvester Stallone fyrr og síðar. Í þriðja sætinu er síðan The Pride of the Yankees frá árinu 1942. Besta dularfulla kvikmynd allra tíma er Vertigo og það kemur varla neinum á óvart að Alfred Hitchcock á einar fimm kvikmyndir af tíu á þeim lista. Í flokki rómantískra gamanmynda eru Borgarljós Charlie Chaplin álitin best og besta réttarmyndin á hvíta tjaldinu er To Kill a Mockingbird.

Besta „epic“- eða „stór“-myndin er síðan Arabíu-Lawrence þar sem Peter O‘Toole, Alec Guinness og Anthony Quinn fóru fyrir fríðum leikhópi undir stjórn David Lean.

Í öðru sæti er Ben Húr en bronsið hlýtur meistarastykki Stevens Spielberg, Schindler‘s List.



**MEISTARI HINS DULARFULLA** Alfred Hitchcock er meistari hins dularfulla ef marka má lista AFI en hann á fimm kvikmyndir af tíu í þeim flokki.

# Rhys grætur samband sitt

Nýlega sást til leikarans Rhys Ifans þar sem hann sat fyrir utan bar í Notting Hill-hverfinu í London og virtist vera í mjög annarlegu ástandi. Vinir leikarans segja hann enn vera miður sín yfir sambandsslitunum við Siennu Miller og að hann eyði miklum tíma á börum borgarinnar þar sem hann reyni að drekkja sorgum sínum. Það bætir ekki ástandið að Rhys er einnig heimilislaus sem stendur þar sem hann seldi íbúð sína fyrir stuttu til að hefja sambúð með Siennu.



**ALLT BÚIÐ** Rhys Ifans drekkir sorgum sínum með brennivíni.

# Skora á almenning

**Ísbjarnarblús kallast tónleikar sem verða næsta laugardag á Organ. Um er að ræða upphitun fyrir útitónleika Bjarkar og Sigur-Rósar til styrktar Náttúru, en þeir eru viku síðar. Kimono, FM Belfast og DJ Einar Sonic spila á tónleikunum. Sveitirnar vilja vekja athygli á umhverfismálum og benda á þau auðveldu úrræði sem standa almenningi til boða hvað varðar umhverfisvernd. Tónleikarnir byrja klukkan tíu og aðgangseyrir er 1.000 krónur.**

- kbs


SparBíó 550kr föstudag SAMbio.is SAMBÍÓIN



| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| NARNIA 2 kl. 5 í Álfabakka, á Selfossi og í Keflavík, kl. 3 í Kringlunni og kl. 6 á Akureyri. | HULK kl. 5:30 í Álfabakka og á Selfossi | SPEED RACER kl. 5 í Álf., kl. 3 í kringl., og kl. 5:40 á Akureyri | SEX AND THE CITY kl. 3 í Kringlunni | Indiana Jones 4 kl. 5:30 í Álfabakka |




# NÝ & VÆNTANLEG TÓNLIST
# Í SKÍFUNNI

**Kringlunni** **Smáralind** **Laugavegi** **Leifsstöð**

S·K·Í·F·A·N

## > Kvennalandsliðið á Facebook



Stelpurnar í kvennalandsliðinu hafa verið duglegar að vekja athygli á leiknum gegn Slóvenum á laugardag og skal engan undra. Stelpurnar hafa meðal annars sent hvatningarorð á heimasíðu KSÍ og í gær skrifaði landsliðsþjálfarinn þar pistil og óskaði eftir stuðningi. Nú hefur einnig verið stofnaður stuðningsmannaklúbbur stelpnanna á vefsvæðinu Facebook. Inni á því er hægt að ganga í klúbbinn og senda skilaboð til stelpnanna. Yfir 600 höfðu skráð sig í klúbbinn síðdegis í gær.

# sport

sport@frettabladid.is

**HELGA MARGRÉT ÞORSTEINSDÓTTIR ÚR ÁRMANNI:** BÆTTI ÍSLANDSMETIÐ Í SJÖÞRAUT UM 122 STIG

## *Ætlar bara að fara í sveitina um helgina*

Helga Margrét Þorsteinsdóttir varð í gær fyrsta íslenska konan til þess að ná yfir 5.500 stigum í sjöþraut þegar hún bætti tveggja ára Íslandsmet Kristínar Birnu Ólafsdóttur um 122 stig á sterku alþjóðlegu fjölþrautarmóti í Prag í Tékklandi. Helga Margrét fékk alls 5.524 stig og varð í sjöunda sætinu á mótinu.

„Þetta var markmiðið mitt í sumar og það er frábært að ná því strax í fyrstu kvennaþrautinni. Ég ætlaði að fara yfir 5.500 stigin þannig að ég er rosalega sátt með þetta. Ég sá eftir fyrri daginn að ég ætti góða möguleika á metinu. Ég var samt ekki að hugsa mikið út í stigin nema fyrir síðustu greinina og reyndi bara að einbeita mér að einni grein í einu," sagði Helga eftir að metið var í höfn.

„Hástökkið stendur upp úr í þessari þraut en það kom mjög skemmtilega á óvart. Þetta er líka í fyrsta skipti sem það er ekkert stórkostlegt klúður. Þetta er jafnasta þrautin sem ég hef farið í gegnum. Maður lærir alltaf meira og meira eftir hverja þraut og ég er ekki hálfnuð að læra á greinarnar," segir Helga Margrét sem hafði gaman að því að hún fékk nákvæmlega jafnmörg stig og þegar hún varð Norðurlandameistari á dögunum en þá keppti hún með léttari kúlu og grindurnar voru lægri.



Helga hafði betur en Nikola Ogrodníková frá Tékklandi sem lofar góðu fyrir komandi heimsmeistaramót í Póllandi. „Hún er einu ári eldri og vann mig í fyrra á EM 19 ára og yngri þegar hún varð í þriðja sæti. Ég vann hana núna með einhverjum 80 stigum sem ég var mjög ánægð með."

Helga Margrét er samt ekkert farin að hugsa um Ólympíuleikana þótt að hún nálgist lágmarkið. „Það eru margir sem hafa verið að tala um Ólympíulágmarkið við mig en ég segi það alveg hreint út að það er ekki markmiðið. Ég er bara sextán ára og ætla að komast á Ólympíuleikana 2012," segir Helga Margrét en hún þyrfti að ná 5.800 stigum til þess að ná lágmarkinu á leikana í Peking í haust.

„Ég ætla bara að koma heim og fara í sveitina um helgina. Síðan ætla ég að fara aftur í bæinn og keyra upp æfingarnar fyrir heimsmeistaramót 19 ára og yngri."



**KVADDI MEÐ TITLUM** Rakel vann tvöfalt með Stjörnunni síðasta vetur og fagnar hér Íslandsmeistaratitlinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Rakel Dögg til Kolding:

## Draumurinn er að rætast

**HANDBOLTI** Ein besta handknattleikskona landsins, Rakel Dögg Bragadóttir, mun ekki leika áfram með Stjörnunni á Íslandi því hún er búin að semja til tveggja ára við danska liðið KIF Vejen sem er kvennalið Kolding.

Þetta lið varð í fimmta sæti í hinni geysisterku dönsku deild á síðustu leiktíð þannig að ljóst er að Rakel er að ganga í raðir mjög sterks félags.

„Ég er virkilega ánægð og óhætt að segja að draumurinn sé að rætast. Ég hef stefnt að þessu lengi og gaman að það hafi gengið upp," sagði Rakel Dögg himinlifandi en ekki er langt síðan Kolding kom inn í myndina hjá henni.

„Þetta gerðist allt ótrúlega hratt og í raun kláraðist það á tíu dögum. Ég er búin að fara út og æfa með þeim og líst vel á þetta. Allt mjög fagmannlega unnið, sterkur hópur og ljóst að ég þarf að vinna mig inn í liðið sem er skemmtilegt og krefjandi verkefni," sagði Rakel en hún samdi til tveggja ára.

„Þetta lið er talsvert meira spennandi en hitt liðið sem vildi fá mig og ég er nú ekkert viss um að ég hefði tekið þeirra tilboði. Það er mikil tilhlökkun hjá mér en æfingar hefjast eftir mánuð," sagði Rakel sem segist hafa gert ágætan samning en sé þó ekki orðin rík.

„Svo er ég ágæt í dönsku, get bjargað mér, þannig að það verða engar stórar hindranir í upphafi," sagði Rakel kát. - hbg

Íslenska landsliðið í golfi:

## Keppir á EM áhugamanna

**GOLF Íslenska landsliðið í golfi keppir á Evrópumóti áhugamanna á Ítalíu í byrjun júlí. Þjálfarinn Staffan Johansson valdi sex kylfinga til þátttöku á mótinu. Það eru Sigmundur Einar Másson (GKG), Ólafur Björn Loftsson (NK), Stefán Már Stefánsson (GR), Hlynur Geir Hjartarson (GK), Kristján Þór Einarsson (GKj) og Sigurþór Jónsson (GR).** - hþh

# Eins og deyfður ísbjörn í markinu

**Íslenska kvennalandsliðið mætir því slóvenska á morgun.** *Hjalti Þór Hreinsson*, **íþróttafréttmaður á Fréttablaðinu, tók hús á stelpunum fyrir leikinn og fékk að spreyta sig í marki. Árangurinn var æði misjafn.**

**FÓTBOLTI** Ég kom nú ekki beint kokhraustur til leiks á Laugardalsvöllinn. Ég mætti þangað rúmlega sex til að taka þátt í æfingu hjá kvennalandsliði Íslands. Ég bað um leyfi hjá landsliðsþjálfaranum Sigurði Ragnari Eyjólfssyni til að fá þrjár landsliðskonur til að skjóta á mig nokkrum skotum eftir æfinguna og var það auðsótt.

Ragnheiður Elíasdóttir hjá KSÍ var svo vinsamleg að lána mér íslenska landsliðsbúninginn. Ég fékk forláta ljósbláa treyju, svartar buxur og svarta sokka að láni. Mér stóð reyndar önnur treyja til boða en það var einróma mál blaðamanna á Fréttablaðinu að ég tæki mig betur út í þessari ljósbláu. Auk þess var hún minni, sem sýndi betur að ég er ekkert á mínu léttasta skeiði. „Þetta lúkkar," sögðu stelpurnar nú samt. Líklega til að vera kurteisar, en takk samt.

**10 árum og 30 kílóum síðar**

Það eru mörg ár síðan ég æfði fótbolta, þá var ég bæði í marki og á miðri miðjunni. Augljóslega var ég í marki til að þurfa ekki að hlaupa jafn mikið. Frá því ég hætti, fyrir mjög svo mörgum árum síðan, hef ég ekki spilað nema til að leika mér og bætt á mig mörgum kílóum. Líklega í tugatali. Giskum á þrjátíu.

Þegar ég æfði spilaði ég á litla gerð af mörkum. Ég fékk því ákveðið sjokk þegar ég kom inn í markið á Laugardalsvellinum. Þetta er miklu stærra þegar maður er kominn inn í það en úr blaðamannastúkunni!

Við Sigurður höfðum fengið þær Gretu Mjöll Samúelsdóttur úr Breiðabliki, Katrínu Ómarsdóttur, sprelligosa og athafnakonu úr KR, og Sif Atladóttur úr Val til að taka þátt. Við ákváðum að þær þrjár myndu taka fimm skot á mann á mig, öll rétt fyrir utan vítateig.

Ég stal markmannshönskum af Söndru Sigurðardóttur og þakka henni fyrir lánið. Stelpurnar voru einróma um að ég tæki mig vel út í treyjunni, sem var augljóslega númeri of lítil og jú, ljósblá. Svo hófst skothríðin.

**Greta Mjöll Samúelsdóttir:**

Hinn knái kantmaður gerði lítið úr mér í fyrstu tveimur skotunum. Nákvæmni hennar var slík að mér datt þessi fyrirsögn á greininni í hug. Mín glæsilegasta markvarsla kom eftir skot frá Gretu, þrusunegla hennar stefndi beint upp í samskeytin þegar ég kom svífandi eins og köttur og sló boltann glæsilega yfir með miklum tilþrifum. „Nujjjj!" sögðu þær og hrósuðu mér í hástert. Feikilega ánægður með þessa vörslu.

**Katrín Ómarsdóttir:**

Katrín var eins og Greta örugg í fyrstu tveimur spyrnunum. „Ertu að gefa okkur sjálfstraust?" kallaði Katrín, augljóslega til að reyna að koma mér úr jafnvægi, þegar öll skotin flugu inn í fyrstu umferðunum. En ég lét ekki deigan síga og lokaði markinu glæsilega þannig að skot hennar fór yfir markið.

Hún potaði svo einum bolta inn en eins og henni einni er lagið bauð hún upp á svokallað grínskot, þar sem hún stóð við boltann og sveiflaði vinstri fæti aftur fyrir þann hægri. Ég hló síðast þar sem ég greip boltann auðveldlega.

**Sif Atladóttir:**

Valsstúlkan skoraði örugglega úr fyrstu spyrnu en fyrsta skotið sem ég varði var frá henni. Það var lágt og alveg úti við stöng en gömlu taktarnir sýndu sig og ég sló boltann út fyrir stöngina með glæsilegum hætti.

Sif skaut einu sinni rétt framhjá, þar sem boltinn sleikti stöngina, og skoraði svo annað gott mark. Ég varði þó eitt skot í viðbót frá henni, sem var hátt en ég varði það nokkuð auðveldlega að mínu mati.

**„Þú varðir þvílíkt maður!"**

Heilt yfir má segja að ég hafi staðið mig ágætlega. „Þú varðir þvílíkt maður," fleyttu þær fram eftir æfinguna. Einhvern tímann var gert grín að því að ég fyllti nú bara ágætlega út í markið. Þessi mörk eru þó það stór að ég var nú ekki nálægt því.

Þegar stelpurnar vönduðu sig verulega skoruðu þær (fyrir utan glæsimarkvörslurnar tvær) og að mínu mati þarf landsliðsmarkmaður Slóvena að vara sig. Stelpurnar eru ákveðnar og tilbúnar í slaginn.

Ég hlakka í það minnsta til að mæta á völlinn á morgun, vitandi til þess að ég gaf þeim aukið sjálfstraust með því að líta út eins og villtur deyfður ísbjörn á Norðurlandi á milli stanganna.

hjalti@frettabladid.is



**HRESSAR** Landsliðskonurnar Greta Mjöll Samúelsdóttir, Katrín Ómarsdóttir og Sif Atladóttir tóku vel á móti blaðamanni Fréttablaðsins og brostu breitt eftir að hafa nánast skorað að vild gegn honum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**KLÁR Í SLAGINN** Hér sést ég klæða mig í hanskana frá Söndru markverði og Gretu Mjöll skýtur á mig léttu skoti áður en sjálf skothríðin hófst. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**ÞVÍLÍK TILÞRIF** Ég náði mér ágætlega á strik um tíma og hér er mín besta varsla, flaug eins og köttur upp í hornið og sló boltann yfir. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL






**LEIKUR ÁN FORDÓMA**

# ÍSLAND - SLÓVENÍA

LAUGARDALSVÖLLUR, LAUGARDAGINN 21. JÚNÍ KL. 14:00

*Alltaf í boltanum*

*Alltaf í boltanum með KSÍ*

Landsbankinn · MasterCard · Coca-Cola · Vodafone · VÍS · 1X2 · ICELANDAIR

## MIÐASALA

Miðaverð 1.000 kr.
Frítt fyrir 16 ára og yngri.
Miðasala á midi.is opin fram að leik.
Miðasala við Laugardalsvöll hefst kl. 12:00 á leikdag.

Athugið að reykingar eru stranglega bannaðar í báðum stúkum. Öll meðferð áfengis er óheimil og eins að fara með drykkjarföng inn á völlinn. Áhorfendur eru hvattir til að mæta tímanlega því aðgöngumiðar eru skannaðir við aðgönguhlið.

## ÚRSLIT

*EM 2008*

| | |
|---|---|
| **Portúgal-Þýskaland** | **2-3** |
| 0-1 Bastian Schweinsteiger (22.), 0-2 Miroslav Klose (26.), 1-2 Nuno Gomes (40.), 1-3 Michael Ballack (61.), 2-3 Helder Postiga (87.) | |

*VISA-bikar karla:*

| | |
|---|---|
| **KR-KB** | **1-0** |
| 1-0 Björgólfur Takefusa (49.) | |
| **Fjarðabyggð-FH** | **0-2** |
| Jónas Grani Garðarsson, Matthías Guðmundsson. | |
| **Breiðablik-KA** | **1-0** |
| Prince Rajcomar. | |
| **Hamar-Selfoss** | **2-1** |
| Boban Ristic 2 - Ingþór Jóhann Guðmundsson. | |
| **Fram-Hvöt** | **2-1** |
| Grímur Björn Grímsson, Hjálmar Þórarinsson - Mirnes Smjalovic. | |
| **Fjölnir-KFS** | **6-0** |
| Tómas Leifsson 2, Ólafur Páll Johnson, Pétur Georg Markan, Ásgeir Aron Ásgeirsson, Ólafur Páll Snorrason. | |
| **Þór-Valur** | **0-1** |
| - Bjarni Ólafur Eiríksson. | |
| **Keflavík-Stjarnan** | **2-1** |
| Magnús Sverrir Þorsteinsson, sjálfsmark - Ellert Hreinsson. | |

Átta liða úrslit EM hófust í gær með leik Þýskalands og Portúgal:

# Portúgal réð ekki við þýska stálið

**FÓTBOLTI** Þjóðverjar voru fyrstir til þess að bóka farseðil í undanúrslit EM eftir sigur á Portúgal, 3-2, í mögnuðum knattspyrnuleik. Þjóðverjar mæta sigurvegaranum í leik Króatíu og Tyrklands í undanúrslitunum.

Leikurinn fór rólega af stað en Portúgalar voru þó skeinuhættari. Það voru engu að síður Þjóðverjar sem komust yfir. Schweinsteiger batt endahnútinn á magnaða skyndisókn þeirra.

Markið kveikti heldur betur í Þjóðverjunum því Miroslav Klose kom þeim í 2-0 fjórum mínútum síðar þegar hann stangaði aukaspyrnu Schweinsteigers í markið af stuttu færi.



Portúgalar gáfust ekki upp og Nuno Gomes minnkaði muninn fyrir hlé er hann tók fråkast í kjölfar þess að Lehmann varði frá Ronaldo í dauðafæri.



**MAGNAÐIR** Þjóðverjar halda áfram að sýna mátt sinn á stórmótum og skildu Ronaldo og félaga eftir í keppninni í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Portúgal byrjaði síðari hálfleikinn vel, var nálægt því að jafna en það voru Þjóðverjar sem skoruðu líkt og í fyrri hálfleik. Að þessu sinni Ballack með skalla í teignum eftir að hafa verið illa dekkaður.

Það var flest sem benti til þess að Þjóðverjar væru að landa þægilegum sigri þegar varamaðurinn Helder Postiga skallaði boltann glæsilega í netið og gaf Portúgölum von. Þeir sóttu grimmt það sem eftir lifði leiks en náðu ekki að opna þýsku vörnina og Þjóðverjar fögnuðu í leikslok. **- hbg**



**BARÁTTA** Leikmenn Fjarðabyggðar gáfu FH ekkert eftir í gær. MYND/GG

Fjarðabyggð gegn FH:

# Sigur hjá FH

**FÓTBOLTI** Mörk Jónasar Grana Garðarssonar og Matthíasar Guðmundssonar komu bikarmeisturum FH í 16 liða úrslit í VISA-bikar karla.

„Það var ágætt að sleppa með 0-0 inn í hálfleik en mér fannst úrslitin sanngjörn að lokum," sagði Heimir Guðjónsson, þjálfari FH. Magni Fannberg, þjálfari Fjarðabyggðar, sá eftir dauðafærunum sem fóru forgörðum í fyrri hálfleik.

„Við hefðum átt að vera 2-0 yfir í leikhléi ef allt hefði verið eðlilegt. En þetta er einfaldlega munurinn á liðunum." **- gg**


# FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ RSÍ Á APAVATNI 2008

**Í tilefni 40 ára afmælis Félags Rafeindavirkja mun félagið hafa umsjón með fjölskylduhátíð RSÍ sem haldin verður 20-22 júní við Apavatn. Dagskráin verður með hefðbundnu sniði, meðal fastra skemmtiatriða er víðavangshlaupið og grillaðar verða pylsur.**







**Laugardagur – dagskrá**

**Kl: 12:00–18:00** Leiktæki, hoppukastalar og rennibrautir. Athugið að gæsla er á ábyrgð gesta.

**Kl: 13:30–14:00** Skráning í fótboltamótið

**Kl: 14:00–14:30** Víðavangshlaup

**Kl: 14:30** Knattspyrnukeppni

**Kl: 14:30** Púttkeppni

**Kl: 14:30** Stærsti fiskurinn – veiðikeppni

**Kl: 16:00–18:00** Grillaðar pylsur og safi

**Kl: 20:00** Skemmtun í stóra tjaldinu við stóra húsið.

**Kl: 23:00** Varðeldur, Sæmundur staðarhaldari kveikir upp.

**Munið félagsskírteinin**

**Ath. 1000 kr. nóttin fyrir gesti félaga**




**GEÐVEIK BARÁTTA** Leikmenn KB gáfu ekkert eftir á KR-vellinum í gær og hér fær KR-ingurinn Guðjón Baldvinsson fría flugferð í boði Gunnars Jarls Jónssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

KR vann nauman sigur á 3. deildarliði KB í gær:

# „KB fer úr leiknum sem sigurvegarinn"

**FÓTBOLTI** Það var ekki mikil reisn yfir leik KR í gær þó svo Vesturbæjarrisinn hafi teflt sína sterkasta liði fram gegn hinu eins árs gamla félagi KB. Það vann nauman 1-0 sigur á Breiðholtsliðinu, sem leikur í þriðju deild, og kom sigurmarkið frá Björgólfi Takefusa á 49. mínútu. Markalaust var í hálfleik en KR-ingar sköpuðu sér afar fá færi í fyrri hálfleiknum.

Snemma leiks átti KB að fá vítaspyrnu og sluppu heimamenn þar með skrekkinn. Lið KR var afar andlaust og hreint út sagt lélegt. Leikmenn KB komu hins vegar dýrvitlausir til leiks og höfðu engu að tapa. Þeir áttu meðal annars skot í slá úr aukaspyrnu í síðari hálfleik en ógnuðu annars lítið.

KR var miklu meira með boltann og skapaði sér nokkur ágæt færi í síðari hálfleik. Ragnar Daði Jóhannsson, markmaður KB , átti líklega leik lífs síns og varði nokkrum sinnum glæsilega. KR-ingum tókst ekki að bæta við marki og sum skot þeirra voru sorglega léleg.

Það sýndi sig í gær að það getur allt gerst í bikarkeppninni. Litlu liðin spila gjarnan með hjartanu en stóru liðin nenna vart að klára skylduverkefnið. Það var uppi á teningnum í gær en á endanum komst KR áfram í sextán liða úrslit bikarsins.

„Ég verð að segja að strákarnir spiluðu með hjartanu, það var stórkostlegt að sjá til þeirra og þeir gáfu KR-ingum ekkert eftir. Við áttum að fá víti en dómarinn var gunga að flauta ekki, það sáu þetta allir. Gríska leikskipulagið gekk ágætlega upp hjá okkur og við vissum að við þyrftum að berjast aftarlega til að komast með sæmd frá þessu. Það gekk upp," sagði Magnús Einarsson, þjálfari KB, brosmildur í leikslok. „Það er engin spurning að KB fer sem sigurvegari úr þessum leik. Þegar við skiptum í 4-2-4 féllu þeir bara til baka. Við ætluðum að taka þá á úthaldinu í lokin," sagði Magnús.

KR-ingurinn Guðjón Baldvinsson var ósáttur í leikslok. „Þetta var arfaslakt. Menn voru ekkert með hausinn í þetta. Við vorum tilbúnir í leikinn en eins og þeir spiluðu er þetta alltaf erfitt," sagði Guðjón, sem var þó ánægður með að komast áfram. „Þeir stóðu sig vel og eiga hrós skilið." **- hþh**





**ÞÉTTIR Á VELLI SEM OG Í VÖRN** Eins og sjá má eru ekki endilega allir leikmenn KB í kjörþyngd en þeir veittu stórveldinu KR verðuga keppni í gær. Á minni myndinni er Elvar Geir Magnússon, forseti KB, sem var ánægður með sína menn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**KHALID OG FRÚ** Missir þeirra er ólýsanlegur, líkt og harka leikmannsins að spila áfram á EM. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Khalid Boulahrouz:

## Spilar áfram eftir barnsmissi

**EM 2008** Khalid Boulahrouz ætlar að spila áfram með á EM þrátt fyrir áfall sitt í gær. Dóttir hans lést á miðvikudag en hún fæddist fyrir tímann. Holland mætir Rússlandi á morgun. „Ég skil að þetta sé mjög erfitt fyrir Khalid og við styðjum hann eins og við getum,“ sagði Marco van Basten, þjálfari Hollendinga. „Hvað sem öllu líður einbeitum við okkur að Rússum og það er einmitt það sem Khalid vill.“

Boulahrouz hefur átt góða leiki í vörn Hollands, sem fékk aðeins á sig eitt mark í riðlakeppninni. Hann fór af æfingu liðsins á miðvikudag til að vera með konu sinni og hefur fengið leyfi til að heimsækja hana að vild. - hþh

Alexander Hleb:

## Í viðræðum við Barcelona

**FÓTBOLTI Marc Ingla, varaforseti Barcelona, hefur staðfest að félagið í sé í viðræðum við Hvít-Rússann Alexander Hleb sem leikur með Arsenal.**

**„Þó svo að hann sé sérstakur leikmaður sem við höfum áhuga á þá eigum við aðra valmöguleika ef Arsenal vill ekki selja hann,“ sagði Ingla en Hleb hefur verið orðaður við Barcelona í margar vikur.**

**Hann var einnig orðaður við Inter á Ítalíu en José Mourinho hefur ekki áhuga á honum. - hbg**



**HVOR FER ÁFRAM?** Slaven Bilic og Fatih Terim mætast í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Króatar mæta Tyrkjum í dag:

## Erum ekkert spútniklið

**EM 2008** Slaven Bilic, þjálfari Króata, segir að sínir menn þurfi að gera enn betur til að komast í undanúrslitin á EM. Þeir mæta Tyrkjum í kvöld og hafa unnið alla leiki sína á mótinu til þessa. „Við höfum ekki áorkað neitt enn. Margir sjá okkur sem eitthvert spútniklið en það erum við ekki. Markmiðið okkar fyrir mótið var að komast upp úr riðlinum en við þurfum að gera betur til að komast alla leið,“ sagði Bilic.

„Okkar helsti kostur er að við gefumst aldrei upp,“ segir Fatih Terim, þjálfari Tyrkja, sem komust áfram með ótrúlegum sigri á Tékkum. „Við getum unnið alla, það hefur sýnt sig,“ bætti hann við. - hþh

Hollendingar mæta Rússum í kvöld, tuttugu árum eftir stórbrotið mark van Basten:

# Marco van Basten tók áhættuna

**EM 2008** Holland og Rússland mætast annað kvöld í átta liða úrslitum EM. Hinn 25. júní fyrir tuttugu árum skoraði þjálfari Hollands í dag, Marco van Basten, eitt frægasta og besta mark knattspyrnusögunnar. Þrumuskot hans í úrslitaleiknum gegn Sovétríkjunum tryggði Hollandi gullið á EM 1988.

Eftir níu mínútna leik í síðari hálfleik var Holland yfir með einu marki þegar Arnold Mühren sendi háan kross inn í teiginn frá vinstri kanti. Basten stóð rétt við endamarkslínuna utarlega í teignum, varnarmaður sótti stíft á hann og einn besti markmaður þess tíma á milli stanganna. Flestir hefðu reynt að koma boltanum fyrir en ekki framherjinn. Hann þrumaði boltanum á lofti yfir Rinat Dasajev í fjærhornið og allt varð vitlaust.

„Ég man að þetta var í síðari hálfleiknum og ég var orðinn nokkuð þreyttur,“ rifjar van Basten upp. „Ég fékk sendingu frá Mühren og hugsaði með mér að ég gæti tekið hann niður eða tekið áhættuna og skotið. Það þarf mikla heppni við svona skot en allt gekk vel. Þetta er eitt af því sem gerist bara,“ sagði van Basten, hógværðin uppmáluð.

Hann viðurkenndi þó að þetta hefði verið sérstakt augnablik en hann gerði sér enga grein fyrir því hversu mikið mark á knattspyrnusögunna hann setti. „Ég skildi ekki spennuna í kringum markið og hvað ég gerði. Það sást á viðbrögðum mínum við markinu, ég spurði liðsfélaga mína bara: „Hvað er að gerast?“

Leiksins á morgun er beðið með mikilli eftirvæntingu enda hafa bæði lið sýnt skemmtilega takta á mótinu. Hollendingar eru af flestum taldir líklegri til að fara áfram eftir öruggan sigur í riðli sínum. Rússar töpuðu þó aðeins fyrir Spánverjum í riðlinum og sýndu leiftrandi skemmtilegan fótbolta gegn Svíum, sem þeir unnu 2-0. - hþh



**MEISTARI** Van Basten með bikarinn árið 1988. Hann skoraði stórbrotið mark í úrslitaleiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY




Höfuð, herðar…



Íbúfen®

– Bólgueyðandi og verkjastillandi

**Notkunarsvið:** Íbúfen inniheldur íbúprófen sem er bólgueyðandi, verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Íbúfen er notað við liðagigt, slitgigt, tíðaverkjum, tannpínu og höfuðverk. Einnig eftir minniháttar aðgerðir, t.d. tanndrátt. **Varúðarreglur:** Fólk sem hefur ofnæmi fyrir íbúprófeni eða öðrum skyldum lyfjum (NSAID), með skerta lifrarstarfsemi eða alvarlegan hjarta- og nýrnasjúkdóm ætti ekki að nota lyfið. Fólk sem hefur fengið astma, nefslímubólgu eða ofsakláða eftir töku acetýlsalicýlsýru eða annarra bólgueyðandi lyfja ætti ekki að nota lyfið. Nota skal lyfið með varúð hjá fólki með tilhneigingu til magasárs eða sögu um slík sár. Lyfið er ekki ætlað barnshafandi konum. **Aukaverkanir:** Íbúfen getur valdið aukaverkunum eins og t.d. meltingaróþægindum, niðurgangi, ógleði, útbrotum, þreytu og höfuðverk. **Skammtastærðir:** Fullorðnir: Venjulegir skammtar eru 600-2000 mg á dag í 3-4 jöfnum skömmtum. Ekki mælt með stærri skammti en 2400 mg. Börn: Venjulegir skammtar eru 20 mg/kg líkamsþunga á dag í 3-4 jöfnum skömmtum. Börnum <30 kg skal eigi gefa meira en 500 mg á dag. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Júlí 2004.

actavis
hagur í heilsu



**> Rob Schneider**

„Ástæðan fyrir því að ég fór út í skemmtanabransann er sú að ég forðast að þurfa að vinna frá klukkan 9 til 5.“ Schneider leikur í kvikmyndinni Deuce Bigalow: European Gigolo sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.

# dagskrá

VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON BLÉS HÁRIÐ

## *Að rokka úr sér líftóruna*

Hinar sjö greinar rokksins halda áfram að vaxa út úr sjónvarpi heimilisins á miðvikudagskvöldum. Að þessu sinni voru það þungarokkararnir sem nutu sviðsljóssins og víst er að einhverjir gamlir rokkhundar hafi strokið sér um skallann með söknuðu. Síði, þykki og skítugi makkinn var á bak og burt. Og í staðinn fyrir rifinn hlýrabol, gallabuxur og kúrekastígvél voru komnir inniskór, flauelsbuxur og fremur vel straujuð skyrta.

En um leið og Ozzy Osbourne birtist á skjánum er öruggt að margir hafi orðið guðs lifandi fegnir að hafa ekki fetað í fótspor hans af fullri alvöru. Slík var eyðileggingin að heilinn minnir sennilega á rústirnar eftir kjarnorkusprengju. Maðurinn kom varla stöku orði út úr sér. Enda voru dópsögurnar slíkar að jafnvel hörðustu rokkhundarnir á Íslandi hafa glaðst yfir því að hér skyldi ríkja bjórbann þegar Ozzy stóð á hátindi frægðarinnar.



**RAPPARAR SÍNS TÍMA** Mötley Crüe-menn elskuðu berar stelpur, fíkn og frama. Rapparar hafa því að ósekju verið hafðir fyrir rangri sök.

Ekki fylgdu neinir kórdrengir í kjölfarið. Mötley Crüe með Tommy Lee fremstan í flokki. Og á einhvern undarlegan hátt fylltist maður viðbjóði á þessum körlum sem hugsuðu ekki um neitt annað en berar stelpur, fíkn og frama. En allt í einu laust því niður í kollinn á manni eins og þruma úr heiðskíru lofti að rapparar dagsins eru ekkert annað en þungarokkarar síns tíma. Aumingjans hiphop-ræflarnir sem hafa verið sakaðir um kvenfyrirlitningu og klámvæðingu voru svo sannarlega ekkert að finna upp hjólið. Þann vafasama heiður eiga þungarokkarar níunda áratugarins.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.45** F1 Við rásmarkið STÖÐ 2 SPORT



▶ **19.55** America´s Got Talent STÖÐ 2



▶ **20.00** Wildfire STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.10** Life is Wild SKJÁREINN



▶ **22.55** Dópsalinn II (PUSHER II) SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.15 Bang og mark** Sýnt frá leikjum í efstu deild kvenna í fótbolta.

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 EM 2008 - Upphitun** Hitað upp fyrir næsta leik á EM í fótbolta.

**18.00 Fréttir**

**18.23 Veður**

**18.25 EM 2008 - Upphitun** Hitað upp fyrir næsta leik á EM í fótbolta.

**18.45 EM í fótbolta 2008** Bein útsending frá leik Króata og Tyrkja í átta liða úrslitum.

**20.45 Fréttayfirlit**

**20.55 Töframaðurinn** (Now You See It...) Bandarísk fjölskyldumynd frá 2005 um ungan sjónhverfingamann og vinkonu hans sem hjálpar honum að ná tökum á kúnstinni. Aðalhlutverk: Alyson Michalka, Johnny Pacar og Frank Langella.

**22.25 EM 2008 - Samantekt**

▶**22.55 Dópsalinn II** (Pusher II) Dönsk bíómynd frá 2004, sjálfstætt framhald myndar frá 1996. Dópsalinn Tony er látinn laus úr fangelsi, aftur. Í þetta skiptið ætlar hann að taka upp nýja lífshætti en það er hægara sagt en gert. Aðalhlutverk: Mads Mikkelsen, Jesper Salomonsen, Leif Sylvester, Anne Sørensen og Kurt Nielsen.

**00.35 Kvennahjal** (Walking and Talking) Bresk bíómynd frá 1996. Amelia á erfitt. Besta vinkona hennar er að fara að gifta sig og kötturinn hennar er með krabbamein. Aðalhlutverk: Catherine Keener, Anne Heche, Todd Field og Kevin Corrigan.

**02.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.00 Deuce Bigalow: European Gigolo**

**08.00 Glory Road**

**10.00 The Object of Beauty**

**12.00 Meet the Fockers**

**14.00 Glory Road**

**16.00 The Object of Beauty**

**18.00 Meet the Fockers**

**20.00 Deuce Bigalow: European Gigolo** Gamanmynd með Rob Schneider í aðalhlutverki.

**22.00 Air Force One** (e)

**00.00 The Locals**

**02.00 Spin**

**04.00 Air Force One** (e)

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Firehouse Tales, Camp Lazlo, Rannsóknarstofa Dexters og Kalli kanína og félagar.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 La Fea Más Bella**

**10.15 ´Til Death** (9:22)

**10.40 My Name Is Earl** (4:22)

**11.10 Homefront** (9:18) (e)

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Neighbours**

**13.10 Wings of Love**

**13.55 Wings of Love**

**14.40 Friends** (20:24)

**15.25 Bestu Strákarnir** (33:50) (e)

**15.55 Galdrastelpurnar** (13:26)

**16.18 Bratz**

**16.43 Smá skrítnir foreldrar**

**17.08 Ben 10**

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Neighbours**

**18.18 Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.30 The Simpsons** (13:20)

▶**19.55 America´s Got Talent** (8:12) Leitin að hæfileikaríkasta fólkinu í Ameríku er hafin enn á ný. Dómarar eru Pierce Morgan, David Hasselhoff og Sharon Osbourne og kynnir í þáttunum er Jerry Springer. Hér er á ferðinni hraður og fjölbreyttur skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna.

**21.00 Say Anything** Kvikmynd frá árinu 1989 með John Cusack í aðalhlutverki.

**22.40 The Football Factory** Átakanleg og raunsæ mynd um ofbeldi og drykkju sem einkennir líf hjá fótboltabullunum í Englandi. Aðalhlutverk: Danny Dyer, Frank Harper, Tamer Hassan.

**00.10 What´s Love Got To Do With It** Áhrifamkil verðlaunamynd um ævi Tinu Turner. Aðalhlutverk: Angela Bassett, Laurence Fishburne, Vanessa Bell Calloway.

**02.05 Cool Money**

**03.35 Man Stroke Woman** (2:6)

**04.05 America´s Got Talent** (8:12)

**05.10 The Simpsons** (13:20)

**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

**06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SPORT *besta sætið*

**07.55 Formúla 1 2008 - Frakkland** Bein útsending frá æfingum.

**11.55 Formúla 1 2008 - Frakkland** Bein útsending frá æfingum.

**17.30 Inside the PGA** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni.

**17.55 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bakvið tjöldin.

**18.20 Snowcross World Championship** Sýnt frá heimsmeistaramótinu í vélsleðaakstri.

**18.50 World Supercross GP** World Supercross GP gert upp í frábærum þætti. Öll mót ársins skoðuð í bak og fyrir.

▶**19.45 F1: Við rásmarkið** Hitað upp fyrir Formúla 1 kappaksturinn. Spjallþáttur þar sem fjallað verður um Formúlu 1 á mannlegu nótunum. Sérfræðingar og áhugamenn tjá sig um allt milli himins og jarðar.

**20.25 Formúla 1 2008 - Frakkland** Útsending frá æfingum.

**22.00 Main Event, Las Vegas, NV** Heimsmótaröð í póker.

**22.50 Main event, Las Vegas, NV**

**23.40 NBA 2007/2008 - Finals games** Útsending frá leik í úrslitakeppni NBA.

## SPORT 2

**18.00 EM 4 4 2** Íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport ásamt sérfræðingum renna yfir hvern leikdag á EM.

**18.30 PL Classic Matches** Aston Villa - Liverpool, 98/99. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**19.00 PL Classic Matches** Arsenal - Man United, 98/99.

**19.30 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.

**20.00 1001 Goals** Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.

**21.00 EM 4 4 2**

**21.30 Football Rivalries** Rígur stórliða innan vallar sem utan. Að þessu sinni er fjallað um Glatasaray og Fenerbach og einnig kíkt til Þýskalands.

**22.25 10 Bestu - Rúnar Kristinsson** Fjórði þátturinn af tíu í þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar.

**23.15 EM 4 4 2**

**23.45 Bestu bikarmörkin** Bikarveisla að hætti Chelsea en félagið hefur þrisvar sinnum sigrað í keppninni (FA Cup).

## SKJÁREINN

**07.15 Rachael Ray** (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Dynasty** (e)

**09.30 Vörutorg**

**10.30 Óstöðvandi tónlist**

**15.00 Vörutorg**

**16.00 Snocross** (e)

**16.30 Girlfriends**

**17.00 Rachael Ray**

**17.45 Dr. Phil**

**18.30 Dynasty** Blake Carrington stýrir olíufyrirtæki og er umkringdur konum sem eru óhræddar við að sýna klærnar.

**19.20 Kimora: Life in the Fab Line** (e)

▶**20.10 Life Is Wild - NÝTT** Bandarísk unglingasería um stúlku sem flyst með fjölskyldu sinni frá New York til Suður-Afríku. Katie Clarke er ekki sátt þegar pabbi hennar og nýja konan hans ákveða að flytja til Afríku en á þessum framandi slóðum finnur Katie það sem hún þarfnast mest.

**21.00 The Biggest Loser** (2:13) Að þessu sinni mæta 50 manns til leiks og er hver þeirra sem fulltrúi síns ríkis í Bandaríkjunum. Fylgst er með þátttakendum í æfingabúðum undir leiðsögn einkaþjálfara og hvernig þeim gengur að halda sig frá sætindunum. Sá sem hefur losnað við mesta hlutfall af heildarþyngdinni vinnur vegleg verðlaun.

**22.30 The Eleventh Hour** (8:13) Dramatísk þáttaröð sem gerist á sjónvarpsstöð og aðalsöguhetjurnar eru fréttamenn og pródúsentar á fréttaskýringaþætti.

**23.20 Secret Diary of a Call Girl** (e)

**23.50 Brotherhood** (e)

**00.50 Law & Order: Criminal Intent** (e)

**01.40 The IT Crowd** (e)

**02.10 Top Chef** (e)

**03.00 C.S.I.** (e)

**03.40 C.S.I.** (e)

**04.20 Girlfriends** (e)

**04.50 Vörutorg**

**05.50 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir og Föstudagsþátturinn** Farið yfir fréttir liðinnar viku. Endurtekinn á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.00**

### Say Anything

Hér er á ferðinni skemmtileg mynd um ungt fólk, langanir þess og þrár. Aðalsöguhetjan verður yfir sig ástfangin af glæsilegri stúlku en samband þeirra virðist að mörgu leyti dæmt til að fara út um þúfur. Það er að minnsta kosti hlutlaust mat vina piltsins. Hinn ástsjúki er hins vegar til í að leggja ýmislegt á sig til að vinna hylli draumastúlkunnar.



## VIÐ MÆLUM MEÐ

**EM í fótbolta BEINT**

**Sjónvarpið kl. 18.45**

Það er komið að átta liða úrslitum í EM í fótbolta. Í dag spila Króatar og Tyrkir. Þorsteinn J. stjórnar upphitun fyrir leik og samantekt úr leik dagsins sem hefst kl. 22.25.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sumarást
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Táslur og tjull
**15.03** Útvarpssagan: Múrinn í Kína
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Flækingur
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Mánafjöll
**21.10** Brjóstdropar
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Viltu syngja minn söng?
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Wildfire** (13:13)
**17.45 Twenty Four 3** (4:24) (e)
**18.30 The Class** (11:19)
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Wildfire** (13:13) Þriðja þáttaröðin um Kris sem var í byrjun send nauðug á búgarð í sveit en þar féll hún fyrir hestamennskunni og þá sérstaklega kappreiðahestinum Wildfire.
**20.45 Twenty Four 3** (4:24) (e) Palmer stendur frammi fyrir tveimur kostum, annars vegar að láta undan kröfum hryðjuverkamannanna eða að taka afleiðingum hótana þeirra. Jack leggur til þriðja möguleikann sem er mjög áhættusamur.
**21.30 The Class** (11:19) Gamanþáttur þar sem við fylgjumst með bekkjarmóti skrautlegra skólafélaga.
**22.00 Bones** (12:15) Dr. Temperance „Bones“ Brennan réttarmeinafræðingur er kölluð til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.
**22.45 Moonlight** (4:16) Mick St. John er ódauðlegur einkaspæjari sem býr og starfar í Los Angeles. Hann stríðir gegn öllu því sem aðrar vampírur standa fyrir með því að nota yfirnáttúrulega hæfileika til að hjálpa hinum dauðlegu.
**23.30 ReGenesis** (2:13)
**00.20 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Umsjón: Ásdís Olsen og Kolfinna Baldvinsdóttir. Gestir: Elísabet Jökulsdóttir, Björk Jakobsdóttir, Karl Sigurðsson.
**21.00 Hvernig er heilsan?** Heilsuefling hjá fyrirtækjum. Ágústa Erna Hilmarsdóttir framkvæmdastjóri Hrifa.
**21.30 Íslands Safari** Umsjón: Akeem Richard Oppong. Gestir: Rannveig Þórisdóttir, Grazyve María Okuniesislee.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Ærlig talt **10.35** Et godt kvarter **10.50** Vagn på floden **11.30** Når storken svigter - fem år efter **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Dawson's Creek **14.00** Boogie Listen **15.00** That's So Raven **15.25** F for Får **15.30** Fredagsbio **15.45** Benjamin Bjørn **16.00** Sommertid **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Hit med sangen **19.00** TV Avisen **19.30** Beyond Borders **21.30** Maximum Risk **23.05** Boogie Listen

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.10** Tinas mat **10.40** Columbo **12.15** Sjukehuset i Aidensfield **13.05** Syklus **13.35** Bare et liv - Historien om Fridtjof Nansen **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Desperate boligdrømmer **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Asta-Marie, det er meg **16.05** Mamma Mirabelle viser film **16.20** Charlie og Lola **16.30** Safari Europa **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Ville og vakre Kina **18.45** 20 spørsmål **19.10** Paul Potts - fra telefonselger til verdensstjerne **19.40** VG-lista Topp20 - Rådhusplassen 2008 **21.00** Kveldsnytt **21.20** VG-lista Topp20 - Rådhusplassen 2008 **22.00** Hotell Babylon **22.50** En konsert med Dionne Warwick **23.45** Country jukeboks med chat

## SVT 1

**10.10** Mannen och örnen **10.40** N P Möller, fastighetsskötare **11.40** En stilla flirt **13.05** Så såg vi sommaren då **13.20** Veronica Mars **14.05** Gomorron Sverige **15.00** I trädgården med Camilla Plum **15.30** Plus sommar **16.00** Charlie och Lola **16.15** Dra mig baklänges **16.30** Hej hej sommar **16.31** Planet Sketch **16.45** Sune **17.15** Värsta vännerna **17.30** Rapport **17.45** Rameldags igen **18.00** Midsommar på Gotland **19.00** Chocolat **21.00** Rapport **21.10** Grotesco **21.40** Älskande på flykt **23.15** Sändningar från SVT24


Ha, útsala?
Já, 10 daga útsala
á eldri stangaveiðibúnaði
í Sportbúðinni,
Krókhálsi 5 hefst í dag.
30 til 60% afsláttur
Öndunarvöðlur á hálfvirði
Veiðijakkar á hálfvirði
Kaststangir á hálfvirði
Flugustangir á hálfvirði
Kasthjól á hálfvirði
Fluguhjól á hálfvirði
Misstir þú af síðustu útsölu Sportbúðarinnar?
Þessari sem allir eru að tala um.
Ætlarðu líka að missa af þessari?
Renndu við og gerðu góðan díl í sumarbyrjun
Takmarkað magn og aðeins í 10 daga!
SPORTBÚÐIN
Krókhálsi 5 - 110 Reykjavík - Sími 517 8050 - Sportbudin.is

## HVAÐ VAR ÉG AÐ SPÁ?



*„Hausinn hefur aldrei verið mín sterkasta hlið.“*

Friðrik Þór Friðriksson kvikmyndaleikstjóri í viðtali við DV 1997.

„Ég lét þessi ummæli falla um höfuðkúpubrot sem ég fékk í Grikklandi. Ég hef handleggsbrotnað líka, en það er eina brotið sem ég hef lent í. Svo er allt hitt í hausnum. Þetta stendur alveg. Hausinn á mér hefur margbrotnað,“ segir Friðrik í dag.



**LÁRÉTT**
**2.** labbaði, **6.** frá, **8.** hversu, **9.** berja, **11.** píla, **12.** sessur, **14.** kroppa, **16.** skóli, **17.** goð, **18.** stansa, **20.** átt, **21.** glufa.

**LÓÐRÉTT**
**1.** tónlistartegund, **3.** eftir hádegi, **4.** klögun, **5.** kirna, **7.** hýða, **10.** svif, **13.** sarg, **15.** megin, **16.** flinkur, **19.** tvíhljóði.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** gekk, **6.** af, **8.** hve, **9.** slá, **11.** ör, **12.** setur, **14.** narta, **16.** fg, **17.** guð, **18.** æja, **20.** na, **21.** rauf.

**LÓÐRÉTT:** **1.** jass, **3.** eh, **4.** kvörtun, **5.** ker, **7.** flengja, **10.** áta, **13.** urg, **15.** aðal, **16.** fær, **19.** au.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1 Thorvald Stoltenberg.
2 Flugumferðarstjórar.
3 Verslunin Kristný í Borgarnesi.

# Vinur Eiðs Smára er orðinn stór

„Jú ég er búinn að stækka aðeins,“ segir Haukur Baldvinsson, knattspyrnumaður hjá Breiðabliki og nemi í Verzlunarskóla Íslands. Íslendingar ættu að muna eftir Hauki frá því hann lék í auglýsingu fyrir Coca Cola ásamt Eiði Smára Guðjohnsen. Í auglýsingunni bankar Haukur uppá hjá Eiði Smára og kemur faðir Eiðs, Arnór Guðjohnsen, til dyra. Haukur spyr eftir Eiði og svo sprikla þeir félagar og sparka um borg og bý þar sem Haukur sýnir ótrúlega boltameðferð.

Haukur, sem var nýfermdur þegar auglýsingin var gerð, er nú orðinn stór. Hann er nýorðinn átján ára og er að stíga sín fyrstu skref með meistaraflokki Breiðabliks. Hann hefur spilað tvo leiki og skorað eitt mark.

Haukur segir það hafa verið gaman að leika í auglýsinguni. „Þetta var ákveðin reynsla. Gaman að fá að vinna með svona manni,“ segir Haukur en Eiður hefur ekki orðið á vegi hans eftir að auglýsingin var gerð.

Varðandi framtíðina segir Haukur: „Ætli stefnan sé ekki bara á atvinnumennskuna.“ Spurður hvort stefnan sé þá ekki einnig tekin á A-landslið Íslands og þá jafnvel að spila við hlið Eiðs í landsliðinu segir hann: „Það væri óskandi. Segjum við ekki bara að það sé líka stefnan.“

- shs



**HAUKUR LÍTILL** Þessi mynd var tekin af Hauki um sama leyti og auglýsingin var í gangi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**HAUKUR STÓR** Haukur er orðinn stór og farinn að spila með meistaraflokki Breiðabliks. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**ÓLI OG LEIÐSÖGUMAÐUR VIÐ FALLINN SPRINGBOK** Vígsluathöfnin fól í sér að Óli þurfti að éta bita af hrárri lifur úr dýrinu og blóði þess var makað framan í hann.

ÓLI TYNES: Á EKKI FYRIR ÞVÍ AÐ VEIÐA FÍL MEÐ BOGA

# Fréttahaukur veiðir antílópur og vörtusvín í Afríku

„Því miður var talsverður vindur og vonlaust að veiða með boga. Þá voru dregnir fram hólkarnir. Ég náði fallegum Springbok á um 250 metra færi med Sako .243 riffli. Með einu skoti – að sjálfsögðu,“ segir Óli Tynes fréttamaður á Vísi sem nú er staddur úti í henni Afríku þar sem hann er á veiðum.

Óli fór um síðustu mánaðarmót til Afríku. Hann hefur stundað veiðar um árabil og mestar þykir Óla um vert að veiða með boga en hann hefur stundað bogfimi lengi og þykir góður. Var Óli að vonast til þess að ná í þessari ferð að fella fíl með boga.

„Það litur hinsvegar ekki vel út með fílaveiðarnar. Það er verið að grisja stofninn vegna offjölgunar og það er vissulega hægt að kaupa leyfi til að veiða þá með boga. Sem er nátturlega draumurinn. Gallinn er sá að þau veiðileyfi kosta hálfan annan helling og þrjár glásir. Og á þeim smánarlaunum sem Baugur borgar vesalingi mínum hef eg ekki einu sinni efni á að drepa fíl á raðgreiðslum,“ segir Óli. Og telur sig því líklega verða að halda sig við antílópur og vörtusvín. Sem er svo sem í lagi. Af Springbok fæst eitthvert besta kjöt sem Óli hefur smakkað. „Og við skjótum nátturlega ekkert sem við ekki étum. Nema vörtusvínin sem teljast pest.“

Óli fór í fyrstu veiðiferðina um síðustu helgi. Það var á stórum búgarði 120 kílómetrum fyrir norðan hafnarborgina Port Elizabet a suðurodda landsins þar sem Óli heldur til að mestu. Búgarðinn reka hjónin Unnur Berglind Guðmundsdóttir og eiginmaður hennar Niel Jeppe. Þau eiga soninn Daniel sem er tæplega eins árs gamall. Unnur Berglind er dóttir Hennýar Hermannsdóttur.

„Á búgarðinum rækta þau nautgripi og strúta og selja kjötið um allan heim. Á búgarði þeirra eru finragóðar veiðilendur. Mikið af allskonar antílópum, vörtusvínum og fleiri tegundum. Það fylgir því sérstök vígsluathöfn að fella sitt fyrsta dýr í Suður Afríku. Ég varð að éta bita af hrárri lifur úr dýrinu og blóði úr því var makað framan í mig. Þegar ég var búinn að kyngja, fékk ég stórt glas af koniaki til að skola gumsinu niður. Ég er því innvígð lifraræta sem er mikill heiður hér í landi,“ segir Óli og biður að heilsa þeim á Íslandi sem nenna að þekkja sig.

jakob@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Bylgjan hefur nú blásið til stórsóknar og hyggst þræða kaupstaði landsins í sumar. Um síðustu helgi var öll hersingin á Selfossi við mikinn fögnuð en um þessa helgi verður hún á Akureyri. Útvarpað er frá viðkomandi kaupstöðum frá morgni til kvölds, allt frá Íslandi í bítið til Reykjavíkur síðdegis. Flugeldasýning ljósvakans mun þó vera á laugardögum frá rúmlega tólf til fjögur. Þá sest við míkrófóninn enginn annar en **Heeemmi Gunn** ásamt hinni síkátu Svansí.



Göngugarpar á Ægisíðu ráku upp stór augu í gær. Á æfingasvæði KR við Starhaga voru samankomin **Margrét Lára Viðarsdóttir**, Guðjón Þórðarson og Viktor Bjarki Arnarson. Veltu margir fyrir sér hvort Gaui og Margrét Lára hefðu gengið til liðs við KR. Það mun ekki vera svo. Verið var að taka upp auglýsingar og myndbönd fyrir heimasíðuna www.mlv.is sem verður opnuð innan skamms og er kostuð af Tryggingamiðstöðinni. Mun síðunni ætlað að renna sterkari stoðum undir þá uppbyggingu sem á sér stað í íslenskri kvennaknattspyrnu.



Veðurguðirnir stórbrotnu urðu fyrir því óláni að vera rændir um hábjarta sumarnótt. Greint var frá þessu á heimasíðu Monitors í gær. Strákarnir höfðu skilið bíl sinn eftir á plani Reykjavíkurflugvallar sem á að vera vaktað. Þjófurinn hafði á brott með sér gítar, sneriltrommu og ýmsa smáhluti. Engir þungir hlutir voru teknir og sagði Valgeir Þorsteinsson, trommuleikari Veðurguðanna, skýringu þess líklegast að „Þjófarnir hafa allavega ekki verið miklir kraftakarlar...“ - shs







FISKBÚÐIN HAFBERG Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.

Glæný línuýsa, lax, lúða, sköturselurgellur, sigin grásleppa.

Úrval fiskrétta á grillið



opið
mán-fös 10-18:15
og lau 11-14:00


# Hilux fyrir heimsmet í skeiði

„Þeir hjá Toyota hafa ákveðið að ef slegið verður heimsmet í skeiði á Landsmóti þá ætla þeir að gefa sigurvegaranum Toyota Hilux,“ segir Jóna Fanney Friðriksdóttir, framkvæmdastjóri Landsmóts.

Mikill hugur er í hestamönnum sem nú stefna margir á Landsmótið sem hefst á Hellu 30. júní og stendur til 6. júlí. Núverandi heimsmeistari – Sigurður Sigurðarson á Drífu frá Hafsteinsstöðum í Skagafirði – mun keppa á mótinu. Andvirði pallbílsins er 4,3 milljónir, hann er með 33“ breytingu, dráttarbeisli og skyggðum rúðum. Sigurður Ævarsson er mótsstjóri og segir allt eins geta farið svo að heimsmetið falli.



**JÓNA FANNEY OG KRISTINN G. BJARNASON HJÁ TOYOTA** Falli heimsmetið í skeiði þá gefa þeir hjá Toyota þennan bíl sem kostar 4,3 milljónir. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Toyota er aðalstyrktaraðili mótsins og líklegast er að þarna falli met,“ segir Sigurður spurður hvers vegna keppnin í skeiði hafi orðið fyrir valinu hvað áheitið snerti. „Þeir eru ekki að fara ódýru leiðina og ekki að lofa þessu í eitthvað sem er vonlaust. Alls ekki,“ segir Sigurður.

Heimsmetið er 7,18 sekúndur og var sett í fyrra en besti tími Drífu í sumar er 7,36 sek. Farnir eru hundrað metrar og þá ekki úr kyrrstöðu heldur er komið á fullri ferð inn í tímatöku. „Þannig að ekki þarf annað en smella fingrum og þá er þetta komið.“ Sigurður segir Drífu fá harða keppni því tvö hross, Ester frá Hólum og Hreinn frá Barkastöðum, hafa hlaupið á 7,36 sek. „Þetta verður til að hleypa spennu í keppnina. Þetta er fullorðins,“ segir Sigurður.

- jbg

www.ellingsen.is

# Sérsending!

Tilboðsverð á Utah **1.890.000 kr.**

Ekki missa af þessu!



**90%** FJÁRMÖGNUN

**Vorum að fá nokkur Utah-fellihýsi frá Fleetwood á sérlega hagstæðu verði ásamt aukahlutapakka í kaupbæti.**
**Fellihýsið er afgreitt strax og tilbúið í ferðalagið – þú bara hengir það aftan í bílinn.**

FLEETWOOD

12 fet




KASKÓ-TRYGGING í eitt ár

## Aukahlutapakki fylgir!

Sólarsella, þakskyggni, vifta með ljósi og kaskótrygging í eitt ár

Heildarverðmæti **220.975 kr.**

## Staðalbúnaður

- Saumlaust Fílon®-þak með sambyggðum Rack Track-teinum, engar berar þéttingar
- Vatnsþolnar eldhúsborðplötur með saumlausum köntum
- Rafhemlar og 5 bolta nafir
- Fjórir stuðningsfætur
- Sveif lyftikerfis þægileg í mittishæð
- Grjótþolnar TPO-plötur að aftan og framan
- Galvaníseraðar hliðarplötur úr stáli
- Grjót- og vatnsþolið geymsluhólf að framan úr steyptu plasti
- Stálgrind úr holum bitum
- E-Z Lube Axle™-öxull og öflugar Slipper-blaðfjaðrir
- Álfelgur með krómuðum róm og krómaðri miðju
- Gólf og rúmbotnar úr ósamsettum Structurwood-plötum
- Þykkir állistar umhverfis vagn eða rúm
- „Posi-Lock"-lyftikerfi úr ryðfríu stáli
- Hurð með álramma í einu lagi
- Undirstöður sæta með máluðum málmramma
- Áfastir rúmfætur
- Hurðarþrep með innbyggðu geymslurými
- Nefhjól sem leggst upp
- Varadekk, festing, felgulykill og vínylhlíf fyrir varadekk
- Skiptur Sunbrella® 302 tjalddúkur með gluggaflipum
- Gagnsæir vínylgluggar
- Sandskeifur
- Efri eldhússkápar velta ekki en sveiflast með fullri geymslugetu
- Djúpur postulínsvaskur
- 3 gashellur
- 9 kg LP-gaskútur og vínylhlíf fyrir gasgeymi
- 80 l vatnsgeymir undir gólfi
- Þétt svampdýna með áklæði
- 53 l gasísskápur
- 25 ampera straumbreytir með hleðslutæki
- 12 V rafknúin vatnsdæla
- Vatnsþolið matborð með saumlausum köntum
- Fóðruð tjöld fyrir gluggum og rúmum
- Skrautkappi allan hringinn
- Truma®-gashitari
- Truma®-vatnshitari
- FM/AM-útvarp/geislaspilari
- Klósett

## Aðrar upplýsingar

| | |
|---|---|
| • Árgerð | 2008 |
| • Rafgeymir | 12 V 115 amp |
| • Stærð opinn (lxb) | 765x358 cm |
| • Stærð lokaður (lxb) | 584x226 cm |
| • Lengd kassa | 12 fet |
| • Eigin þyngd | 1198 kg |
| • Heildarþyngd | 1587 kg |

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is • Opið mánud.–föstud. 10–18, laugard. 10–17 og sunnud. 13–17

Söluaðilar: BÍLASALA AKUREYRAR & BÍLASALA AUSTURLANDS

Ellingsen

– fullt hús ævintýra

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



SÉRBLAÐ FYLGIR
Europris
FRÁBÆR TILBOÐ!




BAKÞANKAR
Þórgunnar Oddsdóttur

## Búr bjarnarins mikla

Einhvern tíma hefði það eflaust þótt óviðeigandi að Íslendingar þyrftu á sjálfan lýðveldisdaginn að fá aðstoð Dana við að fella óboðinn þjóðhátíðargest. Sú var þó raunin í ár. Meðan þorri þjóðarinnar sleikti ís og keypti blöðrur steig fulltrúi hinnar áður drottnandi herraþjóðar á land eins og frelsandi hetja, vopnaður deyfibyssu og ísbjarnarbúri til að bjarga Íslendingum úr bjarnarklóm. Þar fór sjálfstæði þjóðarinnar fyrir lítið.

**ÞJÓÐ** sem ekki á ísbjarnarbúr er öðrum háð, það höfum við lært á undanförnum vikum. „Það er náttúrlega ekki til neitt búr hérna undir hann,“ sögðu menn til réttlætingar þegar fyrri björninn var felldur og gáfu í skyn að svona skepna þyrfti sérútbúið fangelsi sem ekki væri á allra færi að útbúa. Um leið og annar björn gerði sig heimakominn þótti vissara að kalla eftir útlendum bjargvætti og sterkbyggðu útlensku bjarnarbúri.

**SVO** kom Daninn með búrið. Í fréttum var greint frá rammgerðu ísbjarnarbúri á leið til landsins. Myndirnar leyndu því hins vegar ekki að þarna var aðeins á ferðinni ólögulegur kassi sem hvaða skagfirski bóndi með aðgang að hamri og logsuðutæki hefði getað slegið saman á örfáum mínútum. Og þetta var flutt til okkar, eftir sólarhringsbið, alla leið frá Danmörku daginn sem þjóðin fagnaði sjálfstæði sínu. Þvílík niðurlæging. Hvað ætli starfsmenn Dýragarðsins í Kaupmannahöfn haldi eiginlega um okkur. „Heyrðu, ég er víst að fara til Íslands að fanga bjarndýr.“ „Já blessaður taktu með þér nokkra gamla bjórkassa og járnabrakið þarna. Fer guttinn ekki með? Hann getur dundað sér við að smíða búr fyrir þessa vesalinga á leiðinni.“

**SÍÐAN** var brunað með kassaræksnið í Skagafjörðinn, gott ef ekki í lögreglufylgd, og klifað á því allan tímann meðan þjóðin beið frétta af afdrifum bjarnarins að rammgert, já rammgert ísbjarnarbúr, væri á leiðinni. Allir þekkja framhaldið. Búrið fer líklega aftur til Danmerkur ónotað þar sem það nýtist eflaust sem kartöflugeymsla eða moltukassi. Til allrar hamingju er nú unnið að viðbragsáætlun svo við þurfum ekki að hringja í Dani næst þegar hvítabirnir ganga á land. Áætlunin kveður eflaust á um að réttur búnaður þurfi að vera til staðar. Þar er almennilegt bjarnarbúr auðvitað lykilatriði. Einhver fær vinnu við að smíða það. Við skulum bara vona að það verði rammgert. Já, virkilega rammgert.



### GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 20. júní, 173. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 2.55 | 13.30 | 0.03 |
| Akureyri | 1.29 | 13.14 | 1.00 |

*Heimild: Almanak Háskólans*





**Parque del Sol - Tenerife**



Mjög gott íbúðahótel, vel staðsett í einungis 300 metra fjarlægð frá ströndinni. Ekta fjölskyldustaður þar sem íbúðirnar eru byggðar umhverfis glæsilegt sundlaugasvæði.

Verðdæmi: **115.873,-**

á mann m.v. 2 með 2 börn í 17 nætur, 17. desember
Verð á mann m.v. 2 fullorðna **168.775,-**

**Barbados - Gran Canaria**



Íbúðahótel sem er á frábærum stað fyrir miðri ensku ströndinni. Hentar vel fyrir þá sem vilja líf og fjör dag og nótt. Í nágrenni er mikið af verslunum, veitingastöðum, kaffihúsum og börum.

Verðdæmi: **85.658,-**

á mann m.v. 2 með 2 börn í 15 nætur, 18. desember
Verð á mann m.v. 2 fullorðna á Hotel Las Camelias **104.273,-**

**Innifalið:** Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu.
Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

Ekkert jafnast á við paradísina Tenerife. Hvítar strandir ná alla eyjuna um kring, villtur gróður þekur miðbikið, en verslanir og veitingahús í hæsta gæðaflokki finnast í borgarbyggðum. Tenerife skortir ekkert.

Gran Canaria er þriðja stærsta Kanaríeyjan en jafnframt sú langvinsælasta hjá íslenskum ferðamönnum. Þetta er engin tilviljun, þessi eldfjallaeyja er rík af ströndum, sól og fagurri náttúru, sem tugþúsundir Íslendinga hafa nýtt sér til hins ýtrasta.

**Ódýrustu sætin bókast fyrst!**

ÚRVAL·ÚTSÝN

ÚRVAL ÚTSÝN - LÁGMÚLA 4 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 585 4000 - FAX 585 4065 - INFO@UU.IS